

HALLDÓR
skoðun 18




2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Föstudagur



Er matráðurinn að fara í frí?

ISS leysir málin

ISS býður upp á aðsendan mat og þjónustu tengda því

ISS

Heimasíða: www.iss.is
Netfang sala@iss.is
Sími 5 800 600

# FRÉTTABLAÐIÐ

Föstudagur
6. maí 2011
104. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

10 ÁRA 2001-2011

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar – mars 2011



**Í fremstu röð**

*Hilma Hólm er talin einn fremsti vísindamaður heims í erfðafræði hjartasjúkdóma.*

**föstudagsviðtalið 16**

★★★★★

**Fullt hús í Hörpu**

*Jónas Sen var ánægður með fyrstu tónleikana í Hörpu.*

**menning 30**



**Sænskir meistarar**

*Jakob Örn Sigurðarson og Hlynur Bæringsson urðu í gær Svíþjóðarmeistarar í körfubolta.*

**sport 38**

**veðrið í dag**




**BJART N-TIL** Í dag má búast við 15-20 m/s allra syðst en hægari vindi annars staðar. Horfur á lítilsháttar vætu víða við S- og SA-ströndina en norðantil verður nokkuð bjart.Hlýjast inn til landsins S- og V-til.

**VEÐUR 4**

# Stöðva 9 milljarða til íþrótta

**Borgin hefur samið við íþróttafélög um frestun á lofuðum framkvæmdum fyrir 9.390 milljónir króna. Aðeins er framkvæmt fyrir 1.038 milljónir. Í gær var gengið frá frestun á 2.859 milljóna króna framkvæmdum hjá Fram.**

**REYKJAVÍKURBORG** Með samþykkt borgarráðs á viðaukasamningi við Knattspyrnufélagið Fram hefur borgin nú samið um frestun á alls 9.390 milljóna virði af framkvæmdum sem hún hafði lofað að greiða fyrir fimm íþróttafélög.

Eftir að borgin endursamdi við félögin fimm standa eftir framkvæmdir fyrir 1.038 milljónir af fyrri loforðum frá árunum 2006 til 2008 um 10.428 milljónir króna.

Dagur B. Eggertsson, formaður borgarráðs, segir að auk framlags til framkvæmda hafi verkefnin falið í sér nær milljarð króna í árlegum rekstri að öllu meðtöldu.

„Þessir samningar fóru langt fram úr því sem borgin gæti ráðið við, jafnvel þótt hér hefði verið bullandi góðæri út í eitt. Jafnframt er umhugsunarefni að sumir samninganna voru lagðir fram án þess að heildarkostnaður eða

**Fyrirheit um fé og endurskoðun 2009-11**

| Íþróttafélag | Fyrirheit um framkvæmdir | Hætt við eða frestað ótímabundið | Frestað tímabundið |
|---|---|---|---|
| **Fjölnir 2007** | **3.200** | | |
| Fallið frá framkvæmdum með samningi 2009 | | 2.900 | |
| **Fram 2008** | **3.367** | | |
| Viðaukasamningur 2011 | | | 2.859 |
| **Fylkir 2006** | **1.550** | | |
| Fallið frá framkvæmdum með samningi 2010 | | 1.150 | |
| **GR 2006** | **311** | | |
| Fallið frá samkv. endurskoð. samningi 2010 | | 81 | |
| **ÍR 2006** | **2.000** | | |
| Ótímabundin frestun framkvæmda | | 2.000 | |
| **Samtals** | **10.428** | **6.531** | **2.859** |

HEIMILD: REYKJAVÍKURBORG, FJÁRMÁLASKRIFSTOFA

sú skuldbinding sem í þeim fælist lægi fyrir, þannig að tölurnar sem fylgdu sögðu aðeins hluta sögunnar. Af þessu öllu þurfum við sannarlega að læra,“ segir Dagur.

Allir fulltrúar í borgarráði nema fulltrúi VG greiddu atkvæði með samningum við Fram í gær. Önnur félög sem málið snertir eru Fjölnir, Fylkir, ÍR og Golfklúbbur Reykjavíkur.

Fjölnir fékk á árinu 2007 samning um 3.200 milljónir króna. Samið var um það á árinu 2009 að fresta eða hætta við framkvæmdir fyrir 2.900 milljónir af upphæðinni. Fram fékk fyrirheit um 3.367 milljónir á árinu 2008 en með samningnum sem fyrr er nefndur er 2.859 milljónum af því frestað. Á árinu 2006 var Fylki lofað 1.550 milljónum en fallið var frá því með samningi í fyrra.

Golfklúbbur Reykjavíkur fékk samning um 311 milljónir á árinu 2006 en í fyrra var skorin 81 milljón af þeirri upphæð.

Þá fékk ÍR fyrirheit á árinu 2006 um 2.000 milljónir. Þeim framkvæmdum er öllum frestað.

„Þetta er mjög mikilvægt fyrir borgina vegna fjárhagsstöðu hennar,“ segir formaður borgarráðs. „En þetta sýnir líka að íþróttafélögin í Reykjavík eru ekki aðeins metnaðarfull heldur líka ábyrg og raunsæ. Fyrir það erum við þakklát og getum raunar verið stolt.“ **- gar**



**LOKS Í HÖFN** Forsvarsmenn atvinnurekenda og ASÍ handsöluðu í gær kjarasamninga til þriggja ára. Á milli þeirra Vilmundar Jósefssonar og Gylfa Arnbjörnssonar stendur Magnús Pétursson ríkissáttasemjari. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Þriggja ára kjarasamningar milli ASÍ og SA loks undirritaðir:

## Samningar undirstaða hagvaxtar

**KJARAMÁL** Vonast er til þess að kjarasamningarnir sem Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins undirrituðu í gær verði undirstaða stöðugleika, hagvaxtar og öflugs atvinnulífs næstu þrjú árin.

Í samningunum felast meðal annars almennar launahækkanir og hækkun lágmarkslauna. Einnig eru í þeim fyrirvarar um víðtækar aðgerðir stjórnvalda til að auka kaupmátt og fjárfestingu og draga úr atvinnuleysi.

Í yfirlýsingu stjórnvalda, sem var kynnt eftir að samningarnir voru í höfn, eru áætlanir um margs konar aðgerðir, meðal annars stórauknar opinberar framkvæmdir og sókn í orku- og iðnaðarmálum.

Opinberar fjárfestingar verða auknar um þrettán milljarða fram að lokum næsta árs og gangi öll virkjanaráform Landsvirkjunar í Þingeyjarsýslum eftir gætu fjárfestingar þar numið um sjötíu til áttatíu milljörðum króna. Þá er tryggt að lífeyrisþegar og atvinnulausir fái sömu kjarabætur og felast í samningunum. **- þj /** **sjá síðu 4**

Fékk 24 milljóna styrk:

## Gerir tölvuleik upp úr íslenskri teiknimynd

**FÓLK** Teiknimyndafyrirtækið CAOZ hefur stofnað dótturfyrirtækið CAOZ Games utan um hönnun á tölvuleik upp úr teiknimynd fyrirtækisins Hetjur Valhallar – Þór.



**HAUKUR SIGURJÓNSSON**

Búist er við því að tölvuleikurinn líti dagsins ljós á næsta ári en myndin sjálf verður frumsýnd í haust. Tölvuleikjagerðin fékk nýverið 24 milljóna króna styrk úr evrópska sjóðnum MEDIA. Framkvæmdastjóri CAOZ Games, Haukur Sigurjónsson, segir styrkinn vera kærkominn enda ekki um auðugan garð að gresja þegar kemur að fjáröflun til tölvuleikjagerðar. **- fgg /** **sjá síðu 58**









## SPURNING DAGSINS



*Stefán, voruð þið ekki hræddir um að þakið myndi rifna af húsinu?*

„Við höfum haft næg áhyggjuefni en þetta var ekki eitt af þeim.“

Stefán Hermannsson er framkvæmdastjóri félagsins Austurhafnar sem á tónlistarhúsið Hörpuna sem Sinfóníuhljómsveit Íslands vígði í fyrrakvöld við gríðarmikinn fögnuð gesta.

Forseti Bandaríkjanna minntist þeirra sem létust í árásinni á Tvíburaturnana:

# Táknræn minningarathöfn í New York

**BANDARÍKIN** Barack Obama, forseti Bandaríkjanna, minntist í gær þeirra sem létust í hryðjuverkaárásunum á Tvíburaturnana í New York 11. september árið 2001 og lagði blómsveig þar sem turnarnir stóðu. Forsetinn hélt enga ræðu. Að athöfninni lokinni ræddi hann við aðstandendur og slökkviliðsmenn.

Þetta var fyrsta opinbera heimsókn Obama á staðinn þar sem turnarnir stóðu. Um þrjú þúsund manns létust í árásunum.

Á sama tíma lagði varaforsetinn Joe Biden blómsveig við Pentagon, varnarmálaráðuneyti Bandaríkjanna. Þar létust 184 í hryðjuverkaárás sama dag.

Bandaríska stórblaðið Washington Post tók svo til orða um athöfnina að hún hefði öðru fremur verið táknræn. Bandarískir sérsveitarmenn felldu Osama bin Laden, leiðtoga hryðjuverkasamtakanna al-Kaída, á dvalarstað hans í borginni Abbottabad á mánudag. Hann hefur lengi verið grunaður um að hafa lagt á ráðin um hryðjuverkin. Í dag mun forsetinn ræða við bandaríska hermenn er þeir koma heim eftir dvöl í Afganistan. Á meðal þeirra eru nokkrir sérsveitarhermenn sem felldu bin Laden. - jab



**FÓRNARLAMBA MINNST** Barack Obama lagði blómsveig að grunni Tvíburaturnanna í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Stóð á gati um virði skulda:

## Allt á huldu um 52 milljarða

**VIÐSKIPTI** Fjármálaráðuneytið hefur ekki upplýsingar um virði skuldabréfa fjármálafyrirtækja sem Eignasafn Seðlabankans hefur eignast.

Þetta kemur fram í svari Steingríms J. Sigfússonar fjármálaráðherra við fyrirspurn Kristjáns Þór Júlíusson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins. Kristján spurði um verðmat skuldabréfa sem VBS Fjárfestingarbanki og Saga Capital gáfu út upp á 46 milljarða króna auk sex milljarða bréfs sem Askar Capital gaf út. - jab



**HORFUR RÆDDAR** Mervyn King, seðlabankastjóri Bretlands, ræðir hér við Yoon Jeung-hyun, fjármálaráðherra Suður-Kóreu. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Óbreyttir stýrivextir í Evrópu:

## Lágvaxtastefna líklega á enda

**EFNAHAGSMÁL Englandsbanki og evrópski seðlabankinn héldu báðir stýrivöxtum óbreyttum á vaxtaákvörðunarfundum sínum í gær. Þetta er nokkuð í takt við væntingar greiningaraðila.**

**Stýrivextir í Bretlandi hafa staðið í hálfu prósenti síðan í apríl árið 2008. Vextir á evrusvæðinu voru á hinn bóginn hækkaðir um fjórðung úr prósentustigi í síðasta mánuði og standa í 1,25 prósentum. Reutersfréttastofan segir því almennt spáð að evrópski evrópski seðlabankinn hækki stýrivexti í smáskrefum út árið og þeir verði 1,75 prósent við árslok.** - jab

# Skila tíu milljónum umbúða á mánuði

**Íslendingar skila um tíu milljónum flaskna og dósa til Endurvinnslunnar í hverjum mánuði. Hlutfallið er 85 prósent af seldri vöru. Endurvinnslan endurgreiddi í fyrra 1,2 milljarða króna. Hver Íslendingur drekkur um eina flösku á dag.**

**NEYTENDUR** Hlutfall einnota drykkjarumbúða sem skilað er til Endurvinnslunnar hf. er nú 85 prósent af seldri vöru. Fyrir hrun var hlutfallið 77 prósent árin 2007 og 2008, að sögn Helga Lárussonar framkvæmdastjóra fyrirtækisins sem í fyrra greiddi til baka um 1,2 milljarða króna fyrir umbúðirnar.

„Við fáum í hverjum mánuði um tíu milljónir af því sem flokkast undir einnota umbúðir utan um gosdrykki, ávaxtadrykki, bjór og áfengi. Það þýðir að hver Íslendingur drekkur um eina flösku á dag að meðaltali. Þetta magn hefur minnkað um tvö prósent síðan mest var drukkið fyrir kreppu,“ segir Helgi.

Skilagjaldið hækkaði úr tólf krónum í fjórtán krónur um áramótin. „Skilakerfið virkar í raun þannig að kaupendur geta fengið endurgreitt þær fjórtán krónur sem framleiðendur og innflytjendur leggja á vörurnar. Þetta gjald fylgir breytingum á neysluvísitölunni. Áður voru flöskur og dósir við alla vegarkanta. Þess vegna var ákveðið að setja þetta gjald á. Lögin um Endurvinnsluna snúast um náttúruvernd,“ greinir Helgi frá.

Endurvinnslan flytur út og selur allar plast- og álumbúðirnar og voru tekjurnar af sölunni rúmlega 200 milljónir króna í fyrra. Á hverju ári eru um 700 tonn af áli og 1.800 tonn af plasti flutt utan. Glerið er aðallega notað til landfyllingar og við undirbyggingu vega en það er jafnframt verið að gera tilraunir með notkun glermulnings í malbik. Verið er að reyna að finna fleiri leiðir til þess að endurvinna gler, að sögn Helga.

Fyrirtækið sér eitt um móttöku allra einnota drykkjarvöruumbúða og er með móttökustöðvar víða um landið. „Okkur er gert að sækja um allt land og koma í útflutning. Flutningsgjöld af landsbyggðinni eru há og svo fá skipafélögin líka hluta af þessu. En menn geta bara ímyndað sér hvernig ruslahaugar landsmanna litu út hefði skilagjaldi ekki verið komið á.“

Helgi bendir á að góðgerðarfélög fái töluverðar tekjur af söfnun og móttöku einnota umbúða. „Við erum með góða samvinnu við ýmis þeirra og þau njóta stuðnings margra. Stuðningurinn við þau er víðtækur um allt land.“

ibs@frettabladid.is






## Nýskráning ökutækja

| Mánuður | 2010 | 2011 | Aukning |
|---|---|---|---|
| Janúar | 212 | 305 | 43,9% |
| Febrúar | 181 | 284 | 56,9% |
| Mars | 298 | 327 | 9,7% |
| Apríl | 198 | 503 | 154,0% |
| **Alls:** | **889** | **1.419** | **59,6%** |

*Heimild: Umferðarstofa*

Aukningin er tæp 60 prósent:

## Nýskráningum fjölgar milli ára

**EFNAHAGSMÁL Mun fleiri ökutæki hafa verið nýskráð hjá Umferðarstofu það sem af er árinu í samanburði við sama tímabil í fyrra.**

**„Frá 1. janúar til 30. apríl hafa 1.419 ökutæki verið nýskráð en þau voru 889 eftir jafn langt tímabil á síðasta ári,“ segir í frétt Umferðarstofu, en aukningin milli ára nemur 59,6 prósentum. Um er að ræða allar tegundir skráðra ökutækja. „Fjölgunin er langmest í aprílmánuði, en í ár voru 503 ökutæki skráð, en 198 árið á undan. Þessi aukning í apríl 2011 skýrist fyrst og fremst af því að nýskráningum fólksbifreiða hefur fjölgað gífurlega.“** - óká

Óvenjuleg útköll lögreglu:

## Hrópað á hjálp úr kirkjuturni

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu fékk í fyrrakvöld tilkynningu um mann í nauðum en sá hrópaði á hjálp úr kirkjuturni. Þegar lögreglan kom á vettvang kom í ljós að verið var að taka upp kvikmynd og engin hætta var á ferðum.

Lögreglan fékk annað óvenjulegt útkall þegar hún var kölluð á stað þar sem maður hafði verið sleginn með golfkylfu. Hann slasaðist lítillega en þegar lögreglan kom á vettvang fékk hún þær útskýringar að um óviljaverk hefði verið að ræða. Kylfingurinn hefði verið að æfa golfsveifluna og þolandinn staðið of nálægt. - th

DALA FETA FYRIR ÞÁ SEM GERA KRÖFUR




ms.is

Stefnt að því að gera Öskjuhlíðina í Reykjavík að miðstöð útvistar og lýðheilsu:

# Gæti svipað til Central Park

**NÁTTÚRA** „Okkur finnst náttúruperlan Öskjuhlíð lítið kynnt þótt hún sé nálægt Nauthólsvík, frábærum gönguleiðum og stríðsminjum,“ segir Dagur B. Eggertsson, formaður borgarráðs Reykjavíkurborgar.

Borgarráð samþykkti í gærmorgun að setja á laggirnar starfshóp sem myndi í samstarfi við Reykjavíkurborg, Háskólann í Reykjavík og Skógræktarfélag Íslands móta framtíðarstefnu um skipulag Öskjuhlíðar. Horft er til þess að byggja þar upp alhliða útivistarsvæði jafnt fyrir börn sem fullorðna. „Hugmyndir hafa verið uppi um að endurskoða gróðurstefnuna í Öskjuhlíð og grisja betur. Jafnvel setja upp lund með ávaxtatrjám,“ segir Jóhann Hlíðar Harðarson, forstöðumaður almannatengsla Háskólans í Reykjavík. Hann bendir á að síðustu ár hafi verið sýnt fram á að rækta megi ávaxtatré í borginni.

„Okkur finnst að það eigi að kynna Öskjuhlíðina betur fyrir fólki, ekki síst útlendingum. Hún gæti orðið okkar Central Park. Þannig sjáum við hana fyrir okkur,“ segir hann.



**PERLAN Í ÖSKJUHLÍÐ** Stefnt er að því að gera Öskjuhlíðina að útivistarperlu. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Á morgun verður Öskjuhlíðardagurinn haldinn í fyrsta sinn. Þar verður margt í boði, stríðsminjar kynntar, farið í ratleiki og margs konar uppákomur í boði. - jab




Einn af ótal kostum N1 kortsins

# BETRA VERÐ Á ÞJÓÐHÁTÍÐ

Lífið er yndislegt - fyrir N1 korthafa. Ef þú ert með N1 kort þá getur þú tryggt þér miða á Þjóðhátíð í Eyjum, skemmtilegustu og vinsælustu útihátíð landsins, á frábæru tilboðsverði í sérstakri N1 forsölu á www.n1.is. N1 forsalan stendur til miðnættis föstudaginn 13. maí. Tryggðu þér miða!

ÞJÓÐHÁTÍÐ 2011

VERÐ FYRIR N1 KORTHAFA:
**AÐEINS 12.900 KR.**
ALMENNT VERÐ: 16.900 KR.
Forsala á www.n1.is stendur til miðnættis föstudaginn 13. maí. Tryggðu þér miða!

TUBORG
pepsi MAX

Meira í leiðinni
N1

Fiton/SÍA

## GENGIÐ 05.05.2011

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 111,20 | 111,74 |
| Sterlingspund | 183,48 | 184,38 |
| Evra | 164,75 | 165,67 |
| Dönsk króna | 22,09 | 22,22 |
| Norsk króna | 20,767 | 20,889 |
| Sænsk króna | 18,165 | 18,271 |
| Japanskt jen | 1,3952 | 1,4034 |
| SDR | 180,27 | 181,35 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
218,1827

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Forseti Alþingis hafnar því að birta athugasemdir Björgólfs Thors á vef Alþingis:

# Vefur Alþingis er ekki bloggsíða

**ALÞINGI** Beiðni Björgólfs Thors Björgólfssonar athafnamanns um að fá að birta athugasemd við skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis á vefsvæði þingsins hefur verið hafnað.

„Heimasíða Alþingis er ekki bloggsíða heldur upplýsingasíða fyrir þjóðþingið,“ segir Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, forseti Alþingis.

Björgólfur Thor hefur birt margvíslegar athugasemdir við efni skýrslunnar á vef sínum. Hann óskaði eftir því að fá þær athugasemdir birtar á vef Alþingis, þar sem skýrslan er vistuð. Ásta segir ekki hafa komið til greina að birta athugasemdir við skýrsluna á vef þingsins, eða standa fyrir umræðum um hana á þeim vettvangi. Vefútgáfa skýrslunnar sé aðalútgáfa skýrslunnar og endanleg rit rannsóknanefndarinnar.

Nóg sé af öðrum síðum á netinu til að ræða efni hennar og gera athugasemdir.

„Björgólfur hefur þegar birt athugasemdirnar á sinni vefsíðu, svo það er búið að birta þær,“ segir Ásta. „Vegna þessa get ég ekki fallist á þetta erindi hans.“

Björgólfur Thor er sá eini sem óskað hefur eftir því við Alþingi að fá að birta athugasemdir við skýrsluna á vef þingsins, segir Ásta. **- bj**


ÁSTA RAGNHEIÐUR JÓHANNESDÓTTIR


BJÖRGÓLFUR THOR BJÖRGÓLFSSON

Dómsmál í Noregi:

## Fær skaðabætur vegna eineltis

**NOREGUR Fyrrverandi nemanda í barnaskóla í Kristiansand í Noregi hafa verið dæmdar skaðabætur fyrir áralangt einelti sem hann mátti þola á skólagöngu.**

**Bæjaryfirvöld í Kristiansand þurfa nú að greiða manninum, sem er þrítugur í dag, rúmar 27 milljónir íslenskra króna. Maðurinn greindist með áfallastreituröskun eftir andlegt og líkamlegt ofbeldi sem yfir hann gekk og var það niðurstaða réttarins að skólayfirvöld hefðu getað gripið inn í. - þj**



**DÆLT Á BÍLINN** Neytendur hafa hert takið um budduna eftir því sem verð á olíu og eldsneyti hefur hækkað. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hrávöruverð lækkar mikið:

## Olían á svipuðu róli og í mars

**VIÐSKIPTI** Heimsmarkaðsverð á hráolíu féll, þegar mest var, um 8,2 prósent á bandarískum fjármálamörkuðum í gær í kjölfar gengisstyrkingar Bandaríkjadals.

Olíuverðið fór undir hundrað dali á tunnu og hefur það ekki verið lægra síðan í mars. Hátt olíuverð hefur dregið mjög úr eftirspurn eftir eldsneyti vestra, að sögn Bloomberg-fréttastofunnar.

Svipuð þróun var á verði annarrar hrávöru, svo sem silfurs, sem lækkaði um 8,4 prósent. Silfurverðið hefur nú lækkað um tæp þrjátíu prósent frá í apríl. **- jab**

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**Fundu 30 kannabisplöntur**

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu stöðvaði kannabisræktun í húsi í Hafnarfirði í fyrrakvöld. Við húsleit fundust um þrjátíu kannabisplöntur en á sama stað var einnig lagt hald á ýmsan búnað sem tengist starfsemi sem þessari. Karl á fimmtugsaldri var yfirheyrður og játaði hann aðild sína að málinu.

### LEIÐRÉTTING

Nöfn Eysteins Þórðarsonar og Hróbjarts Arnfinnssonar vantaði í upptalningu yfir þá sem lentu í 2. til 4. sæti í myndasögukeppni Ókeibæ-kur. Þeir sömdu verkið Jötunmóð ásamt Magnúsi Ingvari Ágústssyni.

# Samningar til þriggja ára háðir ýmsum fyrirvörum

**Þriggja ára samningar SA og ASÍ voru undirritaðir í gær. Kveða meðal annars á um eingreiðslu, almennar launahækkanir og 200 þúsund króna lágmarkslaun. Fyrirvarar settir um jákvæða þróun efnahagsmála.**

**KJARAMÁL** Aðilar vinnumarkaðarins undirrituðu í gær kjarasamning til þriggja ára sem munu tryggja félagsmönnum Alþýðusambands Íslands (ASÍ) almennar launahækkanir upp á 4,25 prósent um næstu mánaðamót og 3,5 og 3,25 prósenta hækkanir á næstu tveimur árum. Samningarnir eru þó háðir ýmsum fyrirvörum um þróun mála.

Fyrir utan fyrrnefndar hækkanir hækka lægstu mánaðarlaun fyrir fulla vinnu upp í 204 þúsund á samningstímanum og launþegar í fullu starfi fá 50 þúsund króna eingreiðslu um næstu mánaðamót.

Við undirskriftina í gær féllust forvígismenn ASÍ og Samtaka atvinnulífsins (SA) í faðma enda lauk með því einhverri hörðustu samningarimmu síðari ára. Samningaferlið hefur staðið frá síðasta hausti og var farið að hilla undir víðtækar verkfallsaðgerðir. Kröfur SA um að framtíðarskipulag sjávarútvegsmála yrði útkljáð voru einn af helstu ásteytingarsteinunum viðræðnanna, en í yfirlýsingu stjórnvalda kom fram að frumvarp um stjórn fiskveiðimála yrði kynnt hagsmunaaðilum í sjávarútvegi áður en það yrði lagt fram á þingi.

Sérstök endurskoðunarákvæði eru í samningunum, en þau lúta að því að kaupmáttur aukist, verðlag haldist stöðugt, gengi krónunnar styrkist og stjórnvöld standi við fyrirheit um aðgerðir í efnahags-, atvinnu- og félagsmálum.

Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, sagði í samtali við Fréttablaðið að undirskrift samninga væri léttir.

„Það er mikið fagnaðarefni að ná að ljúka þessu og að mínu mati eru álitlegir kjarasamningar hér í höfn. Ekki bara út af launahækkunum, heldur er hér komið samkomulag um uppbygginguna næstu þrjú árin.“

> „... að mínu mati eru álitlegir kjarasamningar hér í höfn.
>
> GYLFI ARNBJÖRNSSON FORMAÐUR ASÍ

Gylfi telur að of mikið hafi verið gert úr hugsanlegum áhrifum launahækkana á verðlag og bendir á að í þeim felist talsverð innspýting fyrir hagkerfið.

Vilmundur Jósefsson, forseti SA, geldur varhug við þeim hækkunum sem eru ekki í samræmi við stefnu samtakanna. Kostnaðarauki atvinnurekenda á samningstímanum er áætlaður um 12,6 prósent. „Þetta er svolítið glannalegt, en ég vona að þetta skili sér þó að maður beri ákveðinn kvíðboga í brjósti. Þetta er hins vegar niðurstaðan og við leggjum tvímælalaust til að samningarnir verði samþykktir.“

Varðandi sjávarútvegsmálin segir Vilmundur aðspurður að SA sé sátt við útspil stjórnvalda. „Við látum það nægja til að ná samningum. Við vildum fá að koma að efnislegri umræðu um málið og að sjávarútveginum yrðu sköpuð góð rekstrarskilyrði. Það er hvort tveggja inni í myndinni hjá ríkisstjórninni og við ætlumst til að hún standi fullkomlega við það.“

Samningarnir verða nú lagðir fyrir aðildarfélög ASÍ og SA og má sennilega vænta niðurstöðu um miðjan mánuð. **thorgils@frettabladid.is**



**SAMNINGUM FAGNAÐ** Í samræmi við hefðir voru vöfflur í boði í húsakynnum Ríkissáttasemjara þegar kjarasamningar voru í höfn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

### Helstu atriði kjarasamninga

**Almenn launahækkun:**

| | |
|---|---|
| 2011 | 4,25% |
| 2012 | 3,50% |
| 2013 | 3,25% |

**Lágmarkslaun:**

| | |
|---|---|
| 2011 | 182.000 |
| 2012 | 193.000 |
| 2013 | 204.000 |

**Aukagreiðslur:**

| | |
|---|---|
| Eingreiðsla 1. júní | 50.000 |
| Álag á orlofsuppbót 2011 | 10.000 |
| Álag á desemberuppbót 2011 | 15.000 |

**Jöfnun lífeyrisréttinda** Fyrir árslok 2012 verði komin niðurstaða um samræmt og sjálfbært lífeyriskerfi alls launafólks á vinnumarkaði.

### Fyrirvarar í kjarasamningum

Eftirfarandi fyrirvarar verða metnir í upphafi árs 2012 og 2013. Standist þeir ekki munu aðilar funda um aðgerðir en náist ekki samkomulag munu samningarnir falla úr gildi.

1. Kaupmáttur launa aukist samkvæmt launavísitölu Hagstofu Íslands.
2. Verðlag haldist stöðugt á samningstímanum og að verðbólga verði innan við 2,5% í desember 2012.
3. Að gengi krónunnar styrkist marktækt frá gildistöku samningsins til loka árs 2011 og að gengisvísitala íslensku krónunnar verði innan við gildið190 í desember 2012.
4. Að stjórnvöld standi við gefin fyrirheit í efnahags-, atvinnu-, og félagsmálum.




Rýmingarsala á málverkum

Gallery Art 2b

Erum á móti IKEA

Kauptún 3 - Garðabær - S. 5 33 22 00 - www.art2b.is


## VEÐURSPÁ



Soffía Sveinsdóttir veðurfréttamaður

**VOR Í LOFTI** Í dag og á morgun mun blása nokkuð við S-ströndina en annars verður vindur fremur hægur um helgina. Í dag og morgun má búast við björtu veðri norðantil en á sunnudaginn snýst í NA-átt. Þá léttir til sunnanlands en þykknar heldur upp fyrir norðan og austan.



**Á MORGUN**
4-7 m/s en hvassara með S-ströndinni..

**SUNNUDAGUR**
Hæg NA-læg átt en hvassara vestantil.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 21° |
| Basel | 22° |
| Berlín | 21° |
| Billund | 17° |
| Frankfurt | 22° |
| Friedrichshafen | 25° |
| Gautaborg | 14° |
| Kaupmannahöfn | 14° |
| Las Palmas | 20° |
| London | 21° |
| Mallorca | 23° |
| New York | 22° |
| Orlando | 30° |
| Ósló | 14° |
| París | 24° |
| San Francisco | 16° |
| Stokkhólmur | 10° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*




## BBQ KJÚKLINGALUNDIR MEÐ GRÁÐAOSTASÓSU snakk fyrir 4

*að hætti Rikku*

600 g kjúklingalundir
100 g heilhveiti
salt og nýmalaður pipar
200 ml létt AB-mjólk
smjör eða olía til steikingar
300 ml BBQ-sósa
3 msk smjör brætt
Tabasco-sósa, eftir smekk

Hitið ofninn í 200°C. Kryddið hveitið með salti og pipar. Veltið vængjunum upp úr AB-mjólkinni og síðan upp úr hveitinu. Steikið á meðalheitri pönnu í 2-3 mínútur á hvorri hlið og raðið á pappírsklædda ofnplötu og bakið í 10 mínútur. Hrærið saman BBQ-sósu og brædda smjörinu og kryddið með Tabasco-sósunni. Veltið kjúklingavængjunum upp úr sósunni og berið fram með gráðaostasósunni.

**GRÁÐAOSTASÓSA**

200 ml sýrður rjómi 10%
50 g gráðaostur, rifinn
½ tsk sellerísalt
nýmalaður pipar

Öllu hrært saman og borið fram með kjúklingavængjunum.

NÆRINGARGILDI LDS*
Kcal: 670/ 34% LDS
Prótein: 29.6 g/59% LDS
Kolvetni: 72.6 g/ 24% LDS
Fita: 30 g/ 46% LDS
Trefjar: 5 g/ 19% LDS
Járn: 3.7 mg/ 20% LDS

*Leiðbeinandi dagsskammtur (LDS) miðast við 2.000 kcal (hitaeininga) orkuþörf.




**Ungnautapiparsteik** | **Ribeye** | **Svínaofnsteik** að dönskum sið | **Bláberjalegið lambalæri** án rófubeins

## BERJADAGAR

*ferskt með flugi!* *ferskt með flugi!*



Jarðarber | Bláber | Hindjarðarber | Hindber | Brómber | Rifsber | Blæjuber




**24 OPIÐ** ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

Gildir til 8. maí á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

## KJÖRKASSINN



*Tókst vel til með byggingu tónlistarhússins Hörpu?*

| | |
|---|---|
| Já | 51,6% |
| Nei | 48,4% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Líst þér vel á nýju kjarasamningana?*

Segðu skoðun þína á visir.is

vísir

Vísindamenn kynna örþunna og sveigjanlega pappírstölvu í Bandaríkjunum:

# Mun gjörbylta tölvutækninni

**BANDARÍKIN** Bandarískir vísindamenn hafa kynnt afar þunna lófatölvu sem þeir kalla pappírstölvu. Þessari örþunnu og sveigjanlegu tölvu er líkt við framúrstefnulegan iPhone-síma, enda getur hún gert flest sem síminn getur.

„Þetta er framtíðin, svona verður þetta orðið eftir fimm ár," segir Roel Vertegaal, yfirmaður tölvuþróunardeildar Queens-háskóla í Bandaríkjunum, þar sem tölvan var þróuð. Snjallsímar í dag verði úreltir eftir fimm til tíu ár.

„Þessi tölva er eins og lítið gagnvirkt blað. Maður getur sveigt það til og notað sem farsíma, sveigt hornin til að fletta blaðsíðum og skrifað á það með penna til að koma upplýsingum inn í tölvuna."

Stærri útgáfur af tölvunni munu í framtíðinni leysa pappír á skrifstofum af hólmi, segir Vertegaal. Hægt verður að geyma mörg skjöl á slíkum tölvum og skrifa inn á þau með sérstökum pennum. Tölvurnar nota enga orku nema þegar þær eru í notkun, og þola meðferð sem myndi skemma aðrar spjaldtölvur.

Pappírstölvan verður frumsýnd 10. maí á tækniráðstefnu í Vancouver í Kanada. **- bj**



**SMÁGERÐ** Nýja pappírslófatölvan á að geta flest sem iPhone-síminn getur. Hægt er að hringja úr henni, skoða skjöl og fleira. MYND/QUEENS-HÁSKÓLI

Ríkisspítali í Kaupmannahöfn:

# Skaðleg efni í lofti á spítala

**DANMÖRK** Hættulega mikið magn af PCB-efni sem flokkast sem krabbameinsvaldandi hefur fundist í lofti á Ríkisspítalanum í Kaupmannahöfn. Könnun á loftgæðum leiddi þetta í ljós.

Forstjóri spítalans segir að þó að ástandið sé alvarlegt bendi ekkert til þess að sjúklingar eða starfsfólk hafi veikst vegna efnisins. PCB-efni voru notuð í bindiefni eins og plast, málningu og steypu á sjöunda og áttunda áratug síðustu aldar, einnig á Íslandi. **- þeb**


Tveir nýir VILLAGE útsölustaðir



www.village.is

VILLAGE

LÍNAN
BÆJARLIND 16 · KÓPAVOGI
SÍMI 553 7100

VILLAGE
LAUGAVEGI 51
SÍMI 588 1680




**FRÁ SETNINGU STJÓRNLAGARÁÐS** Fólk var ekki sammála um hvort nauðsynlegt væri að lögspekingar úrskurðuðu um það hvort lagafrumvörp stæðust stjórnarskrá. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Karpað um hornklofa og sérfræðiþekkingu

**Fyrstu tillögur að breytingum á stjórnarskránni voru ræddar á fundi stjórnlagaráðs í gær. Lagt er til að herskylda verði með öllu bönnuð og að sérstök nefnd ákvarði hvort frumvörp standist stjórnarskrá. Forsetinn varð þrætuepli.**

**STJÓRNLAGARÁÐ** Kafli um mannréttindi verður fremstur í stjórnarskránni og í honum verður tekið fyrir möguleikann á herskyldu hér á landi, verði tillögur stjórnlagaráðs að veruleika.

Fyrstu tillögurnar frá nefndum Stjórnlagaráðs um breytingar á stjórnarskránni voru teknar til umræðu og afgreiðslu á 7. ráðsfundi í gær.

Nefnd C, sem fjallar meðal annars um dómstóla, lagði fram til afgreiðslu á fundinum tillögu sína að nýjum kafla um dómstóla. Kaflinn er viðameiri og ítarlegri en sá í gildandi stjórnarskrá.

Nokkrar umræður urðu um ákvæði í kaflanum þar sem kveðið er á um að forseti skuli skipa dómara, eins og nú er. Þótti sumum óeðlilegt að það væri sérstaklega tiltekið, enda ætti ráðið alveg eftir að ræða kaflann um forseta Íslands, hlutverk hans og vald.

Því var lagt til að orðin ‚Forseti Íslands' yrðu sett í hornklofa, svo fólk áttaði sig betur á að tillagan væri breytingum háð og alls ekki meitluð í stein. Hornklofaumræðan dróst nokkuð á langinn og sýndist sitt hverjum. Sumir töldu að þá mætti jafnframt nýta til að auðkenna þau atriði í tillögum ráðsins sem sæta tíðindum eða verðskulda sérstaka eftirtekt og umræðu. Niðurstaðan varð að einungis ‚Forseti Íslands' færi í hornklofa að sinni.

Jafnframt lagði nefnd C fram tillögu til kynningar um svokallaða Lögréttu, nefnd sem hefði það hlutverk að veita Alþingi ráðgefandi álit á því hvort frumvörp standist stjórnarskrá.

Skiptar skoðanir voru um það hvort tillagan gengi nógu langt og töldu sumir að niðurstaða nefndarinnar ætti að vera bindandi og verksvið hennar víðara; hún ætti til dæmis einnig að úrskurða um það hvort þingmenn væru löglega kjörnir eða hvort framkvæmdarvaldið hefði brotið í bága við stjórnarskrána.

Mestar umræður urðu um það hvort eðlilegt væri að kveða á um það í stjórnarskrá að í nefndinni gæti aðeins setið fólk með þekkingu á stjórnlögum.

Þannig töldu til dæmis Pawel Bartoszek, formaður nefndar C, og Íris Lind Sæmundsdóttir mjög mikilvægt að lögfrótt fólk veldist til að úrskurða um svo flókin lögfræðileg álitaefni.

Aðrir, til dæmis Þorvaldur Gylfason, Andrés Magnússon, Katrín Oddsdóttir og Katrín Fjeldsted, lýstu andstæðri skoðun. Þau töldu að almenningur ætti að kjósa í nefndina, að minnsta kosti að hluta.

Umræðum um tillögur, aðfaraorð og mannréttindakafla, sem sjá má hér til hliðar, var frestað til dagsins í dag. **stigur@frettabladid.is**

## Helstu breytingartillögur til þessa

**Aðfaraorð:**

- Fyrsta grein stjórnarskrárinnar verði aðfaraorð, eða nokkurs konar inngangur, sem móti anda hennar og það sem á eftir komi. Ekki hefur verið gerð tillaga að aðfaraorðum.

**Kafli um dómstóla:**

- Kaflinn um dómstóla verði mun viðameiri og ítarlegri en sá fimmti í gildandi stjórnarskrá.
- Sá gamli er einungis þrjár greinar en sá í tillögu nefndarinnar er sex kaflar.
- Í tillögunum er kveðið á um skipulag íslenskra dómstóla, nokkurn veginn eins og því er nú til hagað.
- Helsta nýmælið er að forseti Íslands skuli skipa dómara að tillögu hæfisnefndar, án milligöngu ráðherra.

**Kafli um mannréttindi:**

- Kaflinn verði færður fremst í stjórnarskrána, á eftir aðfaraorðum. Hann er nú í sjöunda og síðasta kafla.
- Nokkrum atriðum bætt í ákvæðið um jafnan rétt fólks óháð stöðu þess, til dæmis aldri, arfgerð, búsetu, fötlun, kynhneigð, uppruna og stjórnmálaskoðunum.
- Nýtt ákvæði um að allir skuli njóta verndar gegn ofbeldi, svo sem kynferðisofbeldi.
- Sérstakur kafli um börn og ákvæði um að þau skuli eiga rétt til samráðs um eigin málefni í samræmi við aldur sinn og þroska.
- Ákvæði um að aldrei megi lögleiða herskyldu.

**Lögrétta:**

- Sérstakur kafli um nefnd sem hefði það með höndum að veita ráðgefandi álit á því hvort lagafrumvörp standast stjórnarskrá, að kröfu þingnefnda eða þriðjungs þingmanna.
- Nefndin yrði skipuð sérfræðingum í stjórnlögum af forseta, Alþingi, Hæstarétti og jafnvel almenningi.


Ársfundur Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands

Ársfundur Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands verður haldinn föstudaginn 20. maí, kl. 16.00 í sal Tannlæknafélags Íslands, Síðumúla 35.

Dagskrá fundarins fer eftir samþykktum sjóðsins og 30. gr. laga nr. 129/1997 um starfsemi lífeyrissjóða.

Atkvæðaréttur sjóðfélaga telst eftir eign þeirra og réttindum við síðustu áramót. Rétthafar eiga rétt til fundarsetu með málfrelsi og atkvæðarétt.

Ársfundargögn má nálgast á vef sjóðsins, www.li.is/ls/ltfi, og hjá Fjármálaráðgjöf Landsbankans, Austurstræti 11.

Virðingarfyllst,
stjórn Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands.



Auglýsingasími

512 50 50



Allt sem þú þarft...

Grillaðar
SS pylsur í boði



Das Auto.

Reynsluaktu Volkswagen
í maí og þú gætir unnið
flug til Evrópu fyrir tvo
með Iceland Express





Á morgun kynnum
við nýjan Volkswagen
Passat EcoFuel
einn glæsilegasta metanbíl allra tíma.

Verð frá aðeins
**4.290.000 kr.**




Blöðrur fyrir
börnin.
Veltibíllinn
mætir kl. 14




Skoðaðu Polo, Golf
og alla fjölskylduna
frá Volkswagen




# Fjölskyldudagur Volkswagen

Volkswagen Passat EcoFuel er kominn til landsins og við fögnum honum hjartanlega á Volkswagen fjölskyldudeginum á morgun, laugardag. Komdu og taktu þátt í skemmtilegum viðburði og kynntu þér nýja metanbílinn, sem lækkar eldsneytiskostnaðinn um allt að helming, hagkvæman Polo, skemmtilegan Golf og fleiri frábæra bíla frá Volkswagen. **Sjáumst í Heklu á morgun, laugardag!**

Laugavegi 170–174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is

Opið föstudaga 10–18 og laugardaga 12–16.

HEKLA

Full búð af nýjum vörum



20% afsláttur af buxum og pilsum

MIND
Smart verslun fyrir konur - Firði Hafnarfirði
Sími 534 0073

FJÖRÐUR
www.fjordur.is


Forseti Alþingis bað Mörð Árnason að gæta orða sinna í umræðu um landsdóm:

# Kallaði sjálfstæðismenn „grátkonur“

**ALÞINGI** Forseti Alþingis bað Mörð Árnason, þingmann Samfylkingarinnar, að gæta orða sinna í gær þegar hann kallaði þingmenn Sjálfstæðisflokksins grátkonur í umræðu um frumvarp til breytinga á lögum um landsdóm.

Frumvarpið, sem varð að lögum í gær, snýst um að dómarar sem eiga sæti í landsdómi skuli ljúka meðferð máls þrátt fyrir að kjörtímabil þeirra klárist í miðju málinu.

Sjálfstæðismenn hafa gagnrýnt frumvarpið og sagt það beinast sérstaklega gegn Geir H. Haarde.

Mörður ávarpaði Einar K. Guðfinnsson sérstaklega og sagði að hann væri „hin mesta grátkona af öllum grátkonum Sjálfstæðisflokksins“.

Hann bætti við að Sigurður Kári Kristjánsson og Birgir Ármannsson hefðu þegar grátið vegna málsins. Þingmennirnir hefðu komið grátbólgnir í pontu eftir að hafa áður snyrt sig í speglinum til að slá pólitískar keilur í málinu.

Þingforsetinn Þuríður Backman sló í bjölluna og bað Mörð að gæta orða sinna. Mörður svaraði því til að hann teldi orðin hafa verið fullkomlega saklaus. **- sh**



**MÖRÐUR ÁRNASON** Virðist eiga nokkuð auðvelt með að ganga fram af samstarfsmönnum sínum á þingi.

OECD fagnar nýrri löggjöf:

## Rússar banna mútur erlendis

**RÚSSLAND** Rússar hafa sett lög sem banna þarlendum að múta opinberum starfsmönnum erlendra ríkja. Sektir verða lagðar jafnt á fyrirtæki sem einstaklinga sem uppvísir verða að því að brjóta lögin.



**ANGEL GURRÍA**

Í tilkynningu Efnahags- og samvinnustofnunarinnar (OECD) í gær fagnar Angel Gurría, aðalframkvæmdastjóri stofnunarinnar, því að Dimitri Medvedev, forseti Rússlands, hafi fullgilt lögin. Með löggjöfinni hefur einnig opnast fyrir aðkomu Rússa að vinnuhópi OECD gegn mútum. **- óká**



**SKÓLP VIÐ FLUGVALLARSVÆÐIÐ** Eigendur flugskýla við Reykjavíkurflugvöll hafa ekki þurft að greiða gatnagerðargjöld frá 1989. Í staðinn áttu þeir að greiða fyrir kostnað við lagfæringu á gömlum lögnum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Hafa ekkert greitt í 22 ár

**Eigendur á svæðinu við flugvöllinn í Vatnsmýri hafa ekki greitt gatnagerðargjöld síðan árið 1989. Fengu undanþágu með því að greiða kostnað af lögnum.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Eigendur flugskýla við Reykjavíkurflugvöll í Vatnsmýri hafa ekki þurft að greiða gatnagerðargjöld síðan árið 1989. Samkvæmt samþykkt frá Borgarráði Reykjavíkur frá 1. ágúst það ár skulu eigendur hins vegar þess í stað greiða kostnað við lagfæringar eldri lagna og eftir atvikum lagningu nýrra holræsa og brunna.

Skólpblandað vatn tók að flæða upp úr brunni á svæðinu við flugvöllinn í vikunni. Fráveitulögn fyrir framan flugskýli 23 nær ekki að anna fráveituvatni frá aðliggjandi lögnum sem gerir það að verkum að skólp flæðir úr brunni við flugskýli 21.

Eins og kom fram í Fréttablaðinu í gær eru þeir sem eiga aðild að þeirri lögn sem þarfnast lagfæringar á svæðinu Fluggarðar – Lóðarfélag, Flugfélag Íslands og Skeljungur hf. Rekstraraðilar hafa vísað ábyrgðinni til Reykjavíkurborgar hingað til.

Rósa Magnúsdóttir, deildarstjóri hjá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur, segir að síðan 2008 hafi engar kvartanir borist og því hafi yfirvöld talið að eigendur hefðu aðhafst í málinu. Hinn 5. apríl síðastliðinn kom þó í ljós að svo var ekki, þar sem kvörtun vegna skólpsins barst eftirlitinu að nýju. Það sé hins vegar ljóst að ábyrgð á viðhaldi og viðgerðum lagna á svæðinu liggi hjá eigendum, í ljósi samþykktar borgarráðs frá árinu 1989.

„Við höfum þetta í höndunum og það hefur ekkert komið fram sem fellir þessa samþykkt úr gildi,“ segir Rósa.

Ekki náðist í Ágúst Jónsson, framkvæmdastjóra eignasviðs Reykjavíkurborgar, í gær.

**sunna@frettabladid.is**





KYNNINGARFUNDIR FYRIR VÆNTANLEGA LÍFEYRISÞEGA

Sameinaði lífeyrissjóðurinn býður sjóðfélögum sínum til kynningarfunda í Reykjavík og á Akureyri um upphaf lífeyristöku. Fundunum er ætlað að gefa svör við helstu spurningum sem vakna um lífeyrismál þegar starfslok nálgast.

Til umfjöllunar verða:

- Ákvæði samþykkta sjóðsins um lífeyristöku.
- Atriði sem mestu ráða um hvenær sjóðfélagar ákveða að hefja töku lífeyris.
- Tengsl lífeyris frá sjóðnum við lífeyri almannatrygginga.
- Aðrar hagnýtar upplýsingar sem tengjast þessum tímamótum.

Fundarstaðir og tími
REYKJAVÍK: 11. maí, kl. 17.00 í Borgartúni 30.
AKUREYRI: 12. maí, kl. 17.00 að Skipagötu 14, 4. hæð.

Vinsamlega tilkynnið þátttöku eigi síðar en mánudaginn 9. maí, í síma 510 5000 eða með því að senda tölvupóst á mottaka@lifeyrir.is, með upplýsingum um nafn, kennitölu og símanúmer.

Borgartún 30, 105 Reykjavík
Sími 510 5000
mottaka@lifeyrir.is
lifeyrir.is

Lífeyrir
Sameinaði lífeyrissjóðurinn



TILBOÐ



IP myndavél og þjófavörn.
42.750.kr



10” Android 2.2
45.000.kr (69.800)



Dyrabjalla með mynd
45.180.kr

Erum á móti IKEA í Gallery Art2b
Kauptún 3
S.5800800
2b.is


Deilur í bæjarstjórn Hafnarfjarðar:

## Forgangsröðun gagnrýnd

**STJÓRNSÝSLA** Sjálfstæðismenn í bæjarstjórn Hafnarfjarðar gagnrýna forgangsröðun meirihlutans í hagræðingaraðgerðum og segja ekki líklegt að þær muni auka á sátt meðal starfsmanna og bæjarbúa.

Í bókun á síðasta bæjarstjórnarfundi hörmuðu sjálfstæðismenn uppsagnir og niðurskurð í grunnskólum á meðan ekki væri gripið til hagræðingar á borð við sameiningu sviða. Þá gagnrýndu þeir einnig þá ákvörðun að leigja húsnæði undir fræðslusvið og félagsþjónustu, sem yki fjárhagslegar skuldbindingar bæjarins „á sama tíma og mikil óvissa ríkir um niðurstöðu endurfjármögnunar 4,3 milljarða erlends láns sem var á gjalddaga í upphafi síðasta mánaðar“.

Meirihlutinn svaraði því til að þær stjórnsýslubreytingar sem stæðu til hefðu verið unnar af oddvitum allra flokka í bæjarstjórn.

Þá hefði stærsta hagræðingin í starfsmannamálum verið í miðlægri stjórnsýslu og umræddar breytingar í húsnæðismálum myndu bæði auka hagræði og þjónustu.

Meirihlutinn sagði loks að sjálfstæðismenn hefðu „augljóslega valið sér að gera öll mál tortryggileg, hversu jákvæð sem þau eru“. **- þj**



# Gerið gæða- og verðsamanburð

**Sjá nánar verð og tilboð
á www.svefn.is**

**12 mánaða vaxtalausar greiðslur**

## SAGA OG ÞÓR

Hágæða svæðisskiptar heilsudýnur



**Verðdæmi:**
SAGA Queen rúm **129.900**
ÞÓR Queen rúm **149.900**



## BOAS

Leður hægindasófi 3 sæta **169.900**
Hægindastóll **79.900**
**Tilboð** Svefnsófi **127.425** (25% afsl)
Til í ljósu og dökku leðri



## BOAS

Lyftustóll
2 tegundir
Verð frá
**129.900**
Til í ljósu og dökku leðri

## IQ-CARE

Ein besta heilsudýna í heimi



Þrýstijöfnun er lykilorðið

Svæðisskiptar heilsudýnur með betri stuðningi, mýkra axlasvæði og góðum stuðningi við mjóbak

Betri öndun

Til í öllum algengustu rúmstærðunum



## IQ-Care heilsukoddinn




Aðlagast fullkomlega að hálsi og höfði.
Fæst í 3 stærðum

## ÚRVAL STILLANLEGRA HEILSURÚMA




Mest selda stillanlega heilsurúmið hjá Svefn og heilsu með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu.



## BOARD S-CAPE

**WALLHUGGER**

dregst að veggnum eins og nafnið bendir til.
Einn mest seldi ameríski botninn í heiminum.
Fæst í eftirfarandi breiddum:
80, 90, 97, 120, 140 og 150 cm

**Board** hefur allt sem gott stillanlegt rúm þarf að hafa á fábæru verði.
**S-Cape** er einnig með þráðlausa fjarstýringu og nuddi.

PRODIGY™

Framtíðin í stillanlegum rúmum.
Sjón er sögu ríkari




Svefn & heilsa ★★★★★




www.svefn.is

**Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150**
**Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00**




# Góður bati eftir eina mestu kreppu heims

**Sjórnvöld og sendinefnd AGS hafa náð saman um fimmtu endurskoðun efnahagsáætlunar Íslands. Fer fyrir stjórn AGS í júní. Mikill árangur hefur náðst frá hruni.**

**EFNAHAGSMÁL** Sendinefnd Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) segir við búið að fimmta endurskoðun efnahagsáætlunar Íslands verði tekin fyrir í stjórn sjóðsins í byrjun júní.

Vikulangri heimsókn sendinefndarinnar lauk í gær með blaðamannafundi þar sem farið var yfir helstu niðurstöður funda sem haldnir voru með fulltrúum stjórnvalda, þingmönnum, fræðimönnum og fulltrúum viðskipta- og atvinnulífs, vegna fimmtu endurskoðunar efnahagsáætlunar Íslands. Þá kom þar fram að stjórnvöld á Norðurlöndum hafi staðfest að þau bjóði enn tvíhliða lán til stuðnings áætlun Íslands.

Julie Kozack, yfirmaður sendinefndar AGS, upplýsti á fundinum að íslensk stjórnvöld og starfslið sjóðsins hefðu náð samkomulagi um fimmtu endurskoðunina, sem nú biði staðfestingar framkvæmdastjórnar og stjórnar AGS. Hún sagði kominn fram vísi að hægum efnahagsbata, búist væri við 2,25 prósenta hagvexti á þessu ári sem síðan aukast í 3,0 prósent á næstu misserum. Mat sjóðsins á efnahagshorfum landsins væri að mestu óbreytt frá fyrri spám.



**BLAÐAMANNAFUNDUR Í SEÐLABANKANUM** Julie Kozack, yfirmaður sendinefndar AGS, svarar spurningum blaðamanna í gær. Með henni er Franek Rozwadowski, sendifulltrúi AGS með aðsetur á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Sjóðurinn telur engu að síður að endurskipulagning skulda heimila og fyrirtækja gangi enn of hægt fyrir sig, þótt þar hafi orðið nokkur framför. „Endurskipulagning skulda er ennþá nauðsynlegur þáttur varanlegs efnahagsbata og myndi einnig aðstoða við að taka á vanda hás hlutfalls lána í vanskilum í bankakerfinu.

Julie sagði margvíslegan árangur hafa náðst og hrósaði áætlun stjórnvalda um afnám gjaldeyrishafta. Hún væri árangurstengd og hæfilega varkár. Þá drægi úr opinberum skuldum og viðskiptahalla, en óvissa um áhrif Icesave þar á hefði aukist með því að deilunni hafi verið vísað til dómstóla. „Engu að síður er búist við að eignir þrotabús Landsbankans standi undir verulegum hluta innstæðna Icesave, sem dregur úr fjárhagslegri áhættu ríkisins,“ sagði hún.

Þá sagði Julie mat sendinefndarinnar að hér kæmi til með að draga hægt úr atvinnuleysi, en nokkur ár, líkast til fjögur, yrðu þar til atvinnuleysi teldist lítið á ný.

Hvað gang efnahagsáætlunarinnar í heild varðar sagði Julie ástæðu til að fagna góðum árangri. Kreppan á Íslandi hefði verið ein sú allra mesta sem sést hefði í heiminum. Þá hefðu ytri aðstæður í efnahagslífi heimsins verið erfiðar og það unnið á móti hraðari efnahagsbata. Þá væru vandfundin lönd í heiminum til samanburðar, því óvíða hefði fjármálakerfi landa hrunið alveg.

olikr@frettabladid.is



# TAKTU SKREFIÐ



## SKAPAÐU ÞÍNA EIGIN FRAMTÍÐ

- umsóknarfrestur til 30. maí

## NÁMSBRAUTIR SEM HEFJAST Í HAUST:

Einnig í fjarnámi **LEIÐSÖGUNÁM Á HÁSKÓLASTIGI**

**GÆÐASTJÓRNUN**

**FRAMKVÆMDAFERLI MANNVIRKJAGERÐAR**
– fjármögnun, samningar, útboðsreglur og uppgjör

**VERKEFNASTJÓRNUN – LEIÐTOGAÞJÁLFUN**

**HUGRÆN ATFERLISMEÐFERÐ**
- Eins árs þverfaglegt, hagnýtt nám
- Tveggja ára nám fyrir sálfræðinga og geðlækna

**FJÖLSKYLDUMEÐFERÐ (NÁM Á MEISTARASTIGI)**

**NÁM TIL LÖGGILDDINGAR FASTEIGNA-, FYRIRTÆKJA OG SKIPASALA**

**REKSTUR, STJÓRNUN OG MARKAÐSSETNING SMÁFYRIRTÆKJA – MARKVISS LEIÐ**
- umsóknarfrestur til 9. september




Allir sem hafa sótt námskeið hjá okkur síðastliðna 12 mánuði eru jákvæðir gagnvart Endurmenntun.*

*Samkvæmt könnun Félagsvísindastofnunar HÍ í febrúar 2012.

ENDURMENNTUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS

Námsráðgjöf og upplýsingar: sími 525 4444
endurmenntun.is

# Gott í vorverkin



Garðslanga 15 m með úðabyssu
890

Black&Decker háþrýstidæla 110 bar
13.900

Hjólbörur 90L
4.490

Reykjavík - Reykjanesbæ
Akureyri - Húsavík
Vestmannaeyjum

Meiri gæði – Lægra verð – MÚRBÚÐIN
MÚRBÚÐIN
– Afslátt eða gott verð?
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is


Strætó prófar nýja tegund strætisvagna:

# Verið að meta hvort tvinnvagn henti

**SAMGÖNGUR** Strætó prófaði tvinnstrætisvagn í fyrsta sinn við íslenskar aðstæður í gær. Verið er að meta hvort slík tegund vagna henti hér á landi. Á kynningarfundi sem haldinn var í gær kom fram að næsta mánuðinn mun strætó prófa vagninn á götunum í tilraunaskyni. Vagninn var fenginn að láni frá Volvo í Skandinavíu, en fyrirtækið hefur selt um 100 tvinnvagna á síðustu misserum til Norðurlandanna. Reynir Jónasson, framkvæmdastjóri Strætó, segir einn slíkan kosta um það bil 47 milljónir króna. Strætó fékk vagninn afhentan í lok apríl og mun hann keyra um götur Reykjavíkurborgar allan maímánuð.

„Volvo er að leyfa okkur að prófa þessa tækni. Við munum gera ákveðnar mælingar á vagninum og sjá hvernig hann gerir sig í týpískum akstri hjá okkur,“ segir Reynir.

Tvinnvagnar eru útbúnir sérstökum búnaði í kring um hemla sem gerir það að verkum að þegar stigið er á bremsuna snúast rafalar sem framleiða og nýta hreyfiorku sem er hlaðið inn á geyma. Rafmagnið nýtist svo samhliða dísilolíunni til að knýja bílinn.



**STRÆTÓ PRÓFAR TVINNVAGN** Egill Jóhannsson, hjá Brimborg, Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, stjórnarformaður Strætó, og Reynir Jónsson, framkvæmdastjóri Strætó. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Reynir segir notkun á tvinnvögnum fara vaxandi á Norðurlöndunum. Ekkert hefur þó enn verið ákveðið varðandi framtíð þeirra hér á landi. **- sv**

Könnun meðal almennings:

# Yfir 80% vilja táknmál í lög

**SAMFÉLAGSMÁL** Yfir 80 prósent almennings vilja binda táknmál í lög sem fyrsta mál þeirra sem reiða sig á það til tjáskipta. Þetta eru niðurstöður könnunar, sem fyrirtækið Miðlun ehf. gerði dagana 17. til 28. mars fyrir Félag heyrnarlausra, á viðhorfi almennings til táknmáls sem fyrsta máls. Rúmlega sextán prósent aðspurðra voru hvorki sammála né ósammála og tæp þrjú prósent eru frekar eða mjög ósammála.

Frumvarp liggur nú fyrir Alþingi um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls. **- sv**



**VIÐSKOTAILLUR VÁGESTUR** Krókódíll var lógað eftir árás á lögreglubifreið í Flórída um helgina. MYNDIN ER ÚR SAFNI

Krókódíll í Flórída:

# Krókódíl lógað eftir árás á bíl

**BANDARÍKIN, AP Þriggja metra langur krókódíll olli miklum skemmdum á lögreglubíl í Flórídaríki um síðustu helgi.**

**Lögregla var kölluð á vettvang eftir að krókódíllinn birtist á golfvelli við Gainesville. Á meðan lögregluþjónn beið í bíl sínum eftir aðstoð réðst dýrið á bílinn. Krókódílabani kom síðar á svæðið, handsamaði skepnuna og lógaði. Krókódílar eru algengir á fenjasvæðum Flórída og kveða reglur á um að lóga megi dýrunum ef þau gerast aðgangshörð við menn eða mannabústaði.** **- þj**



**ÓVIRÐING** Frumbyggjum Bandaríkjanna er sýnd óvirðing með því að tengja Geronimo við Osama bin Laden, segir leiðtogi Apasja. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Mótmæli vegna dráps:

# Apasjar ósáttir við nafngiftina

**BANDARÍKIN, AP** Indíánar af ættbálki Apasja eru afar ósáttir við að bandarísk stjórnvöld hafi notað dulnefnið Geronimo yfir Osama bin Laden í samskiptum tengdum árás sérsveitarmanna á hryðjuverkaforingjann. Þeir hafa krafið Barack Obama Bandaríkjaforseta um afsökunarbeiðni.

Geronimo er frægasti höfðingi Apasja, en seint á 19. öld barðist hann gegn mexíkóskum og bandarískum herjum sem vildu senda Apasja á verndarsvæði.

„Geronimo var virtur leiðtogi Apasja sem barðist til að verja þjóð sína, land og lífshætti,“ segir í bréfi leiðtoga Apasja til Obama. Hann harmar að nafnið skuli hafa verið notað yfir fjöldamorðingja og hryðjuverkamann. **- bj**


# TÓNLISTIN & LÍFIÐ 07/05/11

**RÁÐSTEFNAN „TÓNLISTIN OG LÍFIÐ“ VERÐUR HALDIN Í TÓNLISTAR- OG RÁÐSTEFNUHÚSINU HÖRPU**, KL. 13:00-17:00
LAUGARDAGINN **7. MAÍ 2011**, Í SALNUM **KALDALÓNI**

RÁÐSTEFNUSTJÓRI: ÆVAR KJARTANSSON, DAGSKRÁRGERÐARMAÐUR

**DAGSKRÁ:**

Tónlistaratriði: Sólveig Steinþórsdóttir, nemandi við Tónlistarskólann í Reykjavík, leikur á fiðlu, meðleikur á píanó: Anna Guðný Guðmundsdóttir

**TÓNLISTIN OG LÍFIÐ** Dr. Njörður P. Njarðvík, prófessor emeritus við Háskóla Íslands

Tónlistaratriði: B-sveit Skólahljómsveitar Kópavogs, stjórnandi: Össur Geirsson

**HLUTVERK TÓNLISTAR í umbreytingu menntunar á 21. öld?**

**Listmenntun, nauðsynlegur hluti almennrar menntunar:** Sigurjón Mýrdal, deildarstjóri stefnumótunar- og þróunardeildar mennta- og menningarmálaráðuneytis

**Hlutverk listaháskóla:** Hjálmar H. Ragnarsson, rektor Listaháskóla Íslands

**Áhrif tónlistarrannsókna á menntun:** Helga Rut Guðmundsdóttir, formaður Rannsóknarstofu í tónlistarfræðum við Menntavísindasvið Háskóla Íslands

**Í takt við tímann:** Guðni Franzson, tónlistarmaður

**Tónlist fyrir alla?** Þórdís Sævarsdóttir, tónmenntakennari og tónlistarskólakennari

**Væntingar tónlistarnemenda á 21. öld?** Greta Salóme Stefánsdóttir, tónlistarnemandi við Listaháskóla Íslands

Tónlistaratriði: Marimbasveit frá Tónlistarskóla Hafralækjarskóla, meðleikur á hristur og stjórnandi: Mauricio Weimar

**PALLBORÐSUMRÆÐUR**

Tónlistaratriði: Unnur Birna Björnsdóttir syngur og leikur á píanó, Valdimar Olgeirsson leikur á kontrabassa

Skráning á ráðstefnuna fer fram á netfanginu: ft@ki.is / Skráningargjald er 1.200 kr. og veitingar eru innifaldar í gjaldinu.

Ráðstefnan er haldin að frumkvæði Félags tónlistarskólakennara og Félags íslenskra hljómlistarmanna í samstarfi við Tónmenntakennarafélag Íslands, Rannsóknarstofu í tónlistarfræðum við Menntavísindasvið Háskóla Íslands, Listaháskóla Íslands, og Mennta- og menningarmálaráðuneytið sem styrkir ráðstefnuna.

LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS · ICELAND ACADEMY OF THE ARTS · MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ · HÁSKÓLI ÍSLANDS · HARPA

# SUMAR OG SÓL Í RÚMFATALAGERNUM

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is



**GARCON borð og 2 OREGON stólar**
Nett og þægilegt garðhúsgagnasett úr gegnheilum harðviði.
Stærð á borði: B70 x L70 sm.
Borð **12.990,-**
Stóll **7.495,-**

SPARIÐ 7.990

BORÐ + 2 STÓLAR **19.990,-**

Jutlandia Harðviður



SPARIÐ 2.995

VERÐ ÁÐUR: 12.990,-
**9.995,-**

**OXFORD sólstóll**
Góður sólstóll úr stáli með þykkri og mjúkri sessu úr polyester efni. Stóll með háu baki og skemli. 5 stillingar á baki.



PLASTGLÖS 20 STK. **299,-**

20 STK.

**RENNES einnota í sumar**
Glös. 20 stk. **299,-** Plastgafflar 20 stk. **299,-**
Plasthnífar 20 stk. **299,-** Diskar 20 stk. **499,-**



100 STK.

GRILLPINNAR **199,-**

**Grillpinnar**
100 grillpinnar saman í einum poka á frábæru verði!
Lengd: 30 sm.



GRILLÁHÖLD **459,-**

**Grilláhöld**
Fín grilláhöld. 3 stk. saman í pakka. Settið inniheldur spaða, gaffal og töng.



GRILLBURSTI **299,-**

**Grillbursti**
Góður, langur grillbursti. Nauðsynlegur í sumar til að halda grillinu hreinu!



BBQ LIFE

**COLORADO kúlugrill**
Lítið og nett kúlugrill úr emeleruðu, svörtu járni.
Stærð: Ø43 sm.
Vinnuhæð: 60 sm.

KÚLUGRILL **3.895,-**



KÚLUGRILL **10.990,-**

BBQ LIFE

**COLUMBO kúlugrill**
Gott kúlugrill úr emeleruðu, svörtu járni. Grillið er á hjólum og með hliðarborðum.
Stærð: Ø57 sm.
Vinnuhæð: 60 sm.
Ytri stærð: B102 x H113 x D58 sm.

# Sumargleði

## MacBook 13,3"



2,4GHz Intel Core 2 Duo
2GB DDR3 vinnsluminni
250GB harður diskur
Aðeins 2,13kg

**Verð: 169.990.-**

## MacBook Pro 13,3"



2,3GHz tveggja-kjarna Intel i5 örgjörvi
4GB innra minni
320GB harður diskur
Aðeins 2,04kg

**Verð: 219.990.-**

## LaCie tilboð

### Starck 2TB



**Aðeins 16.990 kr.**

Listaverð: 22.990 kr.



Við erum einnig með LaCie Neil Poulton 1TB á sértilboði, aðeins 12.990 kr.!

## iPhone 4 16GB



Nýtt

**Verð frá: 119.990.-**

### Ókeypis námskeið á laugardögum

milli kl 13.00-15.00
www.epli.is/thjonusta/fraedsla.html

Varstu að kaupa þér Apple tölvu eða langar þig að læra meira? Þá getur þú kíkt á námskeið í Apple búðinni, Laugavegi 182 og lært eitthvað nýtt.

Vefverslun
www.epli.is
sendum frítt á land allt

epli.is

**Epli.is,** Laugavegi 182, sími 512 1300 | Opið 10-18 mánudaga til föstudaga og 12-16 laugardaga | **www.epli.is**

# epli.is

## Rýmingarsala




## iMac 27"

3,2GHz Intel Core i3
4GB DDR3 vinnsluminni
1TB harður diskur
ATI Radeon HD 5670 512MB
Íslenskt lyklaborð og mús (þráðlaust)

Verð áður: 299.990 kr

**Verð nú: 259.990 kr.***

Takmarkað magn



## iMac 21,5"

3,06GHz Intel Core i3
4GB DDR3 vinnsluminni
500GB harður diskur
ATI Radeon HD 4670 256MB
Íslenskt lyklaborð og mús (þráðlaust)

Verð áður: 219.990 kr

**Verð nú: 189.990 kr.***

Takmarkað magn

* Vörur á rýmingarsölu eru í takmörkuðu magni.
Birt með fyrirvara um prentvillur og verðbreytingar.

föstudagur **Föstudagsviðtalið** Hilma Hólm, verðlaunahafi Verðlaunasjóðs í læknisfræði

# Náttúran ákveður hvað finnst

**Hilma Hólm** tók í gær við stærstu viðurkenningu sem veitt er fyrir árangur í vísindarannsóknum hér á landi. Hún er talin einn fremsti vísindamaður heims í erfðafræði hjartasjúkdóma, eins og *Svavar Hávarðsson* komst að.



**YFIRBURÐAMAÐUR** Hilma er fædd og uppalin í Keflavík og var, eins og margur úr þeim bæ, virk í íþróttum. Nokkrir Íslandsmeistaratitlar í körfubolta komu í hús og aldrei kom til greina að fara burt í skóla.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Hilma Hólm, framkvæmdastjóri klínískra rannsókna hjá Íslenskri erfðagreiningu, fékk verðlaun úr Verðlaunasjóði í læknisfræði sem afhent voru á ársfundi Landspítalans í gær. Einhver þarf kannski að heyra það tvisvar en Hilma er aðeins 38 ára gömul og er þegar metin einn virtasti vísindamaður á sínu sviði í heiminum.

**Læknisfræði og börn**

„Áhugi minn á læknisfræðinni kom fljótt til. Ég ímyndaði mér að þetta væri góð blanda af vísindum og mannlegum samskiptum. Það er líka áskorun að takast á við læknisfræði, og það er ein ástæða þess að ég fetaði þessa braut," segir Hilma. „Það eru engir læknar í fjölskyldunni, foreldrar mínir eru kennarar svo þessi ákvörðun, eða hugmynd, verður ekki rakin til þess að ég hafi haft lækna í kringum mig."

Hilma er fædd og uppalin í Keflavík og eftir stúdentspróf frá Fjölbrautarskóla Suðurnesja hóf hún nám við læknadeild Háskóla Íslands, sem hún lauk árið 2000. Þá var stefnan sett á Bandaríkin, þar sem Hilma lauk sérfræðinámi í lyflækningum og síðan hjartalækningum við tvær virtar háskólastofnanir vestanhafs; Baylor-háskólann í borginni Houston í Texas og Emory-háskólann í Atlanta í Georgíu. Hún hlaut til námsins styrk frá Minningarsjóði Ólafs Ásbjörnssonar og Vigdísar Ketilsdóttur, sem kom sér mjög vel. „Þá var ég reyndar líka búin að eignast tvö börn," segir Hilma eins og það sé eðlilegasti hlutur í heimi. Blaðamaður spyr hvernig nám í læknisfræði fari með barneignum, þar sem hvort tveggja telst ærið verkefni, og ekki stendur á svari. „Það fer bara ágætlega saman. Ég átti líka mann og góða fjölskyldu sem var alltaf boðin og búin að hlaupa undir bagga. Það er ekki eins og ég hafi verið ein í þessu."

Fjölskyldan dvaldi í Bandaríkjunum í fimm ár, en við breytingar í einkalífi Hilmu ákvað hún að koma heim og klára rannsóknarárið sitt hér, sem hún hefði að öllu jöfnu klárað í Atlanta.

„Ég vissi ekki hvernig væri best að klára námið svo ég hafði samband við kollega mína uppi á Landspítala, þá Davíð Arnar og Guðmund Þorgeirsson hjartalækna, sem þá voru í rannsóknasamstarfi við Íslenska erfðagreiningu. Fyrir tilstuðlan þeirra og Kára Stefánssonar, forstjóra ÍE, bauðst mér að vinna rannsóknarárið mitt hjá ÍE í samstarfi við Landspítalann og Emory-háskólann. Þannig æxlaðist það að ég kom hingað og eftir að ég lauk náminu bauðst mér að starfa hér áfram við erfðafræðina. Það er því í raun tilviljun að ég er að takast á við erfðafræði. Góð tilviljun," segir Hilma og brosir.

> Það er því í raun tilviljun að ég er að takast á við erfðafræði. Góð tilviljun.

**Nýjasta tækni og vísindi**

Búast má við að erfðafræði muni gegna vaxandi hlutverki í hjartalækningum sem og öðrum greinum læknisfræði á komandi árum. Ljóst er að uppgötvanir í erfðafræði hafa og munu halda áfram að leiða til betri skilnings okkar á orsökum og þróun algengra sjúkdóma. Um síðir mun þessi nálgun að líkindum leiða til betri forvarna og meðferðar.

Þegar spurt er um rannsóknarverkefnið sem Hilma vinnur að um erfðafræði hjartasjúkdóma er ljóst að sú spurning hugnast henni betur en þær sem eru persónulegs eðlis. Eftir stutt en afar gagnlegt hraðnámskeið situr eftir í huga blaðamanns að ekki er um einstakt verkefni að ræða sem á sér endapunkt. „Við setjum okkur engar skorður og takmörkum okkur ekki. Við ákveðum ekki hvað finnst, heldur sjá náttúran og vísindin um það."

Allir hjartasjúkdómar liggja innan rannsóknasviðs Hilmu en hún hefur helst einbeitt sér að genatengslum hjartsláttartruflana, ekki síst þeirra sem krefjast gangráðsmeðferðar, og gáttatifs, sem er hjartsláttartruflun sem kemur til vegna truflunar á rafboðum í efri hólfum hjartans. Rannsóknir Hilmu og samstarfsmanna hennar benda til að gáttatif liggi í ættum. Vonir standa til að rannsóknirnar muni hjálpa til við að skilja betur grunnorsakir sjúkdómsins, sem gæti svo leitt til nýrrar nálgunar við þróun frekari meðferðar. „Ekki veitir af, en með hliðsjón af vaxandi tíðni og alvarlegum afleiðingum gáttatifs er ef til vill nærri lagi að tala um sjúkdóminn sem faraldur 21. aldarinnar," skrifar Davíð Arnar, samstarfsmaður Hilmu á Landspítalanum.

Hilmu og samstarfsmönnum hefur tekist að finna stökkbreytingar í fjórum genum sem stuðla að tilurð gáttatifs. Einnig hafa fundist samsvarandi genatengsl við blóðtappa í heila hjá sjúklingum með sjúkdóminn. Næstu skref eru að meta hvort mælingar á tilvist þessara stökkbreytinga bæti möguleika til að segja fyrir um líkurnar á tilurð sjúkdómsins og síðan gefa þeim sem teljast í aukinni áhættu viðeigandi ráðleggingar og meðferð.

**99 prósent**

„Þessar rannsóknir byggjast í stuttu máli á að leita að erfðabreytileikum sem tengjast auknum líkum á sjúkdómum. Erfðamengið er 99 prósent eins í okkur öllum en svo eru breytileikar. Það sem við erum að gera er að kanna hvort tengsl séu á milli þess að vera með ákveðna erfðabreytileika í genamenginu og að fá einhvern ákveðinn sjúkdóm. Ef við finnum samhengi þarna á milli fylgjum við því eftir."

Niðurstöðurnar gefa gjarnan nýja innsýn í meinmyndun sjúkdóma, upplýsingar sem nýta má á ýmsa vegu, til að mynda við áhættumat á sjúkdómum, til að auðvelda greiningarferli og til lyfjaþróunar," segir Hilma. „Okkur hefur gengið afar vel hjá Íslenskri erfðagreiningu og það byggir meðal annars á því að við erum með erfðaupplýsingar frá stórum hluta þjóðarinnar auk ættfræðiupplýsinga sem hjálpa okkur mikið í þessum rannsóknum."

**Undraskjótur frami**

Eins og áður segir eru verðlaun úr Verðlaunasjóði í læknisfræði stærstu verðlaun, sem veitt eru íslenskum vísindamönnum. Þetta er í fimmta sinn sem verðlaunin eru veitt en átta tilnefningar bárust sjóðnum að þessu sinni. Vart þarf að fjölyrða að um mjög hæfa vísindamenn er að ræða úr ýmsum sviðum líffræði, læknisfræði og öðrum greinum heilbrigðisvísinda.

Björn Zoëga, forstjóri Landspítalans, sagði við afhendingu verðlaunanna í gær að þrátt fyrir ungan aldur sé Hilma nú á meðal fremstu vísindamanna heims á sínu vísindasviði; erfðafræði hjartasjúkdóma. Til marks um það hafi rannsóknir samstarfshópsins sem Hilma starfar með birst í mörgum af virtustu vísindaritum heims, til dæmis í Nature og Nature Genetics, auk birtinga í Lancet, Journal of the American College of Cardiology og European Heart Journal. Þá eru viðmælendur Fréttablaðsins á einu máli um að frami Hilmu innan Íslenskrar erfðagreiningar sé undraskjótur.

**Þá hefði ég ekkert komist**

En hvað finnst henni sjálfri um það lof sem á hana er borið? „Ég hef fyrst og síðast verið mjög heppin að hafa villst inn í þetta umhverfi og hafa þess vegna getað nýtt mína þekkingu á sjúkdómum í bland við erfðafræðina. Ef ég hefði ekki fengið tækifæri til að starfa með fólkinu hér innan dyra og öðrum samstarfsmönnum væri ég ekki í þessum rannsóknargeira. Hlutirnir hafa vissulega gengið vel og við höfum fengið margar greinar birtar sem lýsa okkar rannsóknarniðurstöðum. En það er eingöngu vegna samvinnu fjölmargra vísindamanna, þátttöku Íslendinga í okkar rannsóknarverkefnum og þeirrar vinnu sem búið er að vinna innan ÍE undanfarin áratug sem hefur lagt grunninn að öllum okkar rannsóknum. Hér er ekkert sem takmarkar mig, heldur hef ég þvert á móti tækifæri til að ná langt vegna þess umhverfis sem ég hef fengið að starfa í," segir Hilma. Hún bætir því við að auðvitað verði allir að hugsa um sinn eigin hag og sinn eigin starfsferil en þá sé hollt að hafa í huga að persónulegur frami sé háður því að njóta stuðnings annarra. Kári Stefánsson, forstjóri ÍE, hefur látið svo um mælt að Hilma sé nú einhver öflugasti vísindamaður Íslendinga og það sé óhætt að segja að hún sé „heimsátoritet" í erfðafræði hjartasjúkdóma. Hilma, þaulspurð, gengur ekki lengra en að segja: „Kári er bara Kári," og hlær.




## Electrolux
**IEL-7025HV Stál veggháfur**

AFSLÁTTUR 20% — Verð nú **99.900**

Vandaður veggofn með ekta heitum blæstri, grilli og pizzakerfi. Verð áður kr **124.900**

## appliance
**AWD-60GIH Stál veggháfur**

AFSLÁTTUR 50% — Verð nú **49.900**

Glæsilegur veggháfur með hallandi glerskyggni, kraftmiklum mótor, halogen lýsingu. Breidd 90 cm Verð áður kr **99.900**

## Electrolux
**DIK-2460RF Spanhelluborð**

Spanhelluborð — AFSLÁTTUR 34% — Verð nú **99.900**

Flott spansuðuhelluborð frá Electrolux með booster háhraðahellum. Verð áður kr **159.900**

**AGK-4SS Gashelluborð**

AFSLÁTTUR 50% — Verð nú **29.900**

Gashelluborð með fjórum kraftmiklum gashellum. Gaslekaöryggi. Burstað stál. Verð áður kr **59.900**

## Electrolux
**ESB-4600 Blandari**

Byltingarkenndur ofurhljóðlátur blandari með kraftmiklum 600W mótor. Þríhyrningslöguð glerkanna sem blandar betur og hraðar. 6 hraðastillingar. Auðveldur í þrifum. Malar ís létt. Verð áður kr **21.990**

Ný glerkanna — Ofurhljóðlátur

AFSLÁTTUR 37% — Verð nú **13.990**

## Electrolux
**ESTM-4200 Töfrasproti**

AFSLÁTTUR 34% — Verð nú **9.990**

Vandaður töfrasproti með sérhönnuðum hljóðdempuðum mótor. Stálfótur sem þolir að fara í heitan pott. Þeytari, hakkari og skál fylgir. Verð áður kr **14.990**

## Electrolux
**EKF-7000 Kaffivél**

best í test — 96°C heitt

AFSLÁTTUR 28% — Verð nú **12.990**

Alvöru kaffivél sem hitar vatnið 96°C. Fékk hæstu einkunn í gæðakönnun sænsku neytendasamtakanna. Með klukku og Auto Off. Verð áður kr **17.990**

## Electrolux
**EMS-21400S Örbylgjuofn**

með grilli — toppmódel

AFSLÁTTUR 43% — Verð nú **19.990**

Flottur silfurlitaður örbylgjuofn með 1000W grilli. Hægt að velja um örbylgjur með eða án grills eða bara grill. Digital skjár og stór 27 cm snúningsdiskur. Verð áður kr **34.900**

Mínútugrill með riffluðum grillfleti. Burstað stál. **Áður 11.990** — AFSLÁTTUR 25% — Verð nú **8.990**

Pönnukökupanna. Virkar á allar hellur **Áður 3.990** — AFSLÁTTUR 50% — Verð nú **1.995**

Eldhúsvog digital með skál **Áður 3.990** — AFSLÁTTUR 50% — Verð nú **1.990**

Salt-og piparkvörn fyrir rafhlöðu. **Áður 2.490 pr. stk** — AFSLÁTTUR 60% — Verð nú **990**

## Yfir 400 gerðir af smátækjum með himinháum afslætti!

Gufustraujárn með stálbotni **Áður 3.990** — AFSLÁTTUR 50% — Verð nú **1.990**

Hrísgrjónapottur **Áður 6.490** — AFSLÁTTUR 39% — Verð nú **3.990**

Kraftmikil handryksuga . **Áður 5.990** — AFSLÁTTUR 34% — Verð nú **3.990**

Glerbaðvog digital með LCD skjá **Áður 4.990** — AFSLÁTTUR 60% — Verð nú **1.990**

# RÝMUM FYRIR NÝJUM VÖRUM!
# LAGER HREINSUN

OPIÐ ALLA HELGINA

## TRISTAR
**SZ-1910 Ryksuga**

1800W

1800W ryksuga með stillanlegu stálskafti og sogkrafti.Verð áður kr **14.990**

**50% AFSLÁTTUR**

ÞÚ SPARAR **7.500** — Verð nú **7.490**

## AEG
**TN-65570L Barkalaus þurrkari**

Með fullkomnum rakaskynjara og fjölmörgum sérkerfum fyrir viðkvæman og venjulegan fatnað
- **Tekur allt að 7 kg af taui**
- Sérkerfi fyrir ull, gallabuxur, silki ofl.
- **Krumpuvörn**
- LCD Skjár og hljóðmerki
- **Orkuflokkur B**
- Hægt að tengja frárennsli í niðurfall
- Framstillt gangsetning möguleg
- Verð áður kr **149.900**

Barkalaus — Rakaskynjari

ÞÚ SPARAR **35.000** — Verð nú **114.900**

sett tilboð — Bæði tækin **199.900**

## AEG
**LN-69260 Þvottavél**

Vönduð þvottavél með notendavænu stjórnborði og stóru hurðaropi
- **1200 sn.** stillanlegur vinduhraði
- Tekur allt að **6 kg.** af taui
- **Hraðval**
- Framstillt gangsetning möguleg
- **Stórt 30 cm hurðarop**
- Öflugt handþottakerfi og ullarvagga
- Sérstök **blettameðhöndlun**
- Verð áður kr **134.900**

6 KG — 1200 SN — 25%

ÞÚ SPARAR **30.000** — Verð nú **94.900**

## exquisit
**GT-261 Frystikista**
- 205 lítra frystikista í A+ orkuflokki
- Hitastillir og aðvörunarljós
- 1grind fylgir
- HxBxD: 82x95x56 cm
- Verð áður kr **84.900**

205 lítrar — A+

ÞÚ SPARAR **20.000** — Verð nú **64.900**

## Electrolux
**ENB-24100W Kæli- og frystiskápur**

Hér þarftu aldrei aftur að affrysta frystinn. Hann sér um það sjálfur.
- **165 lítra kælir og 55 lítra frystir (nettó)**
- Sjálfvirk affrysting í kæli og frysti
- Björt lýsing
- HxBxD 168x55x60 cm
- Verð áður kr **149.900**

1,68 m — 34%

ÞÚ SPARAR **50.000** — Verð nú **99.900**

## Rafha ehf

**Opið**
virka daga 10-18
laugardag 11-17
sunnudag 11-17

Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík
Sími 5880500
**www.rafha.is**

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Opnun Hörpu er risavaxin jákvæð frétt.

## Til hamingju með Hörpu

Full ástæða er til að óska Íslendingum til hamingju með tónlistar- og ráðstefnuhúsið Hörpu, þar sem fyrstu sinfóníutónleikarnir voru haldnir í fyrrakvöld. Loksins hefur Ísland eignazt tónlistarhús sem stenzt samjöfnuð við mörg þau beztu í nágrannalöndum okkar. Loksins hefur Sinfóníuhljómsveit Íslands fengið samastað sem henni hæfir og leyfir henni að hljóma eins og hún á skilið. Loksins fær Íslenzka óperan sal þar sem von er til að stórar sýningar standi undir sér.

Opnun Hörpu markar margvísleg tímamót í íslenzku menningar- og þjóðlífi. Tónlistin hefur ekki eingöngu eignazt nýjan samastað, heldur mun Harpa efla miðborg Reykjavíkur, lyfta hafnarsvæðinu og verða aðdráttarafl fyrir ferðamenn og ráðstefnugesti. Húsið sjálft er listaverk og verður umgjörð flutnings margra fleiri meistaraverka. Tilurð Hörpu mun leiða hingað alþjóðlega menningarstrauma í enn ríkari mæli. Opnun hússins er risavaxin jákvæð frétt, ein sú stærsta og gleðilegasta eftir hrun. Það var fullkomlega viðeigandi að kalla fyrstu tónleika Sinfóníunnar í Hörpu Óð til gleðinnar, því að sú tilfinning var allsráðandi hjá tónleikagestum.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Harpa er dýrt hús. Lagt var upp með að reisa það í samstarfi einkaaðila, ríkis og borgar en bankahrunið setti stórt strik í reikninginn þegar Portus, undir forystu Björgólfs Guðmundssonar, þraut örendið. Óvíst er að nokkurn tímann hefði verið ráðizt í byggingu hússins ef skattgreiðendur hefðu einir átt að standa undir byggingu og rekstri þess. Það varð þó niðurstaðan, þótt reyndar verði að hafa í huga að kröfuhafar Landsbankans taka líka á sig talsverðar byrðar vegna afskrifaðra lána til framkvæmdarinnar.

Fáir sem hafa skoðað húsið og notið tónlistarflutnings þar geta þó efazt um að það var rétt ákvörðun hjá ríki og borg að ljúka við byggingu Hörpu, þótt hún væri umdeild á sínum tíma. Húsið var hálfbyggt og hefði orðið skelfilegt lýti á miðborginni ef framkvæmdum hefði ekki verið haldið áfram. Það hefði orðið miklu dýrara að taka þráðinn upp síðar til að ljúka verkinu. Niðurrif hússins hefði falið í sér gífurlega sóun á verðmætum.

Harpa er ekki snobbhús fyrir fámennan hóp unnenda klassískrar tónlistar, eins og stundum hefur verið haldið fram. Sá hópur fer reyndar stækkandi, eins og sést á því að kortagestum Sinfóníuhljómsveitarinnar hefur fjölgað verulega eftir hrun. Í húsinu verður gífurlega fjölbreytt dagskrá með alls konar tónlist. Þegar er búið að bóka tónleika ýmissa heimsfrægra listamanna; ekki síður rokkara, djassara og annarra dægurtónlistarmanna en flytjenda sígildrar tónlistar. Harpa verður líka opið hús, þar sem almenningur getur farið á veitingastaði, heimsótt verzlanir, farið á sýningar og notið byggingarlistar í hæsta gæðaflokki.

Íslendingar hafa ástæðu til að vera stoltir og glaðir yfir þessari nýju sameign þjóðarinnar.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871

EKKI GERA EKKI NEITT.IS

Öflugur greiðendavefur með hagnýtum upplýsingum s.s.

- Yfirlit mála
- Samkomulög
- Greiðslur með korti
- Góð ráð og margt fleira

motus – leysum málin

Þjónustuver 440 7700
www.ekkigeraekkineitt.is

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Samsæri

Á fundi sínum í vikunni kaus borgarstjórn sér nýjan forseta og tvo varaforseta að auki. Úr fundargerðinni má með góðum vilja lesa samsæri gegn liðsmanni Besta flokksins. Látum á það reyna: Fyrst kaus stjórnin sér forseta. Elsa Yeoman hreppti hnossið með níu atkvæðum meirihlutans gegn fimm auðum seðlum minnihlutans. Einn úr minnihlutanum var fjarverandi. Þegar Björk Vilhelmsdóttir var kjörin 1. varaforseti var fullmannað í salnum. Hún hlaut því níu atkvæði gegn sex. Þegar svo Óttarr Proppé var kjörinn 2. varaforseti gerðist hið undarlega; hann hlaut aðeins átta atkvæði gegn sjö auðum. Einhver félagi hans hafði gengið úr skaftinu svo kjörið stóð tæpt.



### Svör óskast

Hér er ljóst að annað tveggja hefur gerst: a) einhver liðsmaður meirihlutans hefur hreinlega gleymt að greiða Óttari atkvæði sitt, eða b) Óttarr nýtur ekki stuðnings einhvers samherja síns úr meirihlutanum í embættið og sá sveik hann í kjörinu. Þetta hlýtur að þurfa að upplýsa hið snarasta.

### Prívathagsmunir

Annars bar það helst til tíðinda á fundinum að í umræðum um ferðamálastefnu borgarinnar lagði Jón Gnarr ríka áherslu á að skjaldarmerki borgarinnar yrði gert hærra undir höfði – þetta sameiningartákn Reykvíkinga yrði að vera sem greypt í huga borgarbúa og gesta allra. Þessi umhyggja Jóns fyrir merkinu er skiljanleg því hann á mikið undir. Hann er jú líklega eini maðurinn í heiminum sem er með það húðflúrað á líkama sinn.



stigur@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Barnafjölskyldur standa verst

Félagsmál



Eldey Huld Jónsdóttir
félagsráðgjafi hjá Hjálparstofnun kirkjunnar

Hjálparstarf kirkjunnar hefur um árabil sinnt neyðaraðstoð bæði heima og erlendis. Nú þegar Íslendingar takast á við aukið atvinnuleysi, hækkandi verðlag og aukna skuldabyrði er þörfin fyrir aðstoð meiri en áður.

Undirrituð hóf starf sem félagsráðgjafi hjá innanlandsdeild Hjálparstarfsins vorið 2010 og hefur tekið þátt í að aðstoða hundruð fjölskyldna í mánuði hverjum. Mataraðstoð hefur sinn sess hjá okkur og hefur nú fengið nýjan farveg þar sem í stað matarpoka er barnafjölskyldum afhent inneignarkort í matvöruverslunum með ákveðinni upphæð eftir fjölskyldustærð. Lyfjakostnaður vegur þungt bæði hjá öryrkjum og öðrum sem takast á við tímabundin eða langvarandi veikindi og því er Hjálparstarfið að hlaupa undir bagga með tilfallandi lyfjakaupum.

Samkvæmt niðurstöðum kannana og tölfræði okkar hefur hópurinn sem þarf á aðstoð að halda breyst í kjölfar kreppunnar og niðurstöður sýna að barnafjölskyldur standa einna verst. Börn öryrkja, atvinnulausra, foreldra á framfærslu félagsþjónustunnar og síðast en ekki síst vinnandi foreldra á lágmarkslaunum standa í mörgum tilfellum höllum fæti. Því er lögð áhersla á það í starfi okkar að greiða götu þessara barna með margvíslegri aðstoð m.a. með sérstakri aðstoð í skólabyrjun fyrir börn í grunn- og framhaldsskóla, greiðslu skólagjalda og bókakaupum. Börn efnalítilla og/eða skuldsettra foreldra geta einnig fengið greiddar tómstundir. Nú í sumarbyrjun er hugað að afþreyingu fyrir börnin, skóla fer senn að ljúka og ekkert er skemmtilegra í vinnunni en að vita til þess að fólk og fyrirtæki sem leggja okkur lið með fjárframlögum gera okkur kleift að styðja við bakið á börnum í sumar. Börnum, sem annars hefðu ekki átt þess kost að taka þátt í tómstundaiðkun, fara í sumarbúðir, fá reiðhjól eða annað sem gleður þau og styrkir félagslega.

Hópur ungmenna í framhaldsskóla hefur einnig notið góðrar aðstoðar sem oftar en ekki hefur komið í veg fyrir að þau hafi flosnað úr skóla. Þessi hópur er að leggja grunn að framtíð sinni og þar er menntunin mikilvægasta fararnestið á fullorðinsárum. Ég vil nota tækifærið og hvetja landsmenn til góðrar þátttöku og leggja Hjálparstarfi kirkjunnar lið í söfnunarátakinu sem nú stendur yfir. Það er hægt m.a. með því að greiða valgreiðslur í heimabönkum og fylgjast með fræðslu- og söfnunarþætti um fátækt á Stöð 2 26. maí.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Reiðiskattar

Í DAG



Pawel Bartoszek
Stærðfræðingur

Ég hef einhvern tímann heyrt þá kröfu að lágmarkslaun ættu alla vega að vera jafnhá meðallaunum. Þetta markmið hljómar auðvitað vel í sjálfu sér, ég meina, hver á skilið að hafa laun undir meðallaunum?

Öruggleg ekki láglaunafólkið.

Það er hins vegar kaldur og nöturlegur eiginleiki meðallauna að sumir verða að liggja undir þeim og aðrir yfir þeim, því annars væru þau ekki meðallaun. Og þó. Raunar er fræðilega séð, hægt að búa til launakerfi þar sem lágmarkslaun eru jafnhá meðallaunum. Til þess þurfa laun allra einfaldlega að vera jafnhá.

Í raun er varla hægt að setja fram draumamarkmið jafnaðarstefnu með skýrari hætti en þeim að vilja að meðallaun verði jafnhá lægstu launum. Í þessa átt virðast stjórnarflokkarnir trítla.

Innanríkisráðherra lagði til dæmis til nýlega að „við“ myndum bindast fastmælum um að hæstu laun yrðu aldrei meir en þreföld lægstu laun. Skref á leið.

Áður en við höldum lengra skulum við átta okkur hve langt við erum frá því viðmiði sem ráðherrann leggur til. Skv. Hagstofu Íslands eru lágtekjumörk í kringum 157 þúsund á mánuði. Sé sú tala þrefölduð fást um það bil 470 þúsund. Skv. Hagstofu Íslands eru yfir 90% Íslendinga með ráðstöfunartekjur undir þeirri tölu.

Langflestir Íslendingar liggja því þegar innan þeirra marka sem innanríkisráðherra leggur til og sjálfur get ég sofið rótt þótt örfáir liggi þar fyrir ofan.

Sú hugmynd að við sem „samfélag“ myndum ákveða að engin hefði há laun hljómar kannski mildar en valdboð eða ofurskattar, en hvað þýðir hún?

Samfélög geta ekki ákveðið hluti, þing og ríkisstjórnir og einstaklingar geta það. Er vilji til þess meðal þeirra sem hafa 450 þúsund í ráðstöfunartekjur á mánuði til að lækka þessar tekjur sínar?

Til hvers? Til að bregðast við einhverri samfélagslegri reiði?

Eitthvað efast ég um að menn sýni það frumkvæði. Né heldur hvet ég þá til þess.

Það að menn snúist hálfhring í afstöðu til hárra launa í kjölfar gjaldþrots heils geira atvinnulífs, þar sem laun þóttu oft há, er skiljanlegt. En áhyggjur okkar eiga mun fremur að snúa að þeim sem liggja í fátæktargildru og lenda í brattri brekku ofurjaðarskatta og tekjujöfnunar um leið og þeir reyna að klifra þaðan út. Sé nefnilega tekið tillit til venjulegra og sérstakra húsaleigubóta, atvinnuleysisbóta, barnabóta og allra tekjuskatta er hin raunverulega skattheimta á lág- og millitekjufólk gríðarleg. Ráðstöfunartekjur þess sem er með 450 þúsund á mánuði í laun ná ekki að vera 100 þúsund krónum hærri en þess sem er á atvinnuleysisbótum. Það gengur ekki.

Út úr hálfblindri ríkidæmisdýrkun dettum við í algjöra spegilun hennar.

Nú er sem það geti ekki með nokkru móti verið að einn einasti hálaunamaður sé virði þeirra peninga sem hann fær greitt. Samt væri auðvelt fyrir hvern sem er að líta til nágrannalanda og sjá hvort laun lækna, sjómanna og forstjóra meðalstórra fyrirtækja séu hærri eða lægri hér. Ég kalla eftir að þeim samanburði verði beitt. Ekkert ríki er lengur eyland, jafnvel þótt það kunni að liggja á eyju.

Sé það hugmynd að auka hóflega skatta á þá sem mestar tekjur hafa í því skyni að minnka skattbyrði lág- og millitekjufólks og fækka tekjutengingargildrum þá er það hugmynd sem er umræðu verð. En ætli stjórnvöld sér að stunda einhverja viðbragðaskattheimtu þá endum við með skattalegan bútasaum sem fælir frá þá sem menn vilja mjólka og refsar þeim sem menn vilja hjálpa.

> Ég vil að skattkerfið sé hvetjandi, aðrir vilja frekar að það sé „réttlátt“.

Ég get fallist á að skattkerfi eigi að hjálpa hinum fátækari, en ég get ekki fallist á að það eigi að refsa hinum ríku sé markmið í sjálfu sér.

Fjölmargt ríkt fólk býr á Norðurlöndum, þar sem skattar eru háir. Það er ásættanlegt að búa í ofurskattaríki ef skattkerfið er sæmilega stöðugt, en tekur ekki breytingum í kjölfar frétta af launum einstakra manna. Um skatta verða menn seint sammála. Ég vil að skattkerfið sé hvetjandi, aðrir vilja frekar að það sé „réttlátt“ og tekjujafnandi.

Tökum þá umræðu. En tökum reiðina út úr jöfnunni.

# Veiðum meiri þorsk

Sjávarútvegur



Grétar Mar Jónsson
skipstjóri og fyrrverandi alþingismaður

Ríkisstjórn sem á hátíðardögum eða þegar mikið liggur við kennir sig við jafnaðarmennsku og félagshyggju en lætur sig ekki varða að brotin séu mannréttindi á almenningi í landinu ætti að skammast sín. Ríkisstjórnin hefur enn ekki brugðist við áliti Mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna frá 12. desember 2007.

Ríkisstjórnin virðist ekki hafa kjark eða getu til að takast á við sérhagsmunaaðila sem virðast komast upp með að stjórna öllu því sem þeir vilja stjórna. Nú um stundir virðast sérhagsmunasamtök LÍÚ fá að ráða því hvort áfram verði leyfð mannréttindabrot hér á landi með vitund og vilja stjórnvalda. Það er kominn tími til að stoppa af LÍÚ-klíkuna innan SA sem hefur hingað til haft alltof mikil völd. Fólkið í landinu kaus ekki forystu SA og LÍÚ til að stjórna landinu, það kaus flokka sem lofuðu að standa vörð um velferðina og uppræta spillingu í íslensku samfélagi. Það kaus flokka sem lofuðu að breyta núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi.

Það ríkir neyðarástand í þjóðfélaginu sem núverandi kvótakerfi átti stóran þátt í að skapa. Kerfið er einnig að koma í veg fyrir það að menn sem stunda vinnu í tengslum við sjávarútveg geti lifað mannsæmandi lífi. Kerfið kemur í veg fyrir atvinnuuppbyggingu í greininni sem full þörf er á í því atvinnuleysi sem nú er. Það kemur einnig í veg fyrir auknar þjóðartekjur sem við þurfum svo sannarlega á að halda til að geta haldið uppi ásættanlegri velferðarþjónustu.

Forsenda uppbyggingar hér á landi er að gerðar verði breytingar á núverandi kvótakerfi. Ekkert virðist vera að gerast í því og ætti almenningur í landinu að spyrja sig af hverju ríkisstjórn Samfylkingar og Vinstri grænna hafi enn ekki staðið við loforð sitt í stjórnarsáttmála að hefja fyrningu aflaheimilda í september 2009. Hvaða hagsmuni er ríkisstjórnin að verja, eru það sérhagsmunir fárra á kostnað velferðar heildarinnar?

Það vekur einnig furðu að frumvarp Jóns Bjarnasonar um aukinn kvóta sem leigja átti út frá ríkinu hafi verið stoppað af ríkisstjórninni í haust. Frumvarpið gerði ráð fyrir að bæta við kvóta sem yrði leigður út frá ríkinu. Maður spyr sig hvort frumvarpið hafi stoppað í ríkisstjórn vegna þess að Steingrímur sem er og hefur verið kvótasinni og Samfylkingar-ráðherrarnir hafi ekki þorað að styggja LÍÚ-klíkuna.

Það er full ástæða til að auka við kvótann og nota aukninguna til að brjóta upp kvótakerfið. Ástandið á fiskislóðum hringinn í kringum landið er með ólíkindum og þar er allt fullt af þorski. Hafró hefur mælt meiri þorsk í togararallinu í ár en undanfarin ár þrátt fyrir að litlu leyti sé togað á grunnslóð og ekkert sé togað inn á fjörðum eða út að 10 mílum frá landi, víðast hvar.

Það eru margir möguleikar sem þjóðin á til að komast upp úr kreppunni og eitt af því er að auka kvótann. Það kostar ekkert því nú þegar er til skipafloti og fólk með þekkingu og vilja til að nýta auðlindir þjóðarinnar með skynsamlegum hætti, landi og þjóð til góðs.




# RISA TAX FREE DAGAR

**ALLT Í EINNI FE**

SNYRTIVÖRUR...FA
BÚSÁHÖLD...GARN
KERTI...SERVÍETTU



*Fatnaður og skór á alla fjölskylduna!*





*Búsáhöld fyrir heimilið!*



*Leikföng fyrir káta krakka!*

* Samkvæmt markaðsrannsókn Capacent júní 2009, 2008 og 2006.

24 Hagkaup
**OPIÐ**
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

# ALVÖRU KJARABÓT!

## Mesta vöruúrvalið* á betra verði!

fimmtudag, föstudag, laugardag, sunnudag og mánudag

**ERÐ...**

ATNAÐUR...SKÓR...LEIKFÖNG...
N...RÚMFÖT... HANDKLÆÐI...
R

**...ÁN VIRÐISAUKASKATTS**

DAGANA 5. - 9. MAÍ

# RISA TAX FREE DAGAR



*Mesta úrvalið af snyrtivörum!**

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður sinn virðisaukaskatt af þessari sölu.
Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaups.

Tilboðin gilda út mánudaginn 9. maí 2011.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**67** **EINAR SIGURBJÖRNSSON** prófessor er 67 ára í dag.
*„Í lífinu erum við umlukt miskunn Guðs."*

---



*Ástkær sonur okkar og bróðir,*

**Þorsteinn Björnsson**
Neðstabergi 10, Reykjavík,

lést á heimili sínu mánudaginn 2. maí síðastliðinn. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju mánudaginn 9. maí kl. 13.00.

**Kristrún Bragadóttir**
**Björn Davíð Þorsteinsson**
**Katrín Ingunn Björnsdóttir**

---



*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vináttu við andlát móður minnar og ömmu,*

***Ásu Beck***

**Magnús Haukur Jökulsson**
**Þórunn Elín Magnúsdóttir**

---



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Ingibjörg Jónsdóttir**
„Imma á Hernum"
til heimilis að Norðurgötu 38, Akureyri,

lést á Sjúkrahúsi Akureyrar miðvikudaginn 4. maí. Útförin fer fram frá Hallgrímskirkju í Reykjavík mánudaginn 9. maí kl. 13.00.

**Rannveig Óskarsdóttir** **Einar Björnsson**
**Hákon Óskarsson** **Heiður Agnes Björnsdóttir**
**Daníel Óskarsson** **Anne Gurine Óskarsson**
**Mirjam Óskarsdóttir**
**Torhild Ajer**
**barnabörn og barnabarnabörn**

---



*Elskuleg eiginkona, móðir, amma og langamma,*

**Sunna Karlsdóttir**
frá Vestmannaeyjum,

sem andaðist að heimili sínu Æsufelli 4 í Reykjavík, þriðjudaginn 26. apríl, verður jarðsungin frá Fossvogskirkju mánudaginn 9. maí kl. 13.00.

**Andri Valur Hrólfsson**
**Ívar Andrason** **Sigrún Guðnadóttir**
**Ólafur Darri Andrason** **Kristjana Bjarnadóttir**
**barnabörn og barnabarnabarn**

---



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Gunnar Aron Jónsson**
húsasmíðameistari og fyrrv. byggingafulltrúi, Frostafold 4, 112 Reykjavík,

lést á Landspítalanum í Fossvogi miðvikudaginn 4. maí.

**Sigurrós Kr. Sigurðardóttir**
**börn, tengdabörn og barnabörn.**

---

ODDFRÍÐUR R. JÓNSDÓTTIR: HEIÐRUÐ FYRIR VEL UNNIN STÖRF

# Starfið bæði erfitt og gefandi

Oddfríður R. Jónsdóttir stómahjúkrunarfræðingur var heiðruð sérstaklega á aðalfundi LHS í gær fyrir vel unnin störf, en Oddfríður er eini starfandi stómahjúkrunarfræðingurinn á Landspítalanum. Hún hefur starfað sem slík í átján ár en 26 ár eru síðan hún útskrifaðist sem hjúkrunarfræðingur.

„Ég vann á deild þar sem stómaþegar lágu og þeir fengu sömu þjónustu og aðrir sjúklingar. Mér fannst hins vegar nauðsynlegt að einhver einn sinnti þeirra þörfum sérstaklega og þegar mér bauðst að fara í þetta nám dreif ég mig í það," segir Oddfríður. Stómasjúklingar fá poka framan á maga sem tekur við þvagi og hægðum. Oddfríður segir starfið geta verið erfitt. Það sé þó einnig gefandi en hluti starfs hennar felst í að sinna heimavitjunum til stómaþega.

„Það verða nánari tengsl. Ég fylgi sömu manneskjunni frá því hún er skorin og þar til hún er orðin sjálfstæð og það geta verið tveir til þrír mánuðir. Stómaþegar eru á öllum aldri, allt frá nýfæddum börnum og upp í gamalmenni og ég fræði bæði þá og fjölskyldur þeirra. Ég hitti sjúklinga bæði fyrir og eftir aðgerðina á spítalanum og fer svo heim til þeirra og kenni þeim handtökin við að skipta um stómahjálpartækin."

Oddfríður sinnir stómaþegum á Landspítalanum við Hringbraut, á Landakoti, Grensás og Borgarspítalanum og sér einnig um fræðslu starfsfólks annarra deilda spítalans þar sem stómasjúklingar liggja. Auk þess heldur hún úti göngudeild fyrir þá sem hafa fengið stóma fyrir einhverjum árum og þurfa að koma inn vegna einhverra vandamála." **heida@frettabladid.is**



**NÁNARI TENGSL MYNDAST** Oddfríður R. Jónsdóttir stómahjúkrunarfræðingur sinnir heimavitjunum til stómaþega og var heiðruð á aðalfundi LSH fyrir vel unnin störf. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

---



*Innilegar þakkir til allra ættingja og vina sem sýndu okkur samúð og vináttu við andlát og útför mannsins míns, föður okkar, afa, langafa og bróður,*

**Guðmundar Björns Sveinssonar**

**Esther Ósk Karlsdóttir**
**börn, barnabörn, langafabörn og systkini.**

---



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðlaug Stefánsdóttir**
Hringbraut 65, Keflavík,

lést laugardaginn 30. apríl á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja. Útför hennar fer fram frá Keflavíkurkirkju þriðjudaginn 10. maí, kl. 13.00.

**Guðríður Ó. Vestmann** **Bragi Jóhannsson**
**Alma Vestmann** **Ægir Sigurðsson**
**Stefán Vestmann** **Sara Saengduan Sinpru**
**ömmu- og langömmubörn**

---



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Gísli Benóný Kristjánsson**
fyrrverandi skrifstofustjóri
Gullsmára 9, Kópavogi,

lést á Landspítalanum við Hringbraut sunnudaginn 1. maí. Hann verður jarðsunginn frá Kópavogskirkju mánudaginn 9. maí kl. 15.00.

**Sigurbjörg Jóhanna Þórðardóttir**
**Unnsteinn Þórður Gíslason**
**Magnús Gíslason**
**Kristján Gíslason** **Guðrún Benedikta Elíasdóttir**
**Gísli Örn Gíslason** **Birna Bjarnadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn**

---



## 100 ára afmæli

**Í tilefni hundrað ára afmælis Þórdísar G. Ottesen tekur hún á móti gestum í dag milli klukkan 16 og 18 í Salnum, Kópavogi.**

---



## 60 ára afmæli

**Kæru ættingjar og vinir**

Þótt ótrúlegt megi virðast er ég að verða 60 ára þann 7. maí nk. Af því tilefni verð ég með opið hús í safnaðarheimili Fella- og Hólakirkju frá klukkan 10.30 til 13.30. Það myndi gleðja mig ef þið gætuð átt með mér ánægjulega stund í tilefni þessa merkis áfanga.

Kær kveðja
**Jóhanna Freyja Björnsdóttir**

---



*Móðir okkar og tengdamóðir,*

**Ingibjörg J. Gíslason**
Elliheimilinu Grund,
áður Laufásvegi 64a,

verður jarðsungin í Dómkirkjunni í Reykjavík mánudaginn 9. maí kl. 15.

**Þóra Sandholt**
**Ragnheiður Gíslason** **Þórarinn Jónasson**
**Bergljót B. Gíslason**
**Ása Gíslason** **Ólafur R. Magnússon**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**



**Eyfirski safnadagurinn** verður haldinn í fimmta sinn á morgun og munu 18 söfn og sýningar við Eyjafjörð opna dyr fyrir gestum og gangandi milli 11 og 17. Dagurinn er að þessu sinni tileinkaður börnum og verður boðið upp á söngva, sýningar, leiki, listasmiðjur, leikföng, ratleiki og ýmislegt fleira. Nánar á www.sofn.is.



FRÉTTABLAÐIÐ

**Sölufulltrúi: Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473




**Litli bóndabærinn á Laugavegi býður upp á lífræna drykki og ljúfmeti.**



# Lavender-kex með lífrænu kaffi

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Kaffihúsið Litli bóndabærinn var opnað á Laugavegi 41 fyrir skemmstu en þar eru allir drykkir úr lífrænt ræktuðu hráefni. Á það við um kaffið, teið, safana, heita súkkulaðið og mjólkina. Þá eru allar umbúðir endurvinnanlegar og reynt eftir fremsta megni að velja lífrænt í bakkelsi og annað á boðstólnum þó að það sé ekki algild regla.

„Á bakvið tjöldin notum við svo eingöngu umhverfisvæn hreinsiefni og flokkum allt rusl,“ segir eigandinn David Noble. Hann leggur áherslu á að skipta við bændur og smærri aðila sem bjóða mestu gæðin. „Þá erum við með lítið gjafavöruhorn með íslenskum afurðum sem fer stækkandi,“ bætir hann við.

David, sem er Breti, gefur uppskrift að ljúffengu lavender-kexi sem er tilvalið með morgun- eða síðdegiskaffinu og ekki síðra með tei.



## SKOSKAR LAVENDER-SMÁKÖKUR

stökkar með kaffinu

150 g fínmalað spelt
50 g hrísmjöl
50 g hrásykur
110 g kælt smjör (til dæmis frá Bíobú)
1 tsk. þurrkað lavender (fæst í Heilsuhúsinu)

*Hitið ofninn í 160 gráður. Blandið saman spelti, hrísmjöli og hrásykri í skál. Rífið smjörið með rifjárni út í blönduna. Blandið smjörinu saman við og hnoðið í um það bil fimm mínútur. Kremjið teskeið af lavender með mortéli eða tætið það niður í matvinnsluvél og bætið út í deigið. Blandið vel. Þrýstið deiginu niður í um það bil 20x20 sentimetra form. Það ætti að vera 1.5 sentimetra þykkt. Bakið í 40 mínútur. Gætið þess að kakan verði ekki brún heldur einungis gullin. Takið út og gatið með gaffli. Skerið í aflöng eða ferköntuð kex og látið kólna í þrjátíu mínútur áður en kökunum er lyft upp úr forminu. Berið fram með morgun- eða síðdegiskaffinu.*





**Magnús Þór Sigmundsson og Jóhann Helgason** fagna fjörutíu ára samstarfsafmæli og útgáfu safnplötunnar Ástin og lífið 1971-2011 með tónleikum í Austurbæ á morgun og í Hofi á Akureyri 21. maí. Á plötunni er að finna fjörutíu lög. Má þar nefna: Mary Jane, Álfar, Seinna meir, Ástarsorg og Þú ert mér allt.

Sumarsýning Myndlistaskólans í Reykjavík verður opnuð að Grandagarði 16 í dag. Um er að ræða samsýningu 85 nemenda. Þeir sýna verk sem endurspegla fjölbreytileika þeirra efna, aðferða og hugmynda sem þeir hafa fengist við í vetur; allt frá munsturgerð og myndskreytingum til fjöldaframleiðslu í samstarfi við erlend framleiðslufyrirtæki. Sýningin stendur opin frá 13- 18 dagana 7. 8. og 9. maí.

**Heimild: www.myndlistaskolinn.is**








Í kjallara Íslensku óperunnar verða búningar úr einhverjum sýningum Íslensku óperunnar til mátunar.

## Prinsessubúningar og gamlar leikskrár

GANGANDI OG GESTUM ER BOÐIÐ AÐ KOMA VIÐ Í HÚSNÆÐI ÍSLENSKU ÓPERUNNAR Í GAMLA BÍÓI Á MORGUN OG KVEÐJA AÐSETUR ÓPERUNNAR SEM FLYTUR NÚ Í TÓNLISTARHÚSIÐ HÖRPU. HÆGT VERÐUR AÐ STÍGA Á SVIÐ, KÍKJA BAKSVIÐS, MÁTA GAMLA BÚNINGA OG KAUPA GAMLAR LEIKSKRÁR, PLAKÖT OG FLEIRA.

Prinsessubúningar í öllum litum, hringabrynja, nunnubúningur, hárkollur og fleira er meðal þess sem fólk getur fengið að máta í húsnæði Íslensku óperunnar í Gamla bíói á morgun. Tilefnið er flutningur óperunnar í tónlistarhúsið Hörpu sem og Evrópski óperudagurinn og er dagurinn því hugsaður sem eins konar kveðjuhóf fyrir almenning. Fólki er velkomið að skoða húsnæðið hátt og lágt, stíga á svið og þenja raddböndin ef einhver vill, fara baksviðs og fá kaffi í „græna herberginu".

Í sjoppunni verður hægt að kaupa gamlar leikskrár á 100 krónur stykkið, plakót og spólur, og að sjálfsögðu sælgæti. Húsið verður opið frá klukkan 13-15. *- jma*



Bollurnar eru tilvaldar með kaffinu í kringum mæðradaginn.

## Brjóstabollur með kaffinu á mæðradag

BRJÓSTABOLLUR VERÐA TIL SÖLU Í BAKARÍUM UM HELGINA TIL STYRKTAR GÖNGUM SAMAN.

Styrktarfélagið Göngum saman nýtur góðs af samstarfi við Landssamband bakarameistara en það stendur fyrir sölu á brjóstabollum í bakaríum um allt land fram á sunnudag í tengslum við mæðradaginn. Styrktarfélagið Göngum saman styrkir grunnrannsóknir á brjóstakrabbameini og úthlutar myndarlegum styrkjum í október ár hvert.

Á sunnudaginn mun einnig fara fram Mæðradagsganga Göngum saman í Laugardalnum. Lagt verður af stað frá Skautahöllinni kl. 11 og gengið um dalinn í um það bil klukkustund. Mæðradagsganga verður einnig frá sundlauginni í Hveragerði og Jónshúsi í Kaupmannahöfn kl. 13. www.gongumsaman.is

# föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS 6. maí 2011



## Annie Mist Þórisdóttir

Rísandi stjarna í CrossFit

- Á rúmstokknum
- Valdís Thor opnar sýningu
- Yfirheyrslan


ÓDÝR OG GÓÐUR
LASERPRENTARI

USB KAPALL
og pakkning með 500 stk
af prentpappír fylgir!

TILBOÐ
Kr. 13.950
SAMSUNG

Samsung ML-1665
A4 prentari með 1200 x 600 punkta upplausn. Prentar allt að 16 blaðsíður á mínútu. 8mb minni og USB 2. Windows og Mac.

@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði
SÆKTU EÐA FÁÐU SENT • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS KR. 750 HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700 • WWW.ATT.IS

# núna

✻ Jákvæðni léttir lífið




**FYRIR KONUR OG KARLA** ck one summer er nýtt ilmvatn sem er ætlað báðum kynjum. Ilmurinn er frískandi og með svolitlum keim af sítrusávöxtum, melónu og rabarbara. Sem sagt heill aldingarður sem búið er að fanga í litríkar og sumarlegar umbúðir.

## blogg vikunnar

### Að sunnan



Tískan á suðurhveli jarðar tekur að sjálfsögðu mið af veðurfarinu sem þar ríkir. Við á Íslandi klæðumst flík ofan á flík til að halda á okkur hita á meðan Ástralar kunna að klæða sig létt og sumarlega. Þar sem hið íslenska sumar er handan við hornið (vonandi) er um að gera að leita að innblæstri fyrir sumarklæðnaðinn beint til Ástralíu. Ástralska bloggið www.oraclefox.blogspot.com er stórskemmtilegt og fötin flott og það er gaman að renna í gegnum myndirnar og láta sig dreyma um betri veðurtíð.



### Köttur að næturlagi

Bloggið www.knighttcat.com samanstendur af myndum héðan og þaðan. Myndirnar eru flestar af tískufyrirmyndum, flottum tískumyndaþáttum og öðru eins sem allir tískuspekúlantar ættu að hafa gaman af að skoða.





**Tvítekning** Valdís Thor opnaði sína aðra einkasýningu í Ljósmyndasafni Reykjavíkur í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Valdís Thor heldur lifandi ljósmyndasýningu:

# TVÆR HLIÐAR Á SAMA AUGNABLIKINU

Valdís Thor ljósmyndari opnaði sýninguna II í Ljósmyndasafni Reykjavíkur í gær. Sýningin samanstendur af myndum sem Valdís hefur tekið undanfarin áratug og eru þær settar fram á frumlegan og skemmtilegan hátt.

Að sögn Valdísar er markmið sýningarinnar að fá áhorfandann til að taka þátt í verkinu og er honum gefinn kostur á að breyta sýningunni, raða upp á nýtt og leika sér með ljósmyndirnar. „Sýningin samanstendur af myndum sem ég hef tekið jafnt og þétt undanfarin tíu ár. Flestar myndirnar eru úr Reykjavík en það eru einnig nokkrar frá Svíþjóð, Danmörku og Bandaríkjunum. Ég hef alltaf verið mjög hrifin af tvítekningum og þó að sýningin innihaldi hundrað myndir þá eru þetta aðeins fimmtíu verk, maður fær því að sjá tvær hliðar af sama augnablikinu," útskýrir Valdís. Þannig eru tvær myndir límdar beggja megin á kartonspjald og snýr önnur myndin að áhorfandanum en hin að veggnum. Áhorfendur þurfa því að snerta verkið og færa það til eigi þeir að geta notið þess til fulls. Sýningin er því afskaplega lifandi enda útkoman aldrei eins allt eftir því hver raðar myndunum. Myndirnar eru allar teknar á filmu og segir Valdís það eiga að minna fólk á hversu mikilvægt það er að eiga minningar í haldbæru formi.

Valdís lærði ljósmyndun við Iðnskólann í Reykjavík og lauk þaðan sveinsprófi árið 2008. Hún hefur einnig starfað sem ljósmyndari hjá Morgunblaðinu og í desember í fyrra setti hún uppsýninguna 101 heimsókn auk þess að gefa út ljósmyndabók með sama nafni.

Sýningin stendur yfir til 29. júní. - sm


SALON REYKJAVÍK



SALON REYKJAVÍK BÝÐUR UPP Á NÝJA NATURA KERATIN SLÉTTUNARMEÐFERÐ SEM GEFUR MJÚKT, SLÉTT, HEILBRIGÐT, FALLEGT OG GLANSANDI HÁR.



VERTU VELKOMMINN Á SALON REYKJAVÍK
GRANDAGARÐUR 5 101 REYKJAVÍK SÍMI: 56 85 305


Skartgripalína frá Proenza Schouler:

# Klassískt skart frá Proenza Schouler

Hönnuðirnir Jack McCollough og Lazaro Hernandez hafa svo sannarlega slegið í gegn með hönnun sinni undanfarin ár. Félagarnir hanna saman undir heitinu Proenza Schouler og virðast þeir sjaldan stíga feilspor. Nú ætla þeir að færa út kvíarnar og senda frá sér skartgripalínu, fréttir sem kæta án efa marga.

Fylgihlutalína Proenza Schouler ber heitið PS1 og inniheldur nú þegar fallegar leðurtöskur, en skartið mun bætast við innan skamms. Hönnuðirnir segja skartið muna vera klassískt og ekki bundið við tískubylgjur en að þeir muni þó bæta reglulega við nýjum litum og efnum. Áætlað er að skartið komi út um mitt sumar og verður spennandi að sjá herlegheitin. - sm



**Flott** Fallegt hálsmen úr smiðju Proenza Schouler fyrir vorlínu þeirra í ár.

## ✻ augnablikið



**FÖNGULEG** Leikkonan Rene Russo var stórglæsileg á frumsýningu hasarmyndarinnar Thor í Los Angeles. NORDICPHOTOS/GETTY

föstudagur

**Útgáfufélag** 365 miðlar ehf. **Umsjón** Sara McMahon **Forsíðumynd** Stefán Karlsson **Útlitshönnun** Kristín Agnarsdóttir **Auglýsingar** Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@365.is og Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is* **Föstudagur** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000

# LANCÔME

## CULT VARA

eftir Hildi Ingadóttur snyrtimeistara

**LOFORÐIN**
ALVEG DRAUMUR:
Í FYRSTA SINN* AUGNKREM SEM ER MEÐ 2 FORMÚLUM SEM VINNA Á ÖLLU AUGNSVÆÐINU LÍKT OG AUGNAÐGERÐIR. FULLKOMIN YNGINGARMEÐFERÐ FYRIR AUGNSVÆÐIÐ.

**ÁFERÐ**
YNDISLEG LÉTT KREM ÁFERÐ ÁN ILMEFNA SEM BRÁÐNAR INN Í HÚÐINA. KREM/GRUNNURINN ER ÞUNNUR, GEFUR FALLEGAN LJÓMA OG LÝSIR UPP AUGNSVÆÐIÐ.




**TÆKNIN**
**Formúla 2:** LÝSANDI OG VERNDANDI KREM/GRUNNUR SEM DREGUR ÚR BAUGUM, SLÉTTIR AUGNPOKA OG LÝSIR UPP AUGNSVÆÐIÐ.

**Formúla 1:** LYFTANDI AUGNKREM SEM DREGUR ÚR HRUKKUM OG FÍNUM LÍNUM, ÞÉTTIR AUGNSVÆÐIÐ OG LYFTIR AUGNLOKUNUM MEÐ ÞVÍ AÐ ÖRVA FRAMLEIÐSLU KOLLAGENS OG ELASTÍNS.

**ÁHRIFIN**
RANNSÓKNIR SÝNA AÐ EFTIR AÐEINS 4 KLST. ER HÚÐLITURINN BJARTARI. Á EINUM MÁNUÐI DREGUR ÚR HRUKKUM OG AUGNPOKUM, DÖKKIR BAUGAR MINNKA...

**UMBÚÐIRNAR**
NÝJUNG! LÚXUSUMBÚÐIR MEÐ TVEIMUR HÓLFUM. ANNAÐ ER FYRIR AUGNKREMIÐ, HITT FYRIR KREM/GRUNNINN OG SPEGILL Í LOKINU.

**HILDUR INGADÓTTIR MÆLIR MEÐ RÉNERGIE YEUX MULTIPLE LIFT**
AUGNSVÆÐIÐ VERÐUR SJÁANLEGA UNGLEGRA Á INNAN VIÐ MÁNUÐI. ÞAR AÐ AUKI FELUR KREMIÐ OG LÝSIR UPP DÖKKA BAUGA ÁN ÞESS AÐ DRAGA FRAM LÍNUR OG HRUKKUR. SANNARLEGA GLÆSILEG VARA FYRIR AUGNSVÆÐIÐ.

RÉNERGIE YEUX MULTIPLE LIFT FRÁ LANCÔME
ALGENGT VERÐ 10.490kr.

*FRÁ LANCÔME



Annie Mist Þórisdóttir hefur náð einstökum árangri í CrossFit þrátt fyrir að hafa aðeins æft íþróttina í tvö ár.

**2011:**
1. sæti í CrossFit Open Sectional
1. sæti á Íslandsmeistaramótinu í CrossFit

**2010:**
1. sæti á Sænska meistaramótinu
1. sæti í CrossFit European Regionals
2. sæti á Heimsmeistaramótinu
1. sæti á Íslandsmeistaramótinu
1. sæti í CrossFit European Regionals

**2009:**
11. sæti á Heimsmeistaramótinu í CrossFit
1. sæti í einstaklingskeppni CrossFit Regionals

# VEIK FY SÚKKU

***Annie Mist Þórisdóttir,* Íslandsmeistari í CrossFit, hefur æft íþróttina í tvö ár og náð ótrúlegum árangri á þeim stutta tíma.**

*Viðtal:* **Sara McMahon**
*Ljósmyndir:* **Stefán Karlsson**

Annie Mist hefur alltaf verið orkumikil og fengið útrás í gegnum íþróttaiðkun. Sjö ára gömul byrjaði hún að æfa fimleika hjá Gerplu en eftir átta ára iðkun íþróttarinnar þurfti hún að hætta vegna beineyðingar í olnboga. Hún byrjaði þá að æfa listdans og síðan stangarstökk, sem henni gekk sérstaklega vel í, en þótti það ekki nóg svo hún byrjaði líka í Boot Camp. „Vinur minn dró mig á CrossFit-mót árið 2009 og þannig kynntist ég íþróttinni fyrst. Sigurvegarinn vann sér inn pláss á Heimsleikunum í CrossFit og ég vann það mót án þess að hafa nokkru sinni prófað CrossFit áður. Mótið var sama dag og stúdentsprófið mitt í stærðfræði þannig að ég mætti í það snemma um morguninn og fór svo beint þaðan til að keppa á mótinu,“ útskýrir Annie, en hún sigraði á mótinu og tryggði sér þar með sæti á Heimsleikunum. Við tók tveggja mánaða undirbúningstími þar sem Annie kynntist einnig íþróttinni betur og á Heimsleikunum sjálfum var hún lengst af í baráttunni um tvö efstu sætin þar til óþekkt æfing felldi hana. „Við áttum að gera æfingu sem kallast „muscle up“ og ég hafði aldrei gert hana áður og féll því úr toppbaráttunni og endaði í 11. sæti. Þetta þótti samt nokkuð góður árangur miðað við að ég var alveg óreynd þegar ég tók þátt. Þetta varð líka til þess að ég varð nokkuð þekkt innan CrossFit-samfélagsins,“ segir hún brosandi.

## VEIK FYRIR SÚKKULAÐI

Annie Mist æfir ellefu sinnum í viku og fylgir strangri æfingaáætlun sem unnin er af finnskum þjálfara hennar. Til að ná árangri í CrossFit þarf einstaklingurinn að vera bæði sterkur og snöggur enda byggist íþróttin aðallega á þol- og styrktaræfingum. Annie segir lítið mál að æfa svo oft þegar maður hafi agann og brennandi áhuga á íþróttinni. Hún tekur einnig fram að það skipti miklu máli að vera með gott fólk á bak við sig, góða æfingafélaga og þolinmóða fjölskyldu.

Þegar svo mikill tími fer í æfingar hlýtur skemmtanahald að sitja á hakanum og viðurkennir Annie Mist að það sé raunin. „Ég djamma lítið og fer aldrei á barinn á virkum dögum. Ætli ég drekki ekki fjórum sinnum á ári að meðaltali.“

Annie Mist á sér þó einn veikleika og það er 70 prósent hreint súkkulaði. „Ég á erfitt með að fylgja ströngu mataræði, það er minn helsti veikleiki. Mér finnst íslenskar mjólkurvörur rosalega góðar og borða mikið af þeim og ég elska súkkulaði. Ég borða örugglega um 100 grömm á dag af dökku súkkulaði,“ segir hún hlæjandi.

## LYFTIR 90 KÍLÓUM

Annie Mist er í einstaklega góðu líkamlegu formi eftir áralanga íþróttaiðkun. Innt eftir því hvað stúlkum og strákum finnist um vöðvastæltan líkama hennar segist hún aldrei fá annað en hrós. „Ég held að margar stelpur hafi svolitlar áhyggjur af því að verða of vöðvastæltar ef þær stunda CrossFit. Þær ættu þó ekki að hafa of miklar áhyggjur, stelpur verða sjaldnast of vöðvastæltar nema með aðstoð og markvissum æfingum til að auka vöðvamassa.“

Annie á danskan kærasta sem hún kynntist að sjálfsögðu í gegnum CrossFit og hafa þau verið á föstu í hálft ár. Parið reynir að hittast minnst einu sinni í mánuði en þess á milli halda þau sambandinu gangandi með aðstoð samskiptaforritsins Skype. Þá hjálpar það einnig að Annie tekur að sér að kenna námskeið fyrir CrossFit-þjálfara víða um Evrópu og getur því nýtt flugferðirnar til að heimsækja kærastann. „Það er vissulega erfitt að vera í svona fjarsambandi en það gengur með svolítilli vinnu. Ég


MK
MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI

Upplýsingar veitir fagstjóri viðskipta- og fjármálagreina í síma 594 4000/824 4114.
Netfang inga.karlsdottir@mk.is

SKRIFSTOFU- OG FJÁRMÁLAGREINANÁM
NÁM FYRIR FULLORÐIÐ FÓLK

Nám sem nýtist þér!

**Skrifstofubraut I**
Staðbundið nám, tvær annir – höfuðáhersla er lögð á viðskipta- og samskiptagreinar.
Staðbundið nám, kennslutími frá kl. 8:20 – 13:00.
**Fjarnám,** þrjár annir.
Kennt í lotum.

**50+**
Hagnýtt nám fyrir þá sem eru komnir yfir fimmtugt, vilja styrkja sig í lífi og starfi eða taka að sér ný verkefni.

**Office Skills Programme for foreigners**
Nám á skrifstofubraut fyrir þá sem ekki hafa íslensku að móðurmáli.

**Skrifstofubraut II**
Staðbundið nám, kennslutími frá kl. 8:20 – 13:00.

**Hagnýtt viðskipta- og fjármálagreinanám**
Spennandi námsleið sérsniðin að vinnutíma fólks í fjármálafyrirtækjum. Áhersla lögð á hagnýtar viðskiptatengdar námsgreinar. **Fjarnám.**

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI
HÓTEL- OG MATVÆLASKÓLINN FERÐAMÁLASKÓLINN LEIÐSÖGUSKÓLINN



RIR

ULAÐI

er líka að reyna að toga hann hingað til Íslands þannig að vonandi breytist þetta ástand fljótlega.“

Blaðamaður laumast til þess að spyrja Annie hvað hún nú taki nú eiginlega í bekk en fær það svar að hún stundi ekki slíkar æfingar. „Bekkpressur eru ekki beint hluti af CrossFit og mér finnst það frekar leiðinlegar æfingar. Ég stunda ólympískar lyftingar og þar tek ég 90 kíló í „clean and jerk“ og 70 kíló í snörun.“

### AUGLÝSIR REEBOK

Annie Mist gerði nýverið samning við íþróttavöruframleiðandann Reebok og leggur þeim meðal annars lið við hönnun á fatnaði sem er sérsniðinn að þörfum þeirra sem stunda CrossFit. Auk þess situr hún fyrir í auglýsingum fyrirtækisins og þekur ein slík meðal annars þakið á flugvellinum í Los Angeles. „Samningurinn felur meðal annars í sér að ég aðstoði þau við vöruþróun og auglýsi vörurnar. Mér skilst að það sé stór auglýsing með mér á þaki flugvallarins í Los Angeles, sem er svolítið skrítin tilhugsun.“

Annie telst eitt af undrabörnum CrossFit-íþróttarinnar en þrátt fyrir það lætur hún athyglina ekki ná til sín heldur er hógværðin uppmáluð. „Ég er bæði búin að æfa íþróttina mjög stutt og er einnig með þeim yngstu og hef þess vegna vakið nokkra athygli. En það eru margar mjög efnilegar konur að keppa í þessu og maður veit aldrei hverjum maður mætir eða hvernig keppnin verður. Þó ég sé stanslaust að bæta mig þá eru hinir keppendurnir líka að því ... sem er pirrandi,“ segir hún og skellir upp úr.

### STEFNIR Á SIGUR

Faðir Annie er ættaður frá Vík í Mýrdal og þar ól hún manninn fyrstu sex ár ævinnar. Hún man lítið frá þeim tíma annað en að lífið hafi verið gott og að því hafi fylgt mikið frelsi að búa í svo litlu þorpi. Annie á tvo eldri bræður og segir tilveruna þægilega þegar maður er bæði yngsta barnið og eina stúlkan að auki. „Ég segi ekki að ég hafi verið dekruð en maður fékk mikla athygli og það var passað upp á mann. Ég þurfti samt líka að hafa fyrir mínu verandi litla systir en svona oftast var þetta frekar þægileg tilvera,“ segir hún brosandi.

Samhliða stífri íþróttaiðkun stundar hún einnig nám í lífefnafræði við Háskóla Íslands og stefnir á læknisfræðinám í framtíðinni. Hún er einnig meðeigandi að CrossFit BC sem hlýtur að teljast nokkuð merkilegt þar sem hún er ekki nema 21 árs gömul. Og Annie stefnir hærra í nánustu framtíð því hún hefur einsett sér að sigra á næstu Heimsleikum. „Eins og alltaf,“ segir hún að lokum brosandi.

* myndaalbúmið



Þarna er ég ásamt bræðrum mínum, Kolla og Svani, og pabba í göngutúr í Vík í Mýrdal.



Þarna er ég sex ára í Noregi ásamt bræðrum mínum.



Mitt fyrsta Kvennahlaup með mömmu. Ég er um fimm ára gömul þarna.



Ég á CrossFit-æfingu.


Kynning




**Dolce&Gabbana og Madonna**
Hér á ferðinni er hönnun á D&G sólgleraugnalínu sem sjálf söngkonan Madonna er aðili að í samvinnu við Domenico Dolce og Stefano Gabbana.
*Sjá má fleiri MDG sólgleraugu á www.opticalstudio.is*

**OPTICAL STUDIO**
www.opticalstudio.is

**Oakley, módel TEN, litur á umgjörð Black Ink. Linsan er Polarized svokölluð OO Red Iridium.**
Oakley halda því fram, og vitna í óháða rannsókn, að þetta séu skörpustu og bestu Polarized gler sem til eru í dag.
*Meiri upplýsingar um Oakley á vef Optical Studio, www.opticalstudio.is*



## Töff sólgleraugu fyrir sumarið

**AUGAÐ**
Gleraugnaverslun
Kringlunni
S. 568-9111
www.augad.is



Carrera
Verð 32.700



Ray Ban
Verð 19.900



Gucci
Verð 48.200



Marc by Marc Jacobs
Verð 23.600

**Sjónlínan**
**Gleraugnaverslun**
Strandgötu Hafnarfirði
www.sjonlinan.is



**Kaenon Polarized Georgia Blue Lagoon**
golfgleraugu fyrir konur.
Verð 34.900 kr.



**Kaenon Polarized Kore veiðigleraugu fyrir karlmenn.**
Sjóngler úr SR-91
Verð 33.900 kr.

# Eru gallabuxnakaup vandamál?

Mery Mondo eru þá buxurnar fyrir þig



MERI MONDO JEANS

Frábærar buxur í tveimur sniðum og þremur lengdum.

Nýjar flottar gallabuxur á Íslandi.



kello

Kringlunni sími 568 4900

Útsölustaðir.

• Bjarg Akranesi • Rikka Akureyri • Jón og Gunna Ísafirði •




## Á RÚMSTOKKNUM

*Sigga Dögg kynfræðingur*

# Hættulegar fantasíur

**Þannig gætu hættulegar fantasíur talist þær sem eru ólöglegar.**

*Sæl Sigga, hvaða fantasíur teljast afbrigðilegar/ hættulegar í kynlífi?*

**Svar:** Fantasíur verða í raun aðeins hættulegar þegar þær hætta að verða fantasíur í hugarheimi viðkomandi og verða gjörðir. Þannig gætu hættulegar fantasíur talist þær sem eru ólöglegar samkvæmt gildandi lögum þess lands sem viðkomandi er í hverju sinni. Þá mætti einnig líta á fantasíur sem snúa að sjálfsmeiðingum sem mögulega „hættulegar“ ef þær valda einstaklingnum alvarlegum líkamsskaða og gætu leitt til dauða, eins og til dæmis erótísk köfnun. Það sem er skilgreint sem afbrigðilegt er síðan ögn flóknara þar sem það er einstaklingsbundið hvað hverjum finnst bregða út frá norminu. Þá er skilgreining á afbrigðileika einnig breytileg eftir tíðarandanum í samfélaginu. Það er fátt algilt í kynlífi og því er ekki hægt að svara þessari spurningu með upptalningu á forboðnum kynlífsathöfnum en ágætis viðmið er lagaramminn og eigin gildismat um hvað þú ert til í og hvað ekki.

*Sæl Sigga Dögg. Ég hef velt svolitlu fyrir mér í nokkurn tíma. Það er alltaf verið að tala um yngri kynslóðina í dag sem „klámkynslóðina“ og maður hefur heyrt sögur af tottkeppnum sem fara fram í löngu frímínútunum í grunnskólum. Eiga þessar sögur sér stoð í raunveruleikanum og ef svo er, hvað er til ráða?*

**Svar:** Þegar talað er um klámkynslóðina þá er það minn skilningur að átt er við ungt fólk sem sækir sér fróðleik í klámmyndir og lítur á þær sem eins konar kynfræðslu og leiðarvísi í kynlífi. Ég persónulega hef aldrei orðið vör við tottkeppnir í grunnskólum en það getur vel verið að þær séu til þó að mig gruni að þetta sé flökkusaga. Þá veit ég heldur ekki hvort tottkeppnir séu bein afleiðing klámmynda þótt það geti vel verið. Það mikilvægasta fyrir hvern grunnskólanemanda er opin og hreinskilin umræða um kynlíf; bæði meðal vina, fjölskyldu og innan skólans. Ungt fólk er fróðleiksþyrst og það fellur í skaut okkar sem eldri erum að miðla réttum og fordómalausum upplýsingum sem byggja á staðreyndum en ekki eigin gildismati. Líkt og kynfræðsla sem kynfræðingur getur veitt er öllum spurningum svarað, óháð persónulegum skoðunum þess sem fræðir. Þá á svarið við spurningunni að ofan ágætlega við þessa spurningu líka. Lögin setja okkur ákveðinn ramma, líkt og skilyrði um samþykki beggja aðila, en utan þeirra er erfitt að flokka einhverjar tilteknar kynlífsathafnir sem beinlínis rangar. Fræðsla, fróðleikur og nóg af upplýstri umræðu er því svarið.

# Nýtt fyrir sundið og sólbaðið



Waveboom 2 piece
String Bikini
Stærðir: 34-43
Litir: fjólublár/gulur
og bleikur/blár
www.utilif.is



Boomsurf 2 Piece
Bikiní – barna
Stærðir: 116-176
Verð: 5.990 kr
www.utilif.is

**ÚTILÍF**
www.utilif.is



**Lait Solaire** er ný alhliða sólarvörn frá Biotherm sem hentar fyrir konur og karla fyrir andlit og líkama. Hámarksvörn með 100% þægilegri áferð sem myndar ekki hvítar rákir. Kemur í vörn SPF 15 og 30.



Botanical 2 piece
Underwired Boyleg bikiní
Stærðir: 36-42
Verð: 8.990,-
www.utilif.is



Olíulaus sólarvörn fyrir líkama í spreyformi með SPF 15. Tryggir jafna og langvarandi brúnku. Afar hentug fyrir íþróttafólk.



Olíulaus sólarvörn fyrir andlit með SPF15 sem hentar öllum húðgerðum. Veitir geislandi og endingargóða brúnku.

**Sigurborg ehf**
facebook.com/
sigurborgehf

**ÚTILÍF**
www.utilif.is



Watershorts
Hybrid Print 22“
Sundbuxur – karla
Stærðir: S-XL
Verð: 7.990 kr.
www.utilif.is

Kynning

# VEIÐIPORTIÐ

Grandagarði 3, 101 Reykjavík, Sími 552 9940

Opnunartímar mán.–fös. kl. 9–18. Laugard. kl. 9–16
Opið á sunnudögum í júní, júlí og ágúst.



3 LagaTaimen master jakki
flísklæddir vasar, stroff á ermum
vatnsheldnir rennilásar, 100%
vatnsheldni og góð útöndun
Það besta frá Taimen einn með öllu.

**Verð 46.900 kr.**



Taimen River jakket
3 Laga jakki með
stillanlegu stroffi á ermum,
flísklæddum vösum, vatnsheldnir
rennilásar.

**Verð 38.900 kr.**



Taimen River CNV.
3 og 5 laga vöðlur
Þessum vöðlum er hægt að breyta
í mittisvöðlur 5 laga skálmar
tryggja betri endingu vatnsheldur
vasi og góður neoprene sokkur.

**38.950 kr.**



**Tilboð aðeins**
**17.900 kr.**
Snowbee öndunar vöðlur
belti, taska, pvc sokkur
og góður vasi
ATH. bara til í st.L,XL XXL
Takmarkað magn !



Ódýrar en góðar
pvc vöðlur
Stærðir 41 - 47

**Verð 6900 kr.**



Vandað 7 legu kasthjól
frá Jaxon mjög hátt
gírað auka spóla
Verð 7.890 kr.

**Tilboð: 6.900 kr.**



Gott 3 legu kasthjól með
góðri bremsu og aukaspóla.

**Tilboð 2.990 kr.**



5 Legu kasthjól frá Jaxon
fín bremsa og auka spóla.

**4.595 kr.**



Mistrall Ziro spinn hjól.
Langvinsælasta spinn hjólið
okkar 6 legur auka spóla
og ótrúlega vel ballanserað.
Þetta klikkar ekki 2 ára
ábyrgð.

**6.950 kr.**



**Flott byrjendasett**
lina 6 eða 7
jaxon 9 feta söng
jaxon large arbore diskabremsuhjól
jóakims flotlina
undirlína
polaroid gleraugu
derhúfa
taumur og 10 flugur í poka .

**Fullt verð 29.275**
**TILBOÐ 19.900 KR.**



Flökunarhnífur

**aðeins 1.990 kr.**



Klofstígvél úr Pvc
6.950 kr.

**tilboð 5.900 kr.**



Jaxon libra lxd 700
Mjög gott sjóstangveiðihjól með
raðara og teljara.

**11.950 kr.**

**Tilboð 9.900 kr.**
2 Laga jakki með útöndun
hettu og góðum vösum.
**Verð 14.950 kr.**





2 laga jaxon jakki með
útöndun, góðri hettu
flísklæddum vösum
og stroffi í ermum

**verð 16.950 kr.**




ATH. VERÐLÆKKUN
Á FLUGUM
Púpur **200 kr.**
Straumflugur **285 kr.**
laxaflugur **350 kr**
Brass túpur **395 kr.**
Betri verð á flugum
í 8 ár.

JAXON | MISTRALL THE BEST FOR FISHING | YUKON ADVANCED OPTICS | Bushnell | Scott | SHIMANO | ROBINSON Champions' Team



# YFIRHEYRSLAN

## Guðbjörg Jakobsdóttir, fatahönnuður.

**Háir hælar eða flatbotna skór:** Himinháir hælar, takk!

**Ómissandi í snyrtibudduna:** Gloss eða varalitur.

**Uppáhaldsliturinn:** Enginn einn og uppáhaldið breytist dag frá degi. Þessa dagana verða bleikur og fjólublár oft fyrir valinu hjá mér.



**Hver eru nýjustu kaupin?** Ég missti mig í útsölu hjá Heildsölu Halldórs Jónssonar um helgina og var ánægðust með að kaupa tvö glös af uppáhaldsilmvatninu mínu, Oriental Flower frá Kenzo.

**Hvað dreymir þig um að eignast?** Er enn að bíða eftir fallega, litríka silkikjólnum sem ég óskaði mér fyrir síðasta sumar. Hann hlýtur að koma til mín í ár.



**Hvaða lag kemur þér í gott skap?** „Home" með Glasser.

**Uppáhaldshönnuðurinn:** Æ, þarf ég að velja einn? Marc Jacobs, nei, Alexander McQueen, nei, Vivienne Westwood!!



**Uppáhaldsdrykkurinn:** Það líður ekki sá dagur að ég fái mér ekki kaffi. Það hlýtur að gera það að uppáhaldsdrykknum mínum.





Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki





Diðrik hannaði tvöfaldan kaffibolla með holrúmi sem einangrar svo að kaffið helst lengur heitt.

Elín hannaði ílát fyrir afganga upp úr gömlu Kahla-stelli sem hún átti í eldhússkápnum.

Ingibjörg vann með gamalt munstur frá Kahla.

# Sýna lokaverkin í Berlín

**Útskriftarnemar í Mótun við Myndlistaskólann í Reykjavík hönnuðu lokaverkefnin sín í samvinnu við þýsku postulínsverksmiðjuna Kahla. Eftir sýningu í Berlín gæti tekið við starfsnám við verksmiðjuna.**

„Þetta er einstakt tækifæri og lyftistöng fyrir fagið hér á Íslandi,“ segir Ingibjörg Guðmundsdóttir, ein þeirra fimm sem útskrifast úr tveggja ára diplómanámi í Mótun við Myndlistaskólann í Reykjavík í vor, en útskriftarverkefnin voru unnin í samstarfi við postulínsframleiðandann Kahla.

Dagana 1. til 5. júní sýnir hópurinn á alþjóðlegu hönnunarsýningunni DMY í Berlín, þar sem yfirhönnuður Kahla, Barbara Schmidt fer yfir útskriftarverkin en hún var jafnframt einn af kennurum verkefnisins.

„Barböru leist svo vel á hlutina okkar að hún stakk upp á að við sýndum á DMY. Þar mun hún fara yfir verkin og hugsanlega bjóða einu okkar eða fleirum lærlingsvist hjá Kahla til að þróa vörurnar enn frekar,“ segir Ingibjörg og bætir við að ómetanlegt sé að komast inn á verkstæði hjá fyrirtæki af þessari stærðargráðu.

„Kahla er stærsta postulínsverksmiðja í Þýskalandi og hefur selt vörur sínar um allan heim í áratugi. Kahla er iðulega í samstarfi við hönnuði, listamenn og skóla til að halda vörulínu sinni sem ferskastri, en þetta er í fyrsta sinn sem þeir eru í samstarfi við íslenska nemendur.“



Ingibjörg Guðmundsóttir, Diðrik Steinsson og Elín Haraldsdóttir, útskriftarnemendur í Mótun, hafa hannað muni fyrir postulínsverksmiðjuna Kahla. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Aðspurð hvort samkeppnin hafi haft áhrif á andann í bekknum segir hún örlítinn titring hafa farið um hópinn í byrjun, en hann hafi rjátlast af þeim strax. „Í listnámi verður bekkurinn bara eins og náin fjölskylda,“ segir Ingibjörg en hún er ásamt félögum sínum að leggja lokahönd á undirbúning útskriftarsýningar Myndlistaskólans í Reykjavík sem verður opnuð í dag klukkan 17 í Gömlu útgerðinni að Grandagarði 16.

Þar verður hægt að bera vörurnar sem unnar voru fyrir Kahla augum ásamt verkefnum annarra deilda skólans. Sýningin er opin dagana 7., 8. og 9. maí milli klukkan 13 og 19.

*heida@frettabladid.is*


Mæðradagurinn er á sunnudaginn



Blóm gera kraftaverk

íslensk blóm

SIGURBOGINN 19ára

19% AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM VÖRUM Í DAG OG Á MORGUN

KYNNING Á DIOR OG SHISEIDO SNYRTIVÖRUNUM

Dior
la prairie SWITZERLAND
D&G DOLCE&GABBANA
GUCCI
nails inc. LONDON
SHISEIDO
Wolford
Anita UniqueBodyWear




VERTU VELKOMIN Í AFMÆLIÐ

SIGURBOGINN
LAUGAVEGI 80 S: 561 1330
WWW.SIGURBOGINN.IS

## Hjól og nikkur í miðborginni á morgun

Dagur harmonikkunnar er á morgun og munu harmonikkuleikarar gleðja vegfarendur á völdum stöðum á Laugaveginum frá klukkan 13. Þeir byrja við Stjörnuport og enda á Lækjartorgi og loks í Ráðhúsinu þar sem harmonikkuveisla hefst klukkan 15.

Þá eru borgarbúar hvattir til að hjóla í bæinn en boðið verður upp á vottun og skoðun á Lækjartorgi og Skólavörðustíg frá klukkan 13. Eins verður mikil hjólahátíð á Ingólfstorgi þar sem menn sýna listir sínar á reiðhjólum, mótorhjólum og hjólabrettum.



Haldið verður upp á dag harmonikkunnar í Ráðhúsi Reykjavíkur á morgun.



Fólk er hvatt til að hjóla í bæinn.


LÉTTAR YFIRHAFNIR

MIKIÐ ÚRVAL

STÆRÐIR 40-58

vertu vinur á facebook



belladonna

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517-6460

www.belladonna.is


# Þetta verður bara gleði

**Vorhugur ræður ríkjum í Rangárseli 8 um helgina. Handverksfólk og starfsfólk frá Heilsuhvoli er með opna vinnustofu í Stúdíói Helgu Unnarsdóttur leirkerasmiðs, sem ekki mun sitja auðum höndum heldur.**

Handunnin kerti og hattar, peysur og perlur, ull og ísaumur eru meðal þess sem verður á kynningu í Stúdíói Helgu Unnarsdóttur að Rangárseli 8. „Ég vil sýna að það sé líf hér í Seljahverfinu og sitthvað skemmtilegt sem fólk er að gera,“ segir Helga glaðlega þegar hún er spurð hvað fyrir henni vaki með opinni vinnustofu. „Á meðan gestir fá sér kaffisopa gefst þeim tækifæri til að sjá leirbolla verða til í höndum mínum og stúlku sem heitir Astrid orkera blúndur. Hafdís nokkur verður með kynningu á flottum sokkabuxum frá Leyndarmálinu og starfsfólk frá Heilsuhvoli kynnir svæðanudd, fótaaðgerðir og fleira sem tengist starfsemi þess. Svo verður hér sölusýning á handunnum munum úr leðri og roði, silki, ull og silfri og málverk eftir listamann sem nefnist Steinn.“

Þetta er í fyrsta sinn sem Helga hefur opna vinnustofu að vori til en það hefur verið fastur liður á aðventunni „Margt handverksfólk hefur engan stað til að kynna verk sín á og þetta er spurning um að leggjast á árar með því,“ segir hún.

*gun@frettabladid.is*



Hendur Helgu móta leirinn í rennibekknum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Fínlegt orkerað hárskraut.



Astrid Björk Eiríksdóttir hefur tileinkað sér hið einstaka handverk orkeringu.



Lítil skytta er aðaláhaldið þegar orkerað er.


# Rými er flutt í Brautarholt 26

REITIR Fasteignafélag óska Rými til hamingju með nýtt húsnæði



















Rými Ofnasmiðjan er 75 ára í dag og býður til móttöku milli kl 5 og 7 í tilefni afmælisins í nýjum sýningarsal

RÝMI 75 ÁRA 1936-2011 OFNASMIÐJAN

Brautarholt 26-28 • 105 Reykjavík Sími 511 1100 • www.rymi.is

dot.is




**Bílapartasala**
Höfum opnað varahlutasölu með notaða varahluti í nýlega bíla www.netpartar.is

Partasalan SU-MI Smiðjuvegi 11. Sonata 97, Impreza 99 og Skoda felicia 99, Peugeot 306 99, 206 og 406 ST. Nissan Almera 97, Ford 250 99, Megane 01. Kaupi bíla til niðurrifs. Sími 661 5270.

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Skoda Oktavia árg. '03 og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

Partatorg.is Notaðir varahlutir í ýmsar gerðir nýlegra bíla. partatorg@partatorg.is 565-6020.

**Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.**
Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

## Viðgerðir

Get bætt á mig öllum teg. bíla til viðgerða. Uppl. s. 555 6020

# ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

FANNDALSLAGNIR ehf
pípulagningaverktaki - s. 691-5698

Pípulagningaþjónusta. Faglærðir píparar. Tökum að okkur öll pípulagningaverkefni. Upplýsingar gefur Jón í síma 691 5698.

**Pípulagnir**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 663 5315 & 699 6069.

**Faglærðir Píparar**
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

## Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta
Þvegillinn
5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**A-Ö Þrif&Hreinlæti S. 662 0662**
Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

## Garðyrkja

Garðsláttur
Garðaþjónusta Hlyns
• Garðsláttur
• Klippingar
• Vönduð vinnubrögð
• Fellum tré
Uppl. gefur Hlynur
S. 863 3492

Nú er rétti tíminn til framkvæmda
Hellulagnir • Drenlagnir
Grunnagröftur
Jarðvegsskipti
og öll önnur jarðvinna
Fagleg vinnubrögð
Áratuga reynsla
Tilboð þér að kostnaðarlausu
S.S. Verktak ehf
S. 893 3915




Nú er rétti tíminn fyrir trjáklippingar og grisjun gróðurs ásamt því að fá tilboð í sumarverkin. Ánægðir viðskiptavinir frá 1988! Garðar best ehf. Sími 698 9334 gardarbest.is netfang: gardarbest@gardarbest.is Facebook: Garðar best.

HreinirGarðar
Trjáklippingar
Trjáfellingar
Garðsláttur
Beðahreinsun o. fl.
www.hreinirgardar.is
S.571-2000

Túnþökusala Oddsteins
• Lóðaþökur
• Fótboltaþökur
• Golfvallargras
• Holtagróður
• Eigum ný skornar þökur!
Steini S. 663 6666
Visa/euro

Alhliða garðþjónusta
Garðaþjónusta Íslands ehf
Tökum að okkur alhliða garðavinnu og hreinsun. Klippum og fellum tré, jarðvegsskiptum, helluleggjum, þökuleggjum, beðahreinsum, sláum og fleira.
Vönduð vinnubrögð!
Róbert S. 866 9767

WWW.GOTTVERK.IS
GOTTVERK EHF
ALHLIÐA GARÐAÞJÓNUSTA OG LÓÐAFRÁGANGUR.
GERUM FÖST VERÐTILBOÐ
Hellulagnir • hleðsluveggir
þökulagnir • sláttur • klipping
hreinsun • jarðvegsskipti.
Frekari upplýsingar í s. 897 3057 og á www.gottverk.is

**Trjáklippingar - garðyrkja - hellulagnir.**
**Klippi tré og runna og felli tré, fræsi stubba. Fljót og góð þjónusta. Látið fagmann vinna verkin.**
**Garðaþjónustan Björk**
**Jóhannes garðyrkjumeistari**
**s. 846 8643, 899 7679**

Landrými
• Garðyrkja, nýframkvæmdir og viðhald
• Garðskipulag
• Ráðgjöf
www.landrymi.is
landrymi@landrymi.is
899-7773 & 571-7773

GARÐLIST
Allt fyrir garðinn á einum stað
• Trjáklippingar
• Garðsláttur
• Beðahreinsun
• Stubbatæting
• Garðaúðun
• Þökulagnir
• Og margt fleira
Traust þjónusta í 20 ár
554-1989
Garðlist.is

**Trjáklippingar**
Trjáfellingar og runnaklippingar. Alhliða garða þjónusta. Eiríkur Sæland garðyrkjufræðingur. Sími : 848 1723.

**TRJÁKLIPPINGAR**
Klippi, felli og snyrti tré og runna. Alm. garðavinna. Ágúst Haukur garðyrkjufræðingur s. 848 9600.

Garðsláttur á GÓÐU verði. FAGMENNSKA og persónuleg þjónusta. ENGI ehf. Sími 615-1605.

Tökum að okkur jarðvegsskipti og hellulagnir gerum föst verðtilboð S 7743900

**Garðaumsjón:**
Felli tré, grisja og snyrti. Hagstæð kjör. Halldór garðyrkjum. Sími 698 1215.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar




**20% afsláttur fyrir öryrkja og eldri borgara**
Fagleg vinnubrögð. Margra ára reynsla. Fáðu tilboð strax í dag, þér að kostnaðarlausu. Haukur, S. 777 2722.

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. S. 896 5758.

**Málarameistari**
Jón Ingvar Garðarsson málarameistari tilboð - tímavinna s. 896 6148.

Málarar geta bætt við sig verkum. Tilboð eða tímavinna. Uppl. í s. 661 9046.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

## Húsaviðhald

LP VERK ehf. BYGGINGAFÉLAG
Allar almennar húsaviðgerðir!
Rafvirkjar - Smiðir
Flísalagnir - Múrarar
Málarar - Píparar
698 6738
www.lp-verk.is
Leitaðu tilboða þér að kostnaðarlausu!

Topp Verktakar ehf
• Flísalagnir
• Málning
• Múrarar
• Smíðavinna
• Setjum upp eldhúsinnréttingar og margt fleira
Frábært verð!
Uppl. í s. 774 4449
topp.verktakar.ehf@gmail.com

Viðhaldsverk ehf

**Húsaviðgerðir - Nýbyggingar**
Múrarar, málarar, smiðir - gluggar og hurðir, rafvirkjar og píparar með mikla reynslu í viðhaldi fasteigna geta bætt við sig verkum. Nýbyggingar og allt viðhald fasteigna inni og úti. Viðhaldsverk ehf S. 699 0712 & 618 7712 verk@vidhaldsverk.is

K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR. Múrviðgerðir og flísalagnir. Vönduð vinna Tilb./tímav. S. 899 4254.

Getum bætt við okkur verkefnum. Gluggar/glerjun, þök og klæðningar. Menn með öll réttindi og öllu vanir. Tilboð, tímavinna. S. 694 1385.

**Viðhald - gluggar - hurðir - veggir -gólf. Gerum tilboð. Smíðalausnir. S. 899 3011.**

## Tölvur

tölvuhjálp!
Yfirhalning á tölvu aðeins 2.000 kr.
Ókeypis vírusvörn
Nánar á www.tolvuhjalp.is
Sími 588-9590
Vesturvör 32a, Kópavogi

Tölvuviðgerðir, gagnabjörgun. Kem á staðinn. Gott verð. S. 699 6735 Baldvin.

## Nudd

Whole body massage. S. 849 5247.

Líkamsnudd! Frábær þjónusta! Dúndur tilboð aðeins í dag!! S. 661 8272 eða 693 0348.

THE BEST!!! TANTRIC, LUXURY MASSAGE IN DOWN TOWN ANY TIME!! 24/78698602

Gott nudd - good massage. S. 857 4850 & 844 0329.

## Spádómar

**Spásími 908 7000**
Tarot, miðlun, trúnaður, draumar. Hvað viltu vita á nýju ári. Opið frá 12-23 S. 894 1987 visa/euro.

**661 3839 - Símaspá**
Tímapantanir frá kl. 13.00. um helgar og 16 virka daga.

## Rafvirkjun

**RAFVIRKJUN S. 896 6025**
Tilboð raflagnir, töfluskipti og dyrasímakerfi. Rafneisti ehf. Lögg. rafverktaki.

Lögg. Rafvirki getur tekið að sér verkefni. Gott verð í boði. Uppl. S: 698 1524.

**Raflagnir, dyrasímar. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki.

## Viðgerðir

**Heimilistækjviðgerðir. Þvottavélar ofl.**
Tek að mér að gera við þvottavélar, heimilistæki ofl. Geri við í heimahúsum. Uppl. í s. 772 2049 Ath.

# KEYPT & SELT

## Til sölu



Einstök mynd til sölu. Uppl. í s. 865 9890.







Klassískur gítar full stærð poki, neglur og kennsludiskur Kr:16.900,- Gítarinn ehf, Stórhöfða 27 Sími:552 2125,www gitarinn.is, gitarinn@gitarinn.is.

Kæliklefi 2,79x2,63m auðveldur í uppsetningu, hljóðlátur, 3 ára. Verð 600þús (nýr 1,3m.) Uppl. í s. 892 3102.

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL**
**og aðra eðalmálma gegn framvísun persónuskilríkja. Sigga & Timo Linnetsstíg 2, 220 Hafnarfjörður S. 565 4854 www.siggaogtimo.is**

**Carat - Haukur gullsmiður Smáralind - Kaupum gull og silfur**
**Staðgreiðum gull og silfur í verslun okkar. Upplýsingar í s. 577 7740**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61. Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

**Kaupum ýmislegt gamalt dót**
**30 ára og eldra, t.d. húsgögn, ljósakrónur, hansahillur, leirtau, veski, dúka, spegla, skartgripi, leikföng og fl. og fl. (óskum einnig eftir dánarbúum) Fríða frænka, Vesturgata 3,**
**Opið mánud - föstudaga 12-18 og laugard 12-14. S. 551 4730 & 864 2223.**

**Kaupi gull !**
**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð. Upplýsingar á demantar.is í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

Óska eftir ódýrum gömlum hljómfl. græjum m/segulb/plötusp. einnig dvd spilara/video. uppl 5178159 eða 8665326

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Verslun

7 rósir 990 kr.
Dalía
BLÓMABÚÐ GLÆSIBÆ
S. 568 9120

bathmate
Bathmate er nú með CE vottun!
Meiri stinning, kraftur og lengri limur ásamt tip top reðurheilsu!
Pantana & upplýsingasími
849 0698
www.bathmate.is

# HEILSA

## Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE næðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Heilsuvörur Herbalife, frí ráðgjöf. 8918902 asta@dagamunur.is www.dagamunur.is

Árangur með Herbalife í 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

## Sýningar

**Dúngáll opnar sýningu á nýjum verkum í Gallerý Bar Hverfisgötu 46 laugardaginn 7. maí kl.16.**

Vinir og velunnarar eru velkomnir á opnunina.



## Tilkynningar

**Lokakaffi Kvenfélagsins Heimaeyjar**

KVENFÉLAGIÐ HEIMAEY

Verður á Grand hótel Reykjavík Sunnudaginn 8. maí kl. 14.00. Vonumst til að sjá sem flesta.

Stjórnin

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd




**TANTRA MASSAGE**
Authentic initiation into the tantric mysteries with tantra massage. Unique experience for men, women and couples. Tel: 698 8301 www.tantra-temple.com

Nudd á góðu verði get komið til viðskiptavina. Ekki erótískt. Uppl. í s. 775 0367.

**EKKERT SEX NUDD,**

en æðislegt LÍKAMSSKRÚBB, heitir POTTAR og margar teg. af NUDDI. Einnig DETOX-úthreinsun, FÓTAAÐGERÐIR, SNYRTING og VEITINGAR. Viðráðanleg verð og þú kemst fljótt að. Opið frá 12-18 alla daga nema sun. JB Heilsulind. S. 823 8280

## Þjónusta



**Frelsi frá streitu og kvíða s:694 5494**
Viðar Aðalsteinsson dáleiðslufræðingur og sérfræðingur í EFT www.theta.is

## HEIMILIÐ

## Dýrahald

**Hundagalleríið auglýsir**
**Kíktu á heimasíðuna okkar: www.dalsmynni.is Hundaræktun með starfsleyfi. S. 566 8417 Tökum visa/euro**

## HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

TPM

**Æfingarhúsnæði! Vortilboð!**
Afnotagjöld 21þús. á mánuði Upplýsingar í síma 8243001 og contact@tonaslod.is www.tonaslod.is

3 herb. íbúð til leigu, í nágrenni Rvk. 20 mín. keyrsla til Rvk. Ásamt hesthúsi. S. 869 5212.

Til leigu 4 herb. íb. í kóp. Hörðukór uppl. í s: 664 7001.

Til leigu 3 herb. íbúð á faxabraut fyrir 65 þús. á mán + tryggingu. Uppl. í s. 695 0673.

## Húsnæði óskast

Kona rúml. sextug vantar 2ja herb íb. 1. júní meðmæli til sl. 16 ára S 6616361

Vesturbæjar mæðgur óska eftir að taka á leigu íbúð sem fyrst í 3-4 mán í Vesturbænum eða Seltj-nesi. Öll leiga fyrir tímabilið greidd fyrirfram. Uppl. í s. 895 5752. / mo@tskoli.is

Óska eftir húsnæði til leigu, 4.herbergja eða stærra í Grafarvogi, sem næst Foldaskóla. Hjón með tvo stálpaða krakka, erum með góðar tekjur og bankatryggingu. Góð umgengni. Erum handlagin og getum gert lagfæringar ef þarf. Endilega hafið samband, sími 8993615 eða sigga@netheimar.is

Óska eftir 3 herb. íbúð á höfuðborgarsvæðinu, helst þar sem gæludýr eru leyfð, hef tök á að greiða 120þús. á mán. S. 695 0673.

2-4 herb Íbúð óskast í hverfi 105. Erum reglusöm,ábyrg og reyklaus. Fær um að borga fyrirfram og getum lagt fram tryggingu. uppl í S: 5885704

Par óskar eftir 2ja-3ja herb. húsnæði til leigu í Hafnarfirði. Reglusemi og greiðslum heitið. Geta til að greiða allt að 2 mán. fyrirfram. Uppl. í s. 895 5377 & 866 6566.

## Sumarbústaðir



Framleiðum sumarhús, 20 ára reynsla, sjá heimasíðu: sumarhus.com s. 615-2500.

## Atvinnuhúsnæði

herbergi til leigu fyrir t.d fótaaðgerðafr/nuddara/snyrtifr/naglafr. Mjög sanngjörn leiga. S.6599508

Iðnaðarhúsnæði óskast til leigu 80-150fm. Helst miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu. S 697 3592.

## Geymsluhúsnæði

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 4 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

## Gisting

**GÓÐ GISTING Í MIÐBÆ RVK**
**Dags- og vikuleigu. www.hotel105.com GISTIHÚSIÐ EGILSBORG sími 896 4661**

Stórt sumarhús til leigu í Heklubyggð! Heitur pottur og trampólín. Gistiaðstaða fyrir 10-12 manns. Laus næstu helgar, einnig bókanir byrjaðar f. sumarið. Verð 60.000kr helgin, möguleiki á bílaleigubíl á góðum kjörnum.uppl.í síma 773 7523 eða maili:heklubyggd@gmail.com

## TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

**Lífspekifélagið**

**Sunnudaginn 8. maí kl. 20:30 talar**
Anna Valdimarsdóttir sálfræðingur og forseti Lífspekifélagsins um búddíska sálarfræði í húsi félagsins að Ingólfsstræti 22.

Kaffiveitingar gegn vægu gjaldi.
**www.lifspekifelagid.is**

AA fundur Hverfisgötu karla föstudag kl. 19:30 að Héðinsgata 1-3 Rvk. Minni á neyðarsíma deildarinnar 848 9931.

## Einkamál

Heit heit heit upptaka! Yndisleg símadama á Rauða Torginu tók sjálfa sig upp um daginn í heitum heitum leik. Alveg mögnuð upptaka! Sögur Rauða Torgsins, s. 905-2002 og 535-9930, upptöknr. 8774.

Símadama - tekjutrygging Símaþjónusta Rauða Torgsins leitar samstarfs við trausta, duglega, hressa og skemmtilega símadömu, 30 ára eða eldri. Tekjutrygging í boði. Nánar á vef: RaudaTorgid.is (Atvinna í boði + Dömuvaktin).

**Spjalldömur 908 5050**
Opið allan sólarhringinn.

Kona vill kynnast karlmanni með náin kynni í huga. Rauða Torgið Stefnumót, s. 905-2000 og 535-9920.

Heitt spjall í kvöld. Dömuvaktin frá 20-24. Símadömur Rauða Torgsins, s. 908-6000 og 535-9999.

## ATVINNA

## Atvinna í boði

**Járniðnaðarmenn**
**Óskum eftir vélvirkja, járniðnaðarmanni, nema og aðstoðamanni. Umsóknir sendist á thjonusta@365.is Merkt: Járniðnaðarmenn**

**Pylsuvagninn í Laugardal**
**Óskar eftir starfsfólki í aukavinnu. Góð laun í boði fyrir rétt fólk. Umsóknir sendast á heilsuvagninn@gmail.com**

**PORTIÐ**
CAFÉ & RESTAURANT KRINGLUNNI

**Óskum eftir starfsfólki**

**Aðstoð í eldhús**
fullt starf og hlutastarf

**Þjón í sal**
fullt starf og hlutastarf

Aðeins fólk með reynslu kemur til greina. Íslenskukunnátta skilyrði. Icelandic skills required.

**Áhugasamir sendið umsókn. á netfangið info@portid.is**




**Pókergjafarar óskast!**
**Óskum eftir heiðarlegum, duglegum, ábyrgum, aðlaðandi pókergjöfurum. Um er að ræða næturvinnu með góðum árángurstengdum launum fyrir rétta aðila. Aldurstakmark er 20 ár og þarf að ljúka 2 vikna námskeiði áður en hægt er að byrja. Upplýsingar gefur Pétur í síma 659 3543 eða á paxel32@live.com**

**Atvinna í boði.**
**Vantar vana járniðnaðarmenn í vinnu. Umsóknir sendist á vs-magga@simnet.is Vélsmiðja Suðurlands ehf Gagnheiði 5 800 Selfoss S: 482-1980**

VÉLAMIÐSTÖÐIN

Vélamiðstöðin óskar eftir að ráða starfsmenn á verkstæði. Umsóknir og fyrirspurnir óskast á netfangið helga@igf.is

Símadama - tekjutrygging Símaþjónusta Rauða Torgsins leitar samstarfs við trausta, duglega, hressa og skemmtilega símadömu, 30 ára eða eldri. Tekjutrygging í boði. Nánar á vef: RaudaTorgid.is (Atvinna í boði + Dömuvaktin).

Gluggaísetningar og gifsvinna fyrir röska og vana menn. Vinnusvæði Reykjavík og Suðurnes. Glersogskálar og hlaupaköttur m/mótor óskast á sama stað. Uppl. sendist á santon@mi.is.

Stýrimann vantar á bát í afleysingar út maí. Lágmark 1.stig. Uppl. í s. 694 8908. Guðjón.

Okkur vantar fólk í kvöldstarf. Góðar tekjur fyrir réttan aðila. Uppl. gefur Viggó í 553-6688 eða viggo@tmi.is

Jökulsárlón ehf. óskar eftir að ráða skipstjóra til siglinga á hjólabát í sumarstarf. Viðkomandi þarf að hafa skipstjóraréttindi og auk þess að hafa lokið námskeiði hjá slysavarnaskóla sjómanna, kostur er ef viðkomandi hefur lokið námskeiði í hóp - og neyðarstjórnun. Upplýsingar gefur Ágúst Elvarsson í tölvupósti agust@jokulsarlon.is eða í síma 868-4797 eftir kl 19:00 Umsóknir og ferilskrár berist á sama veffang.

## Atvinna óskast

Bakari óskar eftir vinnu hvort sem er á höfuðborgasvæðinu eða úti á landi. Get byrjað strax, upplýsingar í síma 696 0671.

## Atvinna

**juris**

Borgartúni 26
IS 105 Reykjavík
+354 580 4400
www.juris.is

### Lögfræðingar

Lögmannsstofan Juris óskar eftir að ráða lögfræðinga til starfa. Leitað er eftir lögfræðingum sem hafa áhuga á að fást við viðfangsefni þar sem einkum reynir á fyrirtækja- og fjármálalögfræði, auk málflutningsstarfa. Auk íslensku þurfa umsækjendur að hafa gott vald á ensku, bæði rituðu og mæltu máli.

Juris sérhæfir sig í lögmannsþjónustu á sviði fyrirtækja- og fjármálalögfræði. Hjá stofunni starfa nú um 25 manns.

Umsóknir skulu berast eigi síðar en 12. maí nk. á netfangið hanna@juris.is.

### Trésmiðir óskast til Noregs

Eykt óskar eftir trésmiðum sem hafa áhuga á að vinna að verkefnum með fyrirtækinu í Noregi.

Tekið er við umsóknum með upplýsingum um starfsreynslu og menntun á skrifstofu Eyktar að Þórunnartúni þrettán (Skúlagötu 63).

**EYKT**
ÞEKKINGARFYRIRTÆKI Í BYGGINGARIÐNAÐI

## Tilkynningar

FISKISTOFA

### Sérstök úthlutun í skötusel.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið hefur gefið út reglugerð nr. 465/2011, um breytingu á reglugerð nr. 734/2010, um ráðstöfun aflaheimilda í skötusel á fiskveiðiárinu 2010/2011, með síðari breytingum.

Reglugerðina má sjá á vef Fiskistofu, en þar er einnig eyðublað til að sækja um úthlutun.

**Umsóknarfrestur er til og með 12. maí 2011.**

## Atvinnuhúsnæði

FASTEIGNASALAN BYGGÐ

TRAUST FASTEIGNASALA
Sími: 464 9955

### Til sölu bil í verslunarmiðstöðinni Sunnuhlíð, Akureyri.

Bilið er 95 fm. að stærð og innréttað sem verslun.

Einnig til sölu filmuframköllunarvél, prentari, sjóðsvél, framköllunarvökvar, filmuplastari, myrkratjald og fleira tengt framköllun.

Nánari upplýsingar veitir undirrituð.
**Tilboðsfrestur er til 15. maí 2011.**

Arnbjörg Sigurðardóttir hdl.
Strandgötu 29 • Akureyri • Sími 464 9900
arnbjorg@logmannsstofa.is

## Fasteignir

# Við leitum að ...

**... 4ra herbergja íbúð á 2-3 hæð í Sjálandshverfi með sjávarsýn.**
- Nánari upplýsingar veitir Davíð Jónsson í síma 697 3080.

**... 4ra herbergja íbúð með bílskúr eða stæði í bílageymslu**
- Nánari upplýsingar veitir Atli S. Sigvarðsson í síma 899 1178.

**... rað- par eða einbýli í nágrenni Snælandsskóla eða Álfhólsskóla**
4-5 svefnherbergi
Möguleg skipti á 4ra herbergja íbúð í sama hverfi
- Nánari upplýsingar veitir Ragna Óskarsdóttir í síma 892 3342.

**MIKLABORG**
569-7000 Síðumúli 13 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

**- með þér alla leið -**

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** voð, **6.** óreiða, **8.** skordýr, **9.** tímabils, **11.** hreyfing, **12.** málmhúðun, **14.** teygjudýr, **16.** tvíhljóði, **17.** dýrahljóð, **18.** suss, **20.** snæddi, **21.** faðmlag.

**LÓÐRÉTT**
**1.** morð, **3.** hvort, **4.** planta, **5.** sakka, **7.** niðurstaða, **10.** er, **13.** vefnaðarvara, **15.** arða, **16.** í viðbót, **19.** gyltu.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** segl, **6.** rú, **8.** fló, **9.** árs, **11.** ið, **12.** plett, **14.** amaba, **16.** au, **17.** urr, **18.** uss, **20.** át, **21.** knús.
**LÓÐRÉTT: 1.** dráp, **3.** ef, **4.** glitbrá, **5.** lóð, **7.** úrlausn, **10.** sem, **13.** tau, **15.** arta, **16.** auk, **19.** sú.


Hljómsveitin Sixties
Stórdansleikur á Kringlukránni
Sérstakur gestur er Svenni úr Rooftops
laugardaginn 7. maí
Aðeins 1500 kr aðgangseyrir
Sjáumst.
Café Restaurant KRINGLU KRÁIN – á góðri stund






CISV iceland
building global friendship

Einstakt sumarævintýri

CISV eru alþjóðleg sjálfboðaliðasamtök sem hefur frá árinu 1951 staðið fyrir sumarbúðum víðsvegar um heiminn. Þátttaka í sumarbúðum á vegum CISV er þroskandi upplifun sem eykur víðsýni og gefur tækifæri til að kynnast ólíkum menningarheimum. Forseti Íslands er verndari samtakanna.

**Ennþá eru nokkur laus pláss fyrir árið 2011:**
**Fyrir 11 ára:**
Indland – Mumbai – 15.júní – 12. júlí. Laust fyrir strák og stelpu
Brasilía – Sao Paulo – 27. des – 23. jan. Laust fyrir strák
**Fyrir 14 ára:**
Ísland – Hella – 1. júlí – 23.júlí. Laust fyrir strák
**Fyrir 15 ára:**
Mexikó – Querétaro – 8. júlí – 30. júlí. Laust fyrir strák
**Fyrir 16 – 17 ára:**
Kórea – Seoul – 23. júlí – 19. ágúst – Laust fyrir stelpu
**Fyrir 21. árs og eldri:**
Fararstjórn í unglingabúðir fyrir 14 ára á Hellu.

Nánari upplýsingar veitir Ásta í síma 861 1122 eða asta@cisv.is www.cisv.is


# Kúrinn

BAKÞANKAR
Brynhildar Björnsdóttur



Ég var alveg að verða tólf ára þegar ég fór í minn fyrsta megrunarkúr. Það var Scarsdale-kúrinn, sem gaf loforðið „sjö kíló á fjórtán dögum án sultar eða þrenginga“. Utan á bókinni var mynd af konu á göngu í garði sem henti epli í ruslafötu sem stóð við hliðina á bekk þar sem risastór maður sat og borðaði hamborgara. Mjög hvetjandi.

**„EPLI-** jógúrt-jógúrt-epli“ var næstur á dagskrá, fimm daga kúr þar sem epli og jógúrt skiptust á að gleðja og seðja þó að hvorttveggja dvínaði eftir því sem leið á vikuna og kílóin sem fóru kæmu aftur innan skamms.

**SÚPUKÚRINN** samanstóð af grænmetissúpu sem mátti borða ótakmarkað, því hún „étur mann á móti“, sem þýðir að það fara fleiri hitaeiningar í að brenna grænmetinu en koma úr súpunni. Mest lítið annað var hins vegar á boðstólum og súpan góða varð ansi þreytandi til lengdar.

**SÍTRÓNUSAFAKÚRINN:** torkennilegt töfralyf í brúsa sem blandað var út í heitt vatn og svo mátti drekka þetta allan daginn. Átti að hreinsa líkamann sundur og saman og gera út af við allar óheilbrigðar langanir. Ég fékk bara í magann.

**GRAPE-SLIM** kúrinn: töflur unnar úr greipaldini sem Joan Collins mælti ákaft með. Töflurnar áttu að draga úr matarlyst, ef ekki bara hindra hana alveg, og grenna neytandann í kjölfarið. Ógeðslega vondar og kölluðu á eitthvað sætt til að ná bragðinu úr munninum.

**SOUTH** Beach kúrinn: tvær vikur á mjög ströngu kolvetnalausu fæði en síðan mátti smám saman bæta góðum og grófum kolvetnum við. Gekk ágætlega til jóla.

**DR.** Gillian: reyndi að fara eftir ráðleggingum hennar en komst að því að það tæki allan daginn og svo var ég ekki alveg til í þær persónulegu rannsóknir á úrgangi sem hún mælir svo eindregið með.

**HERBALIFE:** tveir hressilegir hristingar á dag og svo kvöldmatur gekk ljómandi vel í fjóra mánuði. Græna brennsluteið virkaði reyndar eins og ég ímynda mér að amfetamín myndi virka á mig og þegar ég var hætt að sofa og hélt að kettirnir væru geimverur var sá draumur búinn.

**ZONE:** danski, mjólk og bananar, hættaklukkan-átta, kolvetnakúrinn, kolvetnalausi kúrinn, New York kúrinn, Hollywoodkúrinn, Cambridge-kúrinn, Atkins-kúrinn, LR kúrinn, 13 daga kúrinn, kúrkúrinn...

**Í DAG** er megrunarlausi dagurinn sem fagnar heilbrigði, ekki hitaeiningum. Lifið og njótið!

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman






VINSÆLASTA SJÓNVARPSEFNI Í HEIMI OG FRÁBÆR ÍSLENSK DAGSKRÁ ALLAN SÓLARHRINGINN Á ÞREMUR SJÓNVARPSSTÖÐVUM FRÁ AÐEINS 229 KR. Á DAG

Tryggðu þér áskrift í dag!

VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR.

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000




## Compaq Presario CQ56

**89.900 kr.**

~~99.900 kr.~~

Örgjörvi: Intel Celeron T3500
Harður diskur: 320 GB SATA
Skjár: 15,6" LED Bright-View
Skjákort: Intel® Graphics Media skjástýring 4500M 1309 MB
Vinnsluminni: 3 GB DDR2 (1024 og 2048MB)
Ábyrgð: 3ja ára ábyrgð.

# MÖGNUÐ MEISTARATILBOÐ!

Tilboðin gilda eingöngu föstudaginn 6. maí og laugardaginn 7. maí.










## HP Pavilion DV6

**129.900 kr.**

~~149.900 kr.~~

Örgjörvi: AMD Athlon II Dual-Core P340
Harður diskur: 320 GB SATA
Skjár: 15,6" LED Bright-View
Skjákort: ATI Mobility RadeonT HD 5470
Vinnsluminni: 4 GB DDR3 (2x2048MB)
Ábyrgð: 3ja ára ábyrgð.

## HP Pro 3120

**69.900 kr.**

~~89.900 kr.~~

Örgjörvi: Intel Dual Core E5500
Harður diskur: 320 GB SATA
Skjástýring: Intel Graphics Media Accelerator X4500HD
Vinnsluminni: 2 GB DDR3
Ábyrgð: 2ja ára neytendaábyrgð.

## HP 620

**99.900 kr.**

~~119.900 kr.~~

Örgjörvi: Intel Core Duo T4500
Harður diskur: 320 GB SATA
Skjár: 15,6" LED Bright-View
Skjákort: Intel Graphics Media Accelerator 4500MHD
Vinnsluminni:2 GB DDR3
Ábyrgð: 2ja ára neytendaábyrgð.

* Skv. Gartner

Opin kerfi eru dreifingar- og þjónustuaðili HP á Íslandi. HP tölvubúnaður fæst hjá samstarfsaðilum um land allt.

Opnunartími: virka daga frá kl. 9:00 til kl. 18:00 og laugardaginn 7. maí frá kl. 11:00 til kl. 15:00.

- MEST SELDU TÖLVUR Í HEIMI*



# TIL HAMINGJU MEÐ TITILINN FH-INGAR!

Þökkum fyrir frábært samstarf í vetur.

OK búðin

Ok búðin | Höfðabakka 9 | 110 Reykjavik | Sími 570 1140 | www.okbudin.is

# menning

menning@frettabladid.is

**OPNAR VINNUSTOFU Í SKIPHOLTI** Sigurdís Harpa Arnarsdóttir myndlistarmaður opnar vinnustofu að Skipholti 9 í Reykjavík í dag. Af því tilefni býður Sigurdís áhugafólki um myndlist velkomið til að fagna með sér frá klukkan 16 til 18. Meðal annars munu þeir félagar í GRM (Gylfi Ægisson, Rúnar Þór og Megas) stíga á stokk og taka nokkur lög.

# FAGURT ER Í HÖRPU



**SNERT HÖRPU MÍNA** … „Það er eitt að koma fram sem einleikari á tónleikum sem marka nýja tíma í íslenskri tónlistarsögu," skrifar Jónas Sen. „En það er annað að koma fram sem píanóleikari þar sem Ashkenazy stjórnar. … Að spila með slíkri goðsögn er örugglega ekki auðvelt."

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Tónlist ★★★★★

**Fyrstu tónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Hörpu**

**Einleikari:** Víkingur Heiðar Ólafsson. **Stjórnandi:** Vladimír Ashkenazy. **Einsöngvarar:** Christiane Oelze, Sesselja Kristjánsdóttir, Kolbeinn Jón Ketilsson og Bjarni Thor Kristinsson ásamt Óperukórnum í Reykjavík, Hljómeyki og Kór Áskirkju.

Ég var í fimmtugsafmæli um daginn. Eitt af skemmtiatriðunum var síðasti kafli níundu sinfóníunnar eftir Beethoven. Flytjendur voru tveir, gítarleikari og söngvari. Í sjálfu sér var flutningurinn hryllilegur, en hann átti að vera brandari, og sem slíkur var hann frábær.

Mér datt þetta í hug á fyrstu tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Hörpu á miðvikudagskvöldið. Þar var líka níunda sinfónían á dagskránni. Sinfónían hefur margoft verið leikin í Háskólabíói. Munurinn á hljómburðinum þar og í Hörpu er sláandi. Að flytja verkið í bíósal sem hentar engan veginn til tónleika er í rauninni hálfgerður brandari. Að Sinfóníuhljómsveit Íslands hafi þurft að vera þar árum saman er þó langt frá því að vera fyndið.

Það var ótrúleg upplifun að koma í Hörpu. Húsið er einstaklega fallegt að utan, en það virkar miklu stærra fyrir innan. Og stóri salurinn, Eldborg, er ægifagur. Allur eldrauður og með mörgum svölum, gríðarlega hátt til lofts. Bara að horfa á herlegheitin er upplifun út af fyrir sig.

Fagnaðarlæti brutust út þegar Steinunn Birna Ragnarsdóttir tónlistarstjóri flutti stutt ávarp og bauð hljómsveitinni HEIM. Hljómsveitin gekk þá í salinn og áheyrendur stóðu upp fyrir henni. Það var gleði í loftinu.

Vladimir Ashkenazy steig því næst fram á sviðið, en hann var stjórnandi hljómsveitarinnar að þessu sinni. Það var viðeigandi. Ashkenazy var á sínum tíma ótrúleg lyftistöng fyrir íslenskt tónlistarlíf. Hann var einn af stofnendum Listahátíðar í Reykjavík árið 1970. Hann var líka hvatamaður að því að fá hingað nokkrar af skærustu stjörnum tónlistarheimsins til tónleikahalds. Svo hefur hann barist fyrir tónlistarhúsi á Íslandi áratugum saman.

Fyrst á dagskrá var stutt, fjörlegt verk eftir Þorkel Sigurbjörnsson sem var samið sérstaklega fyrir tilefnið og heitir Velkomin Harpa. Það byrjaði á lágum en hröðum tónahendingum sem smátt og smátt sóttu í sig veðrið. Maður heyrði strax að hljómburðurinn var fínn. Sérstaklega sláandi var hljómurinn í sellóunum. Allt í einu HEYRÐI maður sellóhljóm! Djúpan og magnaðan, og einstaklega áferðarfagran. Í sjálfu sér er verk Þorkels ekki endilega með því skáldlegasta sem hann hefur samið. En sem upphitun fyrir hljómsveitina og fyrir áheyrendur smellpassaði það inn í dagskrána.

Næst á dagskrá var píanókonsertinn eftir Edvard Grieg. Þessi eini, sem lengi hefur verið einn af vinsælustu píanókonsertum tónbókmenntanna. Laglínurnar eru grípandi, einleiksrullan glæsileg og stemningin full af rómantískum andstæðum.

Einleikari var Víkingur Heiðar Ólafsson. Ég verð að segja að ég dáðist að honum, bara fyrir að vera þarna. Það er eitt að koma fram sem einleikari á tónleikum sem marka nýja tíma í íslenskri tónlistarsögu. En það er annað að koma fram sem píanóleikari þar sem Ashkenazy stjórnar. Ashkenazy var á sínum tíma einn af mestu píanóleikurum heims. Að spila með slíkri goðsögn er örugglega ekki auðvelt.

En Víkingur stóð fyllilega undir væntingum. Vissulega voru öfgarnar í túlkuninni við þolmörkin. Innhverf draumastemningin var hreinlega úti í geimnum, og ofsalegur hraðinn í lokakaflanum eins og í formúlukappakstri. En það hæfði þessari tónlist. Griegkonsertinn er útjaskaður en hann hljómaði ferskur í meðförum Víkings. Og tæknilega séð var hann svo glæsilegur að maður naut hvers tóns.

Hér heyrði maður betur hversu góður hljómburðurinn í Hörpu er. Styrkleikabreiddin í tónlistinni fékk að njóta sín, allt frá örveikum blæbrigðum upp í ofsafengnar tilfinningasprengjur. Tærleikinn í tréblásurunum var líka aðdáunarverður, pákurnar magnaðar og sellóin unaðsleg.

Auðvitað þarf að huga að einhverjum stillingaratriðum. Hugsanlega hefði skýrleikinn í flyglinum mátt vera meiri, hver svo sem ástæðan var. Mögulega hefði hljómurinn í fiðlunum líka mátt vera þykkari og safaríkari. En þetta er væntanlega nokkuð sem kemur með meiri reynslu af tónleikahaldi í Hörpu.

Lokaverkið á dagskránni var áðurnefnd níunda sinfónía Beethovens. Fyrstu þrír kaflarnir voru stórbrotnir, stígandin hæg en örugg undir markvissri stjórn Ashkenazys. Í fjórða kaflanum byrjaði svo söngurinn, og þá hófst fjörið fyrir alvöru.

Að vísu hafði ég efasemdir um frammistöðu Bjarna Thors Kristinssonar bassasöngvara. Bjarni Thor hefur magnaða rödd en einsöngskaflinn hans virkaði eins og raddhlutverkið væri of hátt fyrir hann.

Raddlega séð var tenórinn Kolbeinn Jón Ketilsson mun meira sannfærandi. Einsöngurinn hefði samt þurft að vera kröftugri. Rytmískar áherslur voru ekki nógu snarpar – þetta er svo mikill lykilstaður í tónverkinu, alger vendipunktur. Krafturinn verður einfaldlega að vera yfirgengilegur.

Minna mæðir á kvenröddunum í verkinu. Hér voru það þær Sesselja Kristjánsdóttir og Christiane Oelze sem sungu. Þær voru báðar frábærar. Og það heyrðist vel í þeim þrátt fyrir að hljómsveitin spilaði með allt í botni. Eitt af því sem var óþolandi við Háskólabíó var einmitt hve illa heyrðist í söngvurum á sinfóníutónleikum.

Tilkomumikið var að sjá þrjá kóra fyrir aftan sviðið, Óperukórinn í Reykjavík, Hljómeyki og Kór Áskirkju. Og söngur kóranna var æðisgenginn í mögnuðum hljómburðinum! Það var eitthvað það flottasta sem maður hefur heyrt á lifandi tónleikum á Íslandi.

Ég held að það sé ljóst að Harpa er vel heppnað tónleikahús, að minnsta kosti stóri salurinn. Ég óska okkur öllum til hamingju með stórkostlegan áfanga í menningarlífinu á Íslandi.

Jónas Sen

**Niðurstaða:** Fyrstu tónleikar Sinfóníunnar í Hörpu lofuðu góðu. Tónlistarflutningurinn var magnaður og hljómburðurinn flottur.








Tölvutek • Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 • Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900 • www.tolvutek.is



Glænýjar vörur beint frá London!
FATA MARKAÐUR
LAUGARDALS HÖLL
LAUGARDALHÖLLIN
Ésss!
...nýjar naríur!
Herra hlýrabolir 799 kr.
Stráka gallabuxur frá 1.499 kr.
Strákabolir frá 499 kr.
Dömu hlýrabolir 1.499 kr.
Dömu gallabuxur frá 1.999 kr.
Herra gallabuxur frá 2.999 kr.
Barna sokkabuxur 799 kr.
Sixpensarar 1.999 kr.
Hettupeysur 2.999 kr.
ódýrt
Opið alla helgina
frá kl. 12:00 - 19:00

# Fólk

folk@frettabladid.is



**1,2 MILLJÓNIR** dala er upphæðin sem Leonardo DiCaprio borgaði fyrir verk eftir Salvador Dalí. DiCaprio reyndi fyrr í þessari viku að kaupa verk eftir Picasso en þegar það mistókst beindi hann sjónum sínum að verki Dalí, Chevaliers en parade.


Smáskór.is bjóða í sumargleði dagana 6-8. Maí!

Við verðum á Eiðistorgi í gömlu Blómastofunni aðeins þessa helgi og af því tilefni munum við einnig bjóða upp á fatnað, sængurföt og fleira tengdum Múmínálfum, Línu Langsokk, Mínu Mús og fleiri merkjum.

Komdu, skoðaðu og mátaðu okkar dásamlegu skó ,sokka, sundföt og allt hitt.

Opið: Föstudag 17-20, laugardag og sunnudag 10-18

www.smaskor.is

smá skór




Sjónvarpsmaðurinn Egill Helgason ásamt eiginkonu sinni, Sigurveigu Káradóttur, syni sínum Kára og japanska blaðamanninum Hirohito Ono hjá stórblaðinu Asahi Shimbun. Egill og Hirohito voru í skóla saman í París en Hirohito er víst ákaflega lunkinn sellóleikari. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Tæknilegt lotterí að sýna beint

**Fyrstu tónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands voru í Hörpunni á miðvikudagskvöld. Tár mátti sjá á hvarmi gesta þegar níunda sinfónían var flutt en sjónvarpsvélar frá RÚV voru víðsfjarri.**

Húsfyllir var þegar Vladimír Ashkenazy gekk í Eldborgarsalinn í fyrsta sinn með tónsprotann sinn og stjórnaði Sinfóníuhljómsveitinni eins og hershöfðingi. Lofsyrðin hafa flogið um allt netið og menn hafa síst dregið undan í hástemmdum lýsingum. En ekki eru allir sáttir; netverjar hafa kvartað undan því að RÚV skyldi ekki sýna beint frá tónleikunum, valið handboltaleik fram yfir. Sigrún Stefánsdóttir, dagskrárstjóri RÚV, sá sig knúna til að senda út yfirlýsingu í gær þess efnis að RÚV hefði ekki fengið leyfi til að taka upp tónleikana. „Ég margbað um þetta en við fáum að taka upp tónleikana í kvöld [gærkvöldi] og sýnum þá á hvítasunnu.“

Sigurður Nordal, framkvæmdastjóri Sinfóníunnar, var að vonum svekktur að engar tökuvélar skyldu vera í salnum til að fanga þetta sögulega augnablik í íslenskri tónlistarsögu. „Sinfóníuhljómsveitin bannaði ekki upptökur, við hefðum aldrei staðið í vegi fyrir því. Sinfónían vill sjónvarpa sínum tónleikum sem allra mest og það er okkar kappsmál að sem flestir hafi aðgengi að tónleikum okkar. Við hefðum svo sannarlega fagnað því ef þetta hefði verið sent beint út.“

Á þessu öllu var mjög einföld skýring; aldrei höfðu verið prófaðar upptökur í salnum áður en tónleikarnir fóru fram. „Ýmsum spurningum var enn ósvarað bæði hvað varðar ljós og hljóð og því var sú ákvörðun tekin að taka upp aðra tónleikana. Það hefði einfaldlega verið tæknilegt lotterí að sýna beint frá þessum tónleikum, það hefði gjörsamlega allt getað klikkað,“ segir Anna Margrét Björnsson, kynningarfulltrúi Hörpunnar. Hún bætir því við að kvöldið hafi gengið snurðulaust fyrir sig og að salurinn glæsilegi verði í stakk búinn til að vera í beinni útsendingu næsta föstudag á formlegri opnunarhátíð Hörpunnar.

freyrgigja@frettabladid.is



Ólafur Ragnar Grímsson mætti á Sinfóníutónleikana með forseta Slóveníu Danilo Türk og eiginkonu sína Dorrit Moussaieff upp á arminn.



Forsætisráðherrann Jóhanna Sigurðardóttir og eiginkona hennar, Jónína Leósdóttir, heilsa upp á Þórunni Sigurðardóttur fyrir tónleikana.



Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands, og Ástríður Magnúsdóttir voru meðal gesta í Hörpunni.



Dagur B. Eggertsson gaf sér smá tíma frá argaþrasi borgarmálanna og mætti á Sinfóníutónleika ásamt eiginkonu sinni, Örnu Dögg.




MÓTUN leir og tengd efni
Diplómanám 4 annir
Ígildi 120 ECTS eininga til BA náms hjá erlendum samstarfsskólum
UMSÓKNARFRESTUR TIL 30. maí

Myndlista- og hönnunarsvið
Fornám 2 annir
Undirbúningur fyrir nám á háskólastigi í arkitektúr, hönnun og myndlist.
UMSÓKNARFRESTUR TIL 23. maí

KNOWHOW VERKLAG II
Lifelong Learning Programme
Tækniskólinn skóli atvinnulífsins
MYNDLISTASKÓLINN Í REYKJAVÍK
www.myndlistaskolinn.is

# Pirruð yfir langri bið

Breska söngkonan Kate Bush er mjög pirruð yfir því hversu langan tíma það tekur hana að gera hverja plötu. Síðasta plata hennar, Aerial, kom út árið 2005. Þar áður gaf hún út The Red Shoes árið 1993. Í viðtali við BBC segist hún hafa samið slatta af nýjum lögum en vita ekki hvenær þau komi út. „Það er pirrandi hve plöturnar eru lengi í vinnslu. Ég vildi óska að það væri ekki svona löng bið á milli þeirra,“ sagði hún og vildi ekki meina að hún væri með fullkomnunaráráttu. Síðar í þessum mánuði kemur út platan Director´s Cut sem hefur að geyma lög af plötunum The Sensual World og The Red Shoes.



**KATE BUSH** Söngkonan er pirruð yfir langri bið á milli platna.

# Ný bók um Corleone-fjölskylduna

Á næsta ári verður gefin út bók sem gerist á undan hinni sígildu skáldsögu Mario Puzo, Guðföðurnum. Bókin nefnist Corleone-fjölskyldan og verður skrifuð af rithöfundinum Ed Falco. Hún gerist á fjórða áratug síðustu aldar og er byggð á handriti Puzo sem aldrei varð að kvikmynd. Fjölskylda hins sáluga Puzos, sem lést árið 1999, hefur lagt blessun sína yfir útgáfuna. Puzo vann Óskarsverðlaunin fyrir handritin að tveimur fyrstu Guðföðurmyndunum ásamt Francis Ford Coppola, sem einnig leikstýrði myndunum. Þær fjalla um ítalsk-ameríska fjölskyldu, sem „guðfaðirinn“ og mafíósinn Don Vito Corleone stjórnaði.

Puzo gaf út tvær bækur eftir að hann lauk við Guðföðurinn, sem seldist í rúmlega tuttugu milljónum eintaka. Skáldsagan Sikileyingurinn kom út árið 1984 og svo Omerta árið 2000, skömmu eftir dauða hans.



**GUÐFAÐIR** Marlon Brando í hlutverki Guðföðurins í fyrstu kvikmyndinni.



**MARIA CAREY** Tvíburar hennar hafa verið skírðir Moroccan og Monroe.

# Í höfuðið á Monroe

Tvíburar söngkonunnar Mariuh Carey og Nicks Cannon hafa verið skírðir Moroccan og Monroe. Sá fyrri er drengur og var nefndur eftir Moroccan-herberginu í þakíbúð þeirra í New York. Þar skellti hinn frítugi Cannon sér á skeljarnar og bað Carey, sem er 42 ára. Stúlkan Monroe var skírð í höfuðið á leikkonunni Marilyn Monroe. „Þetta hefur verið tilfinningaríkt ferðalag fyrir fjölskylduna og ég gæti ekki verið ánægðari fyrir þeirra hönd,“ sagði talsmaður þeirra.



**BRITNEY SPEARS** Söngkonan átti erfitt með sig þegar hún hitti Brad Pitt.

# Æðislegt að hitta Pitt

Söngkonan Britney Spears segist næstum því hafa farið yfir um þegar hún hitti leikarann og hjartaknúsarann Brad Pitt. „Ég fékk stjörnur í augun þegar ég hitti Brad Pitt. Það var ótrúlegt að hitta hann. Þegar ég sá hann hljóp ég upp að honum og sagði: „Hæ“,“ sagði Spears. „Ég trúði þessu ekki. Það var mjög svalt að upplifa þetta.“ Hin 29 ára Spears er einnig hrifin af bresku söngkonunni Adele. „Ég elska Adele. Hún er með frábæra rödd. Mér finnst Robyn einnig mjög góð. Platan hennar Body Talk er virkilega öðruvísi og áhugaverð.“





BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
ÞÝSKAR FROSNAR GRÍSALUNDIR
1398 KR.KG
pepsi
pepsi MAX
695 KR. KIPPAN
PEPSI & PEPSI MAX
4 FL. X 2 LTR.
ÞÝSKAR FROSNAR NAUTALUNDIR
3598 KR.KG
TVÆR FYRIR EINA!
MYLLU JÓLAKAKA 420g
TVÆR KÖKUR AÐEINS:
498 KR.
Doritos
COOL AMERICAN
SWEET CHILLI PEPPER
NACHO CHEESE
NÝTT NÝTT NÝTT
SWEET CHILLI PIPAR
Doritos 165g ÞRJÁR TEGUNDIR
195 KR. POKINN
pepsi MAX maximum kick • no sugar
pepsi
Egils APPELSÍN
PEPSI MAX - PEPSI - APPELSÍN
89 KR. 500ml.
Hraun BITAR
ÆÐI BITAR
GÓU
BÓNUS GULRÓTARKAKA
898 kr.760g
Gestgjafinn Grillblað
á aðeins 998 kr. í Bónus
Almennt verð 1395 kr.
Gestgjafinn grill
Gestgjafinn
998 kr.
OS GOTTI OSTUR
25%
AFSLÁTTUR
VIÐ KASSA
GOTTI
1017 KR.KG.
MERKT VERÐ 1356 KR.KG.
BÓNUS Kornbrauð
198 KR.
BÓNUS KORNBRAUÐ
ÞYNGD: 1 KG. - 26 BRAUÐSNEIÐAR
Smyrill
129 KR.
BÓNUS SMYRILL 300g
7500 DÓSIR Í BOÐI Á ÞESSU VERÐI
GÓU BITAR HRAUN & ÆÐ
198 kr. 200g
Californíu RÚSÍNUR
GÓU RÚSÍNUR 1/2 KG.
Með ljósu eða dökku súkkulaði !
395 kr. 500g
Bónus ferskt SPÍNAT
398 kr.200g
Bónus KLETTASALAT
279 kr.75g
Ferskt ICEBERG
245 kr.kg
Lambhagi SALAT Í POTTI
275 kr.stk
Lambhagi SPÍNAT
298 kr.100g
Lambhagi BÓNUSBLAND
498 kr.150g
BÓNUS SPÍNAT
BÓNUS KLETTASALAT
Lambhagi
VISTVÆN FRAMLEIÐSLA
Lambhagi
VISTVÆN FRAMLEIÐSLA
Ferskt íslenskt salat
Lambhagi
VISTVÆN FRAMLEIÐSLA
FERSKT GARÐASALAT Í BÓNUS
AFGREIÐSLUTÍMI
FÖSTUDAGUR
10:00-19:30
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

## FERSKT ÍSLENSKT GRÍSAKJÖT AF NÝSLÁTRUÐU

**FERSKAR GRÍSAKÓTILETTUR**
798 KR.KG

**FERSKIR GRÍSASKANKAR**
298 KR.KG

**FERSKT GRÍSAGÚLLAS**
995 KR.KG

**FERSKT GRÍSASNITSEL**
995 KR.KG

**FERSKUR GRÍSABÓGUR**
598 KR.KG

**FERSKT GRÍSAHAKK**
698 KR.KG

1298 KR.KG
Ómissandi í frystinn. Þiðnar á klst í köldu vatni.
KS FROSIÐ **LAMBALÆRI** Í SNEIÐUM

Caj-P.
**GRILLOLÍA 500ml**
ÓMISSANDI Á LAMBAKJÖTIÐ
398 KR.

Nr.1
VINSÆLASTA LAMBALÆRIÐ Í BÓNUS
ÍSLANDS LAMB
1359 KR.KG
**Sérskorið ferskt Bónus lambalæri.** Efsti hluti mjaðmabeins og rófubeinið er skorið frá og því er **meira kjöt og minna bein** á lærinu!
BÓNUS SÉRSKORIÐ **FERSKT LAMBALÆRI**

FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
**1959** KR.KG.

FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
**679** KR.KG.

## BÓNUSPYLSA Í BRAUÐ U.Þ.B. 55 KR.

Bónus pylsur **25% afsláttur**
599 kr.kg. 10 stk í pakka.
**Pylsupakkinn**
u.þ.b. **290 kr.**
**Bónus pylsubrauð**
**5 stk 129 kr.**

4 STK. BÓNUS RISA
**HAMBORGARABRAUÐ**
159 KR. 4 STK

KJARNAFÆÐI FROSNIR
10 x 120g **UNGNAUTA HAMBORGARAR**
1598 KR .PAKKINN

**FABRIKKU SÓSAN**
359 KR.300ml

**BÓNUS HAMBORGARA SÓSAN**
198 KR.400ml

**BÓNUS** BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

AFGREIÐSLUTÍMI
FÖSTUDAGUR
10:00-19:30

# Fjallabræður undirbúa plötu

Vestfirski stuðkórinn Fjallabræður er að undirbúa nýja plötu sem kemur út fyrir næstu jól ef allt gengur að óskum. Fyrsta plata Fjallabræðra kom út fyrir tveimur árum og hefur hún selst mjög vel, eða í um fimm þúsund eintökum.

Kórinn syngur á þjóðhátíð í Eyjum í annað sinn í röð í sumar en hefur annars hægt um sig. Kórstjórinn Halldór Gunnar Pálsson á góðar minningar frá síðustu þjóðhátíð. „Það var alveg geðveikt. Við vorum í jakkafötunum í átján klukkutíma,“ segir hann hress.

Stutt er síðan Fjallabræður sungu með Táknmálskórnum á opnunarhátíð Listar án landamæra. „Það var alveg ótrúlega gaman. Maður kann ekkert í táknmáli og er að kynnast þessu í fyrsta skipti. Það var ótrúlega gaman að horfa á lögin sín. Þetta er fallegt tungumál,“ segir Halldór Gunnar.

Fjallabræður hafa einnig barnakór á sínum snærum og til stendur að taka upp aðra plötu með honum. „Það er ekki verið að stefna á stóra útgáfu á því. Það er bara verið að safna minningum,“ segir Halldór. Í kórnum eru krakkar á aldrinum fimm til fjórtán ára. „Þetta er breiður hópur, ekki ósvipaður og Fjallabræður með allt frá sjóurum til heilaskurðlækna. Ef við getum látið sjóarann og heilaskurðlækninn vinna saman getum við látið fimm ára krakka og fjórtán ára gera það líka.“ -fb



**PLATA Í UNDIRBÚNINGI** Fjallabræður eru að undirbúa sína aðra plötu. Tvö ár eru liðin frá þeirri síðustu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**TÍMABUNDIÐ VERK** Útskriftarnemar í teikningu hafa unnið að þessu risavaxna verki síðustu daga en þegar sýningunni lýkur verður málað yfir það. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Risaverk útskriftarnema

**Útskriftarnemar við Myndlistaskólann í Reykjavík opna sýningu í dag og hafa af því tilefni málað risavaxið verk á vegg í sýningarsalnum.**

„Fólk ætti að gera dag úr þessu, taka fjölskylduna með, fara í ísbíltúr og kíkja á myndlistarsýningu,“ segir Bergrún Íris Sævarsdóttir, útskriftarnemi í teikningu frá Myndlistaskólanum í Reykjavík.

Nemendur við Myndlistaskólann í Reykjavík opna sumarsýningu á verkum sínum í Gömlu útgerðinni við Grandagarð 16 í dag klukkan 17. „Þetta er í rauninni yfirlitssýning yfir það sem við höfum verið að gera í ár,“ segir Bergrún. Teiknideildin hefur unnið að risavöxnu verki í sýningarrýminu undanfarna daga sem er að sögn Bergrúnar bæði súrrealískt og skemmtilegt.

Hvað verður svo um myndina?

„Við þurfum að mála yfir hana á þriðjudaginn.“

Er það ekki súrt?

„Jú, vegna þess að hún verður alltaf flottari og flottari. Fólk grætur á meðan það tekur myndir af henni. Það er erfitt, en svona er listin.“

Getið þið ekki tekið vegginn með ykkur?

„Nei, því miður. Það væri svo sem ekki hægt að geyma hann neins staðar. Þetta er dásamlega tímabundið verk og það er um að gera að koma á sýninguna um helgina til að sjá það.“

Fjölbreyttur hópur sýnir verk á sýningunni sem stendur yfir þangað til á mánudaginn. „Það eru mjög ólík verk – innsetningar og skúlptúrar,“ segir Bergrún. „Svo eru praktískari hlutir eins og vefnaður og nytjahlutir. Loks er fornámið í myndlistardeildinni með verk sem eru kannski opnari til túlkunar.“

atlifannar@frettabladid.is

# Depp vill taka því rólega

Þrátt fyrir að enn eigi eftir að frumsýna sjóræningjamyndina Pirates of the Caribbean: On Stranger Tides er framleiðandinn Disney þegar farinn að skipuleggja fimmtu myndina í seríunni. Johnny Depp, sem leikur sjóræningjann Jack Sparrow, vill samt ekki fara of geyst í málin og vill helst bíða í smá tíma. „Ég myndi ekki vilja segja: „Förum í tökur í næsta mánuði og komum henni út fyrir jólin 2012.“ Við ættum að bíða aðeins með hana. Þessar myndir eiga að vera sérstakar, rétt eins og þær eru fyrir mér,“ sagði Depp.

Talið er að framleiðandinn Jerry Bruckheimer og leikstjórinn Rob Marshall hafi þegar samþykkt að gera fimmtu myndina, enda hafa myndirnar rakað inn seðlum undanfarin ár. Nýja myndin On Stranger Tides verður frumsýnd síðar í mánuðinum.



**DEPP OG CRUZ** Johnny Depp og Penelope Cruz í nýju myndinni.


midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar

LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075






| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| FAST AND FURIOUS 5 | 4, 7 og 10 POWER |
| THOR 3D | 5, 7.30 og 10 |
| RIO - ISL TAL 3D | 3 |
| RIO - ISL TAL 2D | 4 |
| YOUR HIGHNESS | 10 |
| HOPP - ISL TAL | 6 |
| KURTEIST FÓLK | 8 |

SAMBÍÓIN




| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| FAST FIVE kl. 3 - 5:20 - 8 - 10:40 (Powersýning kl.10:40) | | 12 |
| FAST FIVE Luxus VIP | kl. 3 - 5:20 - 8 - 10:40 | VIP |
| SOMETHING BORROWED | kl. 6 - 8:20 - 10:40 | L |
| THOR 3D | kl. 3:20 - 5:40 - 8 - 10:20 | 7 |
| ARTHUR | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:20 | 7 |
| DREKABANAR M/ ísl. Tali | kl. 4 | L |
| CHALET GIRL | kl. 3:40 - 5:50 | L |
| UNKNOWN | kl. 8 | 16 |
| SOURCE CODE | kl. 10:40 | 12 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| SOMETHING BORROWED | kl. 6 - 8 | L |
| THE LINCOLN LAWYER | kl. 10:20 | 12 |
| DREKABANARNIR ísl tal | kl. 6 | L |
| ARTHUR | kl. 8 - 10:20 | 7 |

| SAMBÍÓIN SELFOSS | | |
|---|---|---|
| FAST FIVE | kl. 5:20 - 8 - 10:40 (Powersýning kl.10:40) | 12 |
| DREKABANAR M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| THOR | kl. 8 - 10:30 | 7 |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | | |
|---|---|---|
| THOR 3D | kl. 5.20 - 8 - 10.30 | 7 |
| SOMETHING BORROWED | kl. 5.30 - 8 - 10.20 | L |
| LINCOLN LAWYER | kl. 8 - 10.30 | 12 |
| ARTHUR | kl. 5.20 - 8 | 7 |
| RIO 3D ísl.Tal | kl. 5.30 | L |
| RED RIDING HOOD | kl. 10.20 | 12 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI | | |
|---|---|---|
| FAST FIVE kl. 3 - 5:20 - 8 - 10:10 -10:40 Powersýning kl.8) | | 12 |
| SOMETHING BORROWED | kl. 3:40 - 5:50 - 8 | L |
| THE LINCOLN LAWYER | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| RED RIDING HOOD | kl. 5:50 | 12 |
| YOGI BEAR M/ ísl. Tali | kl. 3:40 | L |

tryggðu þér miða á SAMbio.is

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ




| SMÁRABÍÓ | GLERAUGU SELD SÉR NÁNAR Á MIÐI.IS | |
|---|---|---|
| FAST FIVE | KL. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| FAST FIVE Í LÚXUS | KL. 5.40 - 8 - 10.40 | 12 |
| THOR 3D | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| SCREAM 4 | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| HANNA | KL. 8 - 10.25 | 16 |
| RIO 3D ÍSLENSKT TAL | KL. 3.30 (TILBOÐ) - 5.45 | L |
| RIO 2D ÍSLENSKT TAL | KL. 3.30 (TILBOÐ) | L |
| HOPP ÍSLENSKT TAL | KL. 3.30 (TILBOÐ) | L |

| HÁSKÓLABÍÓ | NÁNAR Á MIÐI.IS | AUKAKRÓNUR 5% |
|---|---|---|
| FAST FIVE | KL. 5.20 – 9 | 12 |
| HÆVNEN | KL. 5.25 – 8 – 10.35 | 12 |
| THOR 3D | KL. 6 - 9 | 12 |
| HANNA | KL. 8 - 10.20 | 16 |
| RIO 3D ÍSLENSKT TAL | KL. 6 | L |

| BORGARBÍÓ | NÁNAR Á MIÐI.IS | |
|---|---|---|
| FAST FIVE | KL. 5.45 - 8 - 10.20 | 12 |
| THOR 3D | KL. 5.40 - 8 - 10.15 | 12 |

NÁNARI UPPLÝSINGAR OG MIÐASALA Á midi.is
facebook/smarabio • facebook/haskolabio

BAR & CAFÉ BÍÓ ★ PARADÍS

| | |
|---|---|
| ROUTE IRISH | 17:50, 20:00, 22:10 |
| POPIÓL I DIAMENT | 20:00 |
| BOY | 18:00, 20:00, 22:00 |
| A WOMAN, A GUN AND A NOODLE SHOP | 22:10 |
| BLUE VALENTINE | 17:50 |
| BÍÓDAGAR | 18:00 |
| MÝRIN | 20:00 |
| ÍSLENSKI DRAUMURINN | 22:00 |




MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS



**VANDRÆÐAGEMLINGUR** Tallulah Belle Willis þykir vandræðagemlingur og var nýlega sektuð fyrir að vera með sterkt áfengi undir höndum.

# Tekin með sterkt áfengi

Tallulah Belle Willis, 17 ára dóttir Demi Moore og Bruce Willis, var handtekin af lögregluyfirvöldum í í Kaliforníu fyrir að hafa áfengi um hönd. Aldurstakmarkið á áfengisdrykkju í Kaliforníu er 21 ár og því neyddust yfirvöld til að hafa afskipti af henni. Þar sem Tallulah er undir lögaldri þurftu laganna verðir að hringja í forráðamenn hennar og að sögn bandarísku vefsíðunnar TMZ.com var það Demi Moore sem kom og sótti dóttur sína.

Tallulah hefur verið að feta í fótspor foreldra sinna í kvikmyndaleik en hún hefur leikið í kvikmyndum á borð við The Scarlet Letter og The Whole Ten Yards.

# Leitar að kærasta

Leikkonan Teri Hatcher úr þáttunum Desperate Housewives er að leita sér að kærasta og hefur verið dugleg að fara á stefnumót að undanförnu. Hún er 46 ára og á þrettán ára dóttur með öðrum eiginmanni sínum, Jon Tenney. Hún segir að nýi kærastinn þurfi ekki að vera ríkur. „Ég vil vera opin fyrir öllu. Hann þarf helst að vera á milli 39 og 54 ára, skemmtilegur, ævintýragjarn, fyndinn, góður, traustur, klár og ganga vel í lífinu. Það þýðir samt ekki endilega að hann þurfi að vera ríkur,“ sagði hún.



**TERI HATCHER** Leikkonan hefur verið dugleg að fara á stefnumót að undanförnu.










# sport

sport@frettabladid.is

**PORTO OG BRAGA** frá Portúgal mætast í úrslitaleik Evrópudeild UEFA í Dyflinni þann 18. maí næstkomandi. Porto vann spænska liðið Villarreal í undanúrslitum og Braga hafði betur gegn Benfica sem einnig er frá Portúgal. Porto varð Evrópumeistari árið 2004 en þetta er í fyrsta sinn í sögu Braga sem liðið kemst í úrslitaleik Evrópukeppni.



**KOLBEINN** Hér til vinstri í leik með AZ Alkmaar á tímabilinu. NORDICPHOTOS/AFP

Kolbeinn Sigþórsson:

## Stutt í samning við Ajax

**FÓTBOLTI Samkvæmt hollenska dagblaðinu De Telegraaf hafa hollensku liðin AZ Alkmaar og Ajax átt í viðræðum um Kolbein Sigþórsson, leikmann fyrrnefnda liðsins.**

**AZ hefur þegar hafnað einu tilboði frá Ajax en samkvæmt De Telegraaf eru félögin nú nálægt því að semja um kaupverð. Þá er samningur Kolbeins við Ajax um kaup og kjör nánast formsatriði.**

**Kolbeinn hefur einnig verið orðaður við önnur lið, svo sem Newcastle og Dortmund, en tilboð hafa ekki borist þaðan.**

**Kolbeinn hefur slegið rækilega í gegn í vetur. Hann er langmarkahæsti leikmaður AZ í hollensku úrvalsdeildinni með fimmtán mörk í 30 leikjum, þar af sautján leikjum í byrjunarliði. - esá**

# Trúðum því að við værum bestir

**Hlynur Bæringsson og Jakob Örn Sigurðarson urðu í gær Svíþjóðarmeistarar í körfubolta. Báðir voru lykilmenn í úrslitaleiknum en Jakob fór hamförum í sókninni og fór langt með að klára leikinn í fyrri hálfleik.**

**KÖRFUBOLTI** Sundsvall Dragons, með þá Hlyn Bæringsson og Jakob Örn Sigurðarson innanborðs, varð í gær Svíþjóðarmeistari í körfubolta. Sundsvall vann sigur á Norrköping Dolphins, 102-83, í oddaleik í rimmu um titilinn í gær.

Það var snemma ljóst að Jakob var funheitur. Hann skoraði fyrstu fimm stigin í leiknum og fyrstu tíu af fimmtán stigum Sundsvall. Hann setti fjögur þriggja stiga skot í röð og alls sex í fyrri hálfleik. Sundsvall var með 22 stiga forystu eftir fyrri hálfleik og Jakob langstigahæstur með 26 stig. Í síðari hálfleik náði Norrköping aldrei að saxa verulega á forystuna þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. Alltaf átti Sundsvall svar, oftast fyrir utan þriggja stiga línuna.

Hlynur var á sínu fyrsta tímabili með Sundsvall og hrósaði Jakobi sérstaklega eftir leik í samtali við Fréttablaðið. „Það var ótrúlegt að sjá Jakob í þessum leik. Mikið svakalega var hann góður,“ sagði Hlynur og furðaði á sig að Jakob hefði fengið að leika lausum hala.

„Norrköping er með mjög hæfileikaríka og góða leikmenn en þegar kemur að því að leika skipulega eru þeir úti á túni. Hann var búinn að hitta úr fjórum í röð og enn galopinn. Jakob refsaði þeim grimmilega.“

Hlynur sagði skýrt dæmi hafa verið í upphafi fjórða leikhluta þegar hann gaf stoðsendingu á Jakob sem setti niður sinn sjöunda þrist í leiknum. „Ég keyrði upp að körfunni og var ekkert sérstaklega líklegur til að skora, þó ég segi sjálfur frá. Samt tvímönnuðu þeir á mig og skildu eftir mann sem var búinn að setja niður sex þrista galopinn á kantinum. Ég gaf bara boltann á hann.“

Hlynur sagði að það hefði munað mikið um að margir í liðinu hefðu áður unnið titla og því vitað hvað þyrfti til í oddaleik sem þessum. „Sundsvall varð meistari árið 2009 og margir eru enn í liðinu. Jakob varð meistari með KR árið 2009 og ég með Snæfelli í fyrra. Það er erfitt að fara í úrslitaleiki án þess að þekkja til. Við erum einfaldlega með leikmenn sem kunna það,“ sagði Hlynur, sem bætti við að þeir hefðu mætt fullir sjálfstrausts til leiks í gær. „Við trúðum því að við værum bestir og ætluðum okkur einfaldlega að vinna.“

Hann sagði að tímabilið í Svíþjóð hefði verið frábær reynsla fyrir sig. „Ég þurfti að fá nýja áskorun á ferlinum og fékk hana hér. Það hefur gengið á ýmsu, eins og eðlilegt er þegar fimmtíu leikir eru spilaðir á tímabilinu, en ég er samt mjög sáttur.“ eirikur@frettabladid.is



**MEISTARAR** Jakob Örn Sigurðarson og Hlynur Bæringsson með sænska meistarabikarinn eftir sigurinn á Norrköping í gær. MYND/SUNDSVALL TIDNING/ANNKRISTIN HAGLUND






Jakob Örn Sigurðarson var hetja Sundsvall:

## Fékk opin skot og hélt bara áfram

**KÖRFUBOLTI** Jakob Örn Sigurðarson spilaði líklega einhvern besta leik sinn á ferlinum er lið hans, Sundsvall Dragons, varð Svíþjóðarmeistari eftir sigur á Norrköping Dolphins í oddaleik um sænska meistaratitilinn í gær.

Jakob skoraði alls 31 stig í leiknum, þar af 26 í fyrri hálfleik er Sundsvall stakk hreinlega af. Norrköping náði aldrei að ógna forystu Sundsvall að ráði eftir það.

„Ég veit ekki hvað ég á að segja. Það er bara rosalegt að detta í svona stuð í leik sem þessum. Það gerist ekki oft og þetta var í raun bara fáránlegt,“ sagði Jakob í samtali við Fréttablaðið en samtals setti hann niður sjö þriggja stiga skot í ellefu tilraunum.

„Eftir að ég hitti úr fyrstu tveimur skotunum leið mér rosalega vel í öllu því sem ég gerði. Ég fékk opin skot og hélt bara áfram – að sjálfsögðu.“ Hann segir að liðið allt hafi spilað vel í gær og því hafi það staðið uppi sem sigurvegari.

„Kaninn okkar, Alex Wesby, er ótrúlegur leikmaður og örugglega einn besti Kani sem ég hef spilað með á ferlinum. Hann er frábær varnarmaður og spilar af hörku allan tímann,“ sagði Jakob og minntist einnig á landa sinn, Hlyn Bæringsson, sem gekk til liðs við félagið í fyrra en Jakob er á sínu öðru ári.

„Hlynur hefur haft mikil áhrif á liðið. Það sem okkur vantaði í fyrra var maður sem berst fyrir liðið, tekur mikið af fráköstum og skorar mikilvægar körfur. Hann er búinn að breyta miklu og er mjög mikilvægur hlekkur.“

Jakob varð Íslandsmeistari með KR árið 2009 og segir alltaf sætt að vinna titla. „Mér líður frábærlega og þetta er alltaf jafn skemmtilegt.“ - esá

Arsenal væri með yfirburðaforystu ef stangarskotin hefði farið inn í ensku úrvalsdeildinni í vetur:

# Lukkan ekki í Arsenal-búningnum í vetur

**FÓTBOLTI** Hvernig væri staðan í ensku deildinni ef öll stangarskotin hefðu farið í stöngina og inn í staðinn fyrir að fara í stöngina og út? Fyrirtækið Opta sér um alla tölfræðivinnslu í ensku úrvalsdeildinni og það hefur nú einmitt tekið saman þessa tölfræði úr fyrstu 35 umferðunum á leiktíðinni.

Arsenal-liðið er búið að missa af möguleikanum á því að vinna enska titilinn og stuðningsmenn geta vottað um það að lukkan hefur ekki verið með strákunum hans Arsene Wenger. Nú geta þeir líka rökstutt þessa kenningu sína með umræddri tölfræði frá Opta.

Opta skoðaði það hver staðan væri í deildinni ef öll stangarskot hefðu orðið mark. Arsenal-liðið hefur alls átt 21 stangarskot í deildinni og væri þá með 19 fleiri stig ef þessi skot hefðu skilað sér í markið. Í stað þess að vera sex stigum á eftir toppliði Manchester United væri Arsenal-liðið þess í stað með 12 stiga forskot á Chelsea og þrettán stigum meira en United.

Liverpool-menn myndu líka gleðjast ef stangarskotin þeirra hefðu farið inn því Liverpool sæti þá í Meistaradeildarsæti þar sem Manchester City hefur hagnast mikið á stangarskotum. City væri með sex stigum færra og þremur stigum á eftir Liverpool ef öll stangarskotin hefðu farið í markið í vetur.

West Ham er annað lið sem kemur vel út úr þessari tölfræði því í stað þess að vera á botninum eins og liðið er í dag væru Hamrarnir í 13. sæti, átta stigum frá fallsætinu. Newcastle sæti hins vegar í fallsætinu ásamt Birmingham og Blackpool. - óój



**ARSENE WENGER** Leikmenn hans hafa skotið 21 sinni í stöngina og út á þessu tímabili. NORDICPHOTOS/GETTY

## Stöngin inn-deildin

1. Arsenal 86 stig (+19, er í 3. sæti)
2. Chelsea 74 stig (+4, 2. sæti)
3. Man. United 73 stig (0, 1. sæti)
4. Liverpool 59 stig(+4, 5. sæti)
5. Man. City 56 stig (-6, 4. sæti)
6. Tottenham 56 stig (+1, 6. sæti)
7. Everton 47 stig (-1, 7. sæti)
8. Stoke 47 stig (+4, 10. sæti)
9. Aston Villa 45 stig (+4, 14. sæti)
10. Bolton 45 stig (-1, 8. sæti)
11. Fulham 42 stig (-3, 9. sæti)
12. West Brom 41 stig (-2, 11. sæti)
13. West Ham 41 sitg (+9, 20. sæti)
14. Sunderland 40 stig (-1, 13. sæti)
15. Blackburn 39 stig (+1, 16. sæti)
16. Wolves 34 stig (0, 19. sæti)
17. Wigan 34 stig (-1, 18. sæti)
18. Newcastle 33 stig (-8, 12. sæti)
19. Birmingham 33 stig (-6, 15. sæti)
20. Blackpool 30 stig (-5, 17. sæti)



**GEIR ÞORSTEINSSON** Aðalmaðurinn á stórleik United og Barca. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Geir Þorsteinsson:

# Eftirlitsmaður á Wembley

**FÓTBOLTI** Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ, verður eftirlitsmaður UEFA á úrslitaleik Meistaradeildar UEFA sem verður á milli stórliðanna Manchester United og Barcelona og fer fram á Wembley 28. maí næstkomandi.

Þetta er mikill heiður fyrir Geir og Knattspyrnusamband Íslands enda gerast fótboltaleikirnir varla stærri. Það er þegar orðið uppselt á leikinn og berast nú fréttir af því að miðarnir seljist fyrir ótrúlegar upphæðir. - óój


Komið og prófið nýja matseðilinn okkar

Þú átt skilið framandi & spennandi

INDVERSKA VEISLU

frá Austurlanda-hraðlestinni



TILBOÐ 1
1695 kr. á mann
(fyrir 2 eða fleiri)
Tandoori kjúklingavængir
Murgh Afghani-kjúklingur
Basmati-hrísgrjón
Naan-brauð

TILBOÐ 2
1895 kr. á mann
(fyrir 2 eða fleiri)
Lauk Pakodas – Léttkryddaðir laukstrimlar
Kjúklingur Tikka Masala
Aloo Zeera –guðdómlegur kartöfluréttur
Basmati-hrísgrjón
Naan-brauð

TILBOÐ 3
2095 kr. á mann
(fyrir 2 eða fleiri)
Kholi Wade kjúklingabuff
Lamb Tikka Masala
Murgh Mangalori - himneskar kjúklingabringur
Aloo Zeera- kartöflur
Basmati-hrísgrjón
Naan-brauð

Pöntunarsími:
578 3838
www.hradlestin.is

Austurlanda Hraðlestin

HVERFISGATA 64A, OPIÐ 17 - 22. SPÖNGIN OPIÐ 17 - 21. HLÍÐARSMÁRA 8, OPIÐ 11:30 - 22 MÁN-FÖS OG 17 - 22 LAU OG SUN.



## > Jack Nicholson

„Ég veit að ég get leikið. Það eru ekki mikið fleiri störf sem ég get unnið við.“

*Jack Nicholson leikur Harry, sem er stórbokki í tónlistarbransanum og með auga fyrir fallegum, ungum konum, en í kjölfar hjartaáfalls fer Harry að sjá á sér áður óþekkta hlið í rómantísku gamanmyndinni Something's Gotta Give sem er á Stöð 2 kl. 21.40 í kvöld.*



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ FREYR GÍGJA GUNNARSSON SÁ ROKKDRAUMINN

# Guð blessi Anvil og kanadískan metal



Einu sinni gekk ég með rokkstjörnudraum í maganum, mig langaði til að vera heimsfrægur í slitnum gallabuxnum, hlýrabol, með sítt hár og sólgleraugu. Eins og alla stráka dreymir einhvern tímann um. En svo tekur auðvitað raunveruleikinn við, maður gleymir þessum tálsýnum og tekst á við lífið eins og það er. Rokkstjörnustarfið er aðeins fyrir hina útvöldu, þá sem hafa þrek og þor til að harka og harka þar til stóra tækifærið gefst. Sem er yfirleitt ákaflega tilviljanakennt andartak byggt á þeirri einföldu kenningu að vera á réttum stað á réttum tíma.

Kanadísku rokkararnir Anvil voru aldrei á réttum tíma á réttum stað. Þeir höfðu hæfileikana en féllu milli báts og bryggju í glysrokksgeiranum á níunda áratugnum. Gleymdir flestum nema örfáum aðdáendum í Ontario-fylki í Kanada fylgist kvikmyndagerðarmaðurinn Sacha Gervasi með því þegar Steve „Lips“ Kudlow og Robb Reiner reyna í síðast sinn að meika það í heimildarmyndinni Anvil! The Story of Anvil sem sýnd var á RÚV á miðvikudagskvöldið.

Foreldrar sem vilja ekki að börnin þeirra láti reyna á rokkstjörnudrauminn ættu að sýna þeim þessa mynd; hún er svo ótrúleg innsýn í heim tveggja miðaldra karla sem lifa eftir reglum rokksins. Foreldrar sem sjálfir vilja láta rokkstjörnudrauminn rætast á efri árum ættu einnig að horfa á þessa mynd; hún er helber sönnun þess að lengi lifir í gömlum glæðum og ef þú trúir einhverju, nógu asskoti lengi, þá geta draumarnir stundum ræst. En bara stundum.



**ROKK** Það hljóta að vera einhverjir gamlir karlar með rokkstjörnudrauminn í maganum sem hafa horft á þessa mynd og fengið fiðringinn í tærnar.

## RÚV

**16.50 Kallakaffi** (9:12)
**17.20 Vormenn Íslands** (2:7) (e)
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Otrabörnin** (20:26)
**18.22 Pálína** (14:28)
**18.30 Hanna Montana**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Hollywood-hundur í hrakningum** (Beverly Hills Chihuahua) Ofdekraður smáhundur frá Hollywood villist í fríi í Mexíkó og þarf hjálp til þess að komast heim. Leikstjóri er Raja Gosnell og meðal leikenda er Piper Perabo. Bandarísk fjölskyldumynd frá 2008.
**21.45 Vera** (Vera) Bresk sakamálamynd byggð á sögu eftir Ann Cleeves um Veru Stanhope rannsóknarlögreglumann á Norðymbralandi. Meðal leikenda eru Brenda Blethyn og David Leon.
**23.20 Skíni ljós** (Shine a Light) Mynd eftir Martin Scorsese um hljómsveitina Rolling Stones. Ferill sveitarinnar er rakinn og sýndar upptökur frá tónleikum. (e)
**01.25 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## BÍÓ

**06.10 Full of It**
**08.00 Sisterhood of the Traveling Pants 2**
**10.00 What a Girl Wants**
**14.00 Sisterhood of the Traveling Pants 2**
**16.00 What a Girl Wants**
**20.00 Full of It**
**22.00 Picture This**
**00.00 Fur**
**02.00 How She Move**
**04.00 Picture This**
**06.00 Legally Blonde**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 60 mínútur**
**11.00 Life on Mars** (1:17)
**11.50 Logi í beinni**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Frasier** (19:24)
**13.25 What Happens in Vegas...**
**15.05 Auddi og Sveppi**
**15.30 Barnatími Stöðvar 2**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 The Simpsons** (16:22)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Auddi og Sveppi**
**19.50 American Idol** (32:39) Úrslitaslagurinn heldur áfram í American Idol og aðeins fimm bestu söngvararnir eru eftir. Keppendur þurfa því að leggja enn harðar af sér til þess að vinna hylli og atkvæði almennings.
**20.55 American Idol** (33:39) Nú kemur í ljós hvaða fjórir keppendur halda áfram í American Idol og eiga áfram von um að verða næsta söngstjarna Bandaríkjanna.
**21.40 Something's Gotta Give** Rómantísk gamanmynd. Harry er stórbokki í tónlistarbransanum og með auga fyrir fallegum, ungum konum. Hann er kominn af léttasta skeiði en lætur það ekki stoppa sig. Nýjasta kærastan er minnst helmingi yngri en hann og því er það heldur neyðarlegt þegar Harry fær hjartaáfall á heimili foreldra stúlkunnar. Móðir hennar kemur gamla kvennabósanum til aðstoðar í veikindunum og þá fer Harry að sýna á sér áður óþekkta hlið.
**23.45 Hellboy II: The Golden Army** Spennandi mynd um ofurhetjuna Hellboy með Ron Perlman og Selmu Blair í aðalhlutverkum.
**01.45 The Incredible Hulk**
**03.35 What Happens in Vegas...**
**05.10 The Simpsons** (16:22)
**05.35 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 UEFA Europa League 2010/2011**
**17.25 UEFA Europa League 2010/2011**
**19.10 Evrópudeildarmörkin** Sýnt frá öllum leikjunum í Evrópudeildinni í knattspyrnu. Öll helstu tilþrifin og umdeildu atvikin á einum stað.
**20.00 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu** Skyggnst á bakvið tjöldin hjá liðunum sem leika í Meistaradeild Evrópu. Hitað upp fyrir komandi leiki og um leið hinir ýmsu leikir krufðir til mergjar.
**20.30 La Liga Report** Leikir helgarinnar í spænska boltanum krufðir til mergjar og hitað upp fyrir leikina á Spáni.
**21.00 F1: Föstudagur** Hitað upp fyrir komandi keppni í Formúlu 1 kappakstrinum. Gunnlaugur Rögnvaldsson skoðar undirbúning liðanna fyrir kappaksturinn.
**22.00 European Poker Tour 6** Sýnt frá European Poker Tour þar sem mætast allir bestu spilarar heims.
**00.00 NBA 2010/2011 - Playoff Games**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**15.45 Sunnudagsmessan** Sunnudagsmessan með þeim Guðmundi Benediktssyni og Hjörvari Hafliðasyni er þáttur sem enginn má láta framhjá sér fara. Leikirnir krufðir til mergjar af fagmönnum og lífleg og fagleg umræða um enska boltann.
**17.00 Sunderland - Fulham**
**18.45 Blackburn - Bolton** Útsending frá leik Blackburn Rovers og Bolton Wanderers í ensku úrvalsdeildinni.
**20.30 Ensku mörkin** Sýnt frá síðustu leikjum í neðri deildum enska boltans. Glæsileg mörk og mögnuð tilþrif.
**21.00 Premier League Preview** Hitað upp fyrir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni. Viðtöl við leikmenn og þjálfara og stuðningsmenn teknir tali.
**21.30 Premier League World**
**22.00 PL Classic Matches: PL Classic Matches (100 Match**
**22.30 Premier League Preview** Hitað upp fyrir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni. Viðtöl við leikmenn og þjálfara og stuðningsmenn teknir tali.
**23.00 Chelsea - Man. Utd**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**16.30 Girlfriends** (10:22) (e)
**16.50 Dr. Phil**
**17.35 One Tree Hill** (6:22) (e)
**18.20 How To Look Good Naked** (e)
**19.10 America's Funniest Home Videos**
**19.35 Will & Grace** (5:25)
**20.00 Rules of Engagement** (13:13) Bandarísk gamansería um skrautlegan vinahóp. Það er komið að lokaþættinum að sinni.
**20.25 The Biggest Loser** (2:26) Bandarísk raunveruleikasería um baráttu ólíkra einstaklinga við mittismálið í heimi skyndibita og ruslfæðis.
**21.15 HA? LOKAÞÁTTUR** (15:15) Íslenskur skemmtiþáttur með spurningaívafi. Gestir þáttarins í þessum lokaþætti eru hamborgaraætturnar og gleðigjafarnir Simmi og Jói.
**22.05 The Bachelor** (2:11) Raunveruleikaþáttur þar sem rómantíkin ræður ríkjum.
**23.35 Makalaus** (10:10) (e)
**00.05 30 Rock** (22:22) (e)
**00.30 Law & Order: Los Angeles** (7:22) (e)
**01.15 Whose Line Is It Anyway?** (e)
**01.40 Girlfriends** (9:22) (e)
**02.00 Saturday Night Live** (18:22) (e)
**02.55 Will & Grace** (5:25) (e)
**03.15 Penn & Teller** (1:10) (e)
**03.45 Penn & Teller** (2:10) (e)
**04.15 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00 ESPN America**
**08.10 Wells Fargo Championship** (1:4)
**11.10 Golfing World**
**12.00 Golfing World**
**12.50 PGA Tour - Highlights** (16:45)
**13.45 Wells Fargo Championship** (1:4)
**16.50 Champions Tour - Highlights**
**17.45 Inside the PGA Tour** (18:42)
**18.10 Golfing World**
**19.00 Wells Fargo Championship** (2:4)
**22.00 Golfing World**
**22.50 PGA Tour - Highlights**
**23.45 ESPN America**

## EXTRA

**19.25 The Doctors**
**20.10 Amazing Race** (1:12) Fjórtánda þáttaröðin af kapphlaupinu mikla þar sem keppendur þeysast yfir heiminn þveran og endilangan með það að markmiði að koma fyrstir í mark og fá að launum eina milljón dala.
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.55 Steindinn okkar** (5:8) Steindi Jr. er mættur aftur í nýrri og drepfyndinni seríu og fær fjölmarga þjóðþekkta Íslendinga til liðs við sig, jafnt þá sem þegar hafa getið sér gott orð í gríninu og hina sem þekktir eru fyrir eitthvað allt annað.
**22.25 NCIS** (13:24) Spennuþáttaröð sem er í röð þeirra allra vinsælustu í Bandaríkjunum og fjallar um sérsveit lögreglumanna sem starfar í Washington og rannsakar glæpi tengda hernum.
**23.10 Fringe** (12:22) Þriðja þáttaröðin um Oliviu Dunham, sérfræðing FBI í málum sem grunur leikur á að eigi sér yfirnáttúrulegar skýringar.
**23.55 Generation Kill** (2:7)
**01.05 Amazing Race** (1:12)
**01.50 The Doctors**
**02.30 Auddi og Sveppi**
**03.00 Fréttir Stöðvar 2**
**03.50 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## N4

**18.15 Föstudagsþátturinn** Með Hildu Jönu Gísladóttur.
**Dagskrá N4 – Sjónvarp Norðurlands er endurtekið allan sólarhringinn og um helgar.**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Jón Kristinn stýrir heimastjórninni.
**21.00 Kolgeitin** Þið og við elskum Bogomil.
**21.30 Eldhús meistaranna** Hvað á að kokka um helgina?
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |


# Fyrir Eurovision
## ...............eða bara fótboltann!
### Sjónvarpstilboð fyrir öll tækifæri í Sony Center




Sony BRAVIA 40" Edge LED sjónvarp
KDL-40EX710
• Full HD 1080p myndgæði
• Motionflow 100Hz tryggir skerpuna
• BRAVIA Internet Video
• Edge LED tækni
• BRAVIA Engine 3 myndvinnsla
• Xross media bar viðmót
• 2 scart, 4 HDMI, USB, LAN og VGA
• Mál: 95,2 x 58,1 x 7,4 cm

Verð áður: 249.990
Eurovisionverð: 199.990

Í Sony Center færðu 5 ára ábyrgð á sjónvarpstækjum án aukakostnaðar

Sony Center
Kringlunni • S: 588 7669 • www.sonycenter.is

## Í KVÖLD



**STÖÐ 2 KL. 19.50**

**American Idol**

Nú eru aðeins fimm keppendur eftir og spennan magnast í stjörnuleitinni. Ein mistök gætu reynst dýrkeypt og bundið enda á þátttökuna í keppninni.

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.03** Vítt og breitt **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Óskastundin **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.15** Sagnaslóð **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Hádegisútvarpið **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir og auglýsingar **13.00** Tilraunaglasið **14.00** Fréttir **14.03** Girni, grúsk og gloríur **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Náðarkraftur **15.25** Þær höfðu áhrif **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Fimm fjórðu **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Eyðieyjan **21.10** Hringsól **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.13** Litla flugan **23.00** Kvöldgestir **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

### BBC entertainment

**06.55** Deal or No Deal **07.40** Monarch of the Glen **08.30** Tess of the D'Urbervilles **09.25** Jonathan Creek **10.15** 'Allo 'Allo! **10.45** Fawlty Towers **11.15** 'Allo 'Allo! **11.50** 'Allo 'Allo! **12.15** Keeping Up Appearances **12.45** Fawlty Towers **13.15** 'Allo 'Allo! **13.50** 'Allo 'Allo! **14.20** The Weakest Link **15.10** The Weakest Link **15.55** Fawlty Towers **16.25** 'Allo 'Allo! **16.55** 'Allo 'Allo! **17.30** Moses Jones **18.20** Moses Jones **19.10** Moses Jones **20.00** Silent Witness **20.50** Silent Witness **21.40** Coupling **22.10** Silent Witness

### DR 1

**10.10** Jersild Live **10.35** Grøn glæde **11.00** Santiago de Compostela - en pilgrimsvandring **11.30** Ønskehaven **12.00** Vores Liv **12.30** Spise med Price **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Aftenshowet **14.00** Timmy-tid **14.10** Chiro **14.15** Den fortryllede karrusel **14.30** Peter Pedal **15.00** Landsbyhospitalet **15.50** DR Update - nyheder og vejr **16.00** Bonderøven **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Disney Sjov **18.00** Cirkusrevyen **19.00** TV Avisen **19.30** Sidste chance, Harvey **21.00** The Lost City

### NRK 1

**11.00** NRK nyheter **11.05** Folk **11.35** Urix **12.00** NRK nyheter **12.05** Schrödingers katt **12.35** Norge rundt **13.00** NRK nyheter **13.10** Par i hjerter **14.00** NRK nyheter **14.10** Oppdrag Sognefjorden **14.40** Urter: Solhatt **15.00** NRK nyheter **15.10** Fredag i hagen **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Førkveld **16.40** Distriktsnyheter **17.40** Norge rundt **18.05** Popstokk **18.55** Nytt på nytt **19.25** Mysteriet Norge **19.55** Friidrett **21.00** Kveldsnytt **21.15** Vera **22.45** Coldplay - store øyeblikk

### svt1

**08.30** Gomorron Sverige **09.15** Go'kväll **10.00** Debatt **10.45** Mitt i naturen Australien **11.15** Landgång Australien **12.10** Huset fullt av hundar **13.10** Gomorron Sverige **14.00** Rapport **14.05** Party animals **14.55** Himmelblå **15.40** Väsen **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Så ska det låta **19.00** Twilight **21.00** Inför Eurovision Song Contest 2010 **22.00** Enough - En kvinnas hämnd








**Helgarblað**
alla laugardaga

**Meðal annars efnis:**

**Niðurníddu húsin í bænum**
Fjöldi ónýtra og auðra húsa stendur í miðborg Reykjavíkur.

**Æfði glímubrögð á litlu systur**
Jón Viðar Arnþórsson er formaður bardagaíþróttafélagsins Mjölnis, sem nýtur vaxandi vinsælda.




**Allt sem þú þarft**

## FÖSTUDAGSLAGIÐ



*„Let's Get It Started með Black Eyed Peas. Því er blastað þegar það á að vera föstudags föstudags."*

Halldór Högurður fáráðgjafi.

# Opinber söngkona Mr. Gay World USA

„Ég vona að þetta vindi upp á sig. Þetta er besti bransinn til að byrja í því þetta eru *„trendsetterarnir"*," segir söngkonan Hera Björk Þórhallsdóttir.

Hera er sjóðandi heit í heimi samkynhneigðra í Bandaríkjunum um þessar mundir. Hún er opinber söngkona keppninnar Mr. Gay World USA og lag hennar, Je Ne Sais Quoi, er lag keppninnar. Undankeppnir hefjast víða um Bandaríkin í júní og Hera kemur fram á einhverjum þeirra. Þá kemur hún fram í lokakeppninni í janúar á næsta ári.

„Þetta er algjör lukkupottur fyrir mig," segir Hera hæstánægð. „Ég kann mjög vel við mig á þessum markaði og þetta er það besta sem gat komið út úr þessu öllu – og það á bara eftir að *versna*. Í góðum skilningi."

Og ertu að verða rík af þessu?

„Þetta er ennþá á byrjunarstigi að því leyti. Peningarnir eru ekki farnir að streyma inn."

Hera Björk hefur ástæðu til að brosa þessa dagana, en hún trúlofaðist nýlega ástinni sinni, rekstrarhagfræðingnum Halldóri Eiríkssyni, og játar að hún svífi um á bleiku skýi. „Það er bara gott að vera til í dag. Það er ekki yfir neinu að kvarta," segir hún.

Hera kemur fram á sérstöku styrktarballi íþróttafélagsins Styrmis á Barböru annað kvöld, en herlegheitin eru til styrktar heimsmeistaramóti samkynhneigðra í sundi sem haldið verður í maí 2012 í Reykjavík. „Þeir eru fremstir í flokki, vinna hvert mótið á fætur öðru og eru alveg með'etta," segir Hera, sem kemur einmitt fram á heimsmeistaramótinu í ár, en það fer fram á Havaí. Loks kemur Hera fram á djasstónleikum í Salnum í Kópavogi á föstudaginn í næstu viku. **- afb**



**GOÐSÖGN Í HEIMI SAMKYNHNEIGÐRA** Hera er elskuð og dáð af hommum og lesbíum í Bandaríkjunum og er orðin opinber listamaður keppninnar Mr. Gay World USA. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI





ÚTGÁFUTÓNLEIKAR
LÖGREGLUKÓRSINS

6.MAÍ 2011 KL.20:00
AUSTURBÆR – SNORRABRAUT 37

MIÐASALA:
WWW.MIDI.IS


HAUKUR SIGURJÓNSSON: HLUTVERKALEIKUR FYRIR BÖRN

# Tölvuleikur eftir íslenskri teiknimynd fær risastyrk

Tölvuleikur byggður á tölvuteiknimyndinni Hetjur Valhallar – Þór sem teiknimyndafyrirtækið CAOZ er nú að klára fer væntanlega á netið á næsta ári. Hann verður hlutverkaleikur, ætlaður börnum og verður aðalmarkaðssvæðið Norðurlöndin og Þýskaland. Tölvuleikurinn fékk nýverið styrk úr evrópska MEDIA-sjóðnum upp á 24 milljónir íslenskra króna, en það þykir mikill gæðastimpill að fá slíkan styrk úr áðurnefndum sjóði. Þegar hefur verið gerður símaleikur fyrir i-Phone síma um Þór þrumuguð en eins og gefur að skilja er þessi netleikur mun stærri í sniðum.

„Við byrjuðum að vinna við þetta síðasta sumar og höfum verið að láta þetta meitlast yfir veturinn," segir Haukur Sigurjónsson, framkvæmdastjóri Caoz Games, dótturfélags Caoz, en fyrirtækið mun sjá um þróun leiksins og hönnun í samstarfi við starfsmenn CAOZ. Það er kannski í takt við tæknina sem umlykur teiknimyndafyrirtækið að Haukur er búsettur í Svíþjóð, nánar tiltekið í Lundi, og stýrir starfseminni þaðan í gegnum Skype-símaforritið og tölvupóst.

Nýlega var greint frá því að heildarverðmæti af útflutningi tölvuleikja á Íslandi hefði sexfaldast á síðastliðnum fjórum árum en Haukur segir ekki hlaupið að því að fá styrki til tölvuleikjagerðar. „Við fengum fimm milljón króna styrk í október frá Norræna sjónvarps- og kvikmyndasjóðnum og hann hefur fleytt okkur ótrúlega langt. Þessi styrkur frá MEDIA er síðan mikill heiður því þar voru ansi margir um hituna." Engu að síður á enn eftir að taka mörg skref og Haukur kveðst ekki reiðubúinn til að áætla hvað gerð tölvuleikjarins eigi eftir að kosta þegar allt kemur til alls. „Ég get svarað því í ágúst, þá liggja fyrir niðurstöður úr alls kyns tilraunum og prófunum."

Tölvuleikurinn verður hlutverkaleikur og mun væntanlega gera börnum kleift að hanna sína eigin persónu. Að því leyti minnir hann á netleikinn Club Penguin sem notið hefur mikilla vinsælda hjá börnum um allan heim, meðal annars hér á Íslandi. „Við viljum hins vegar hafa söguþráð í okkar leik, að börnin geti fengið verkefni og klárað þau og fengið í kjölfarið hrós eða verðlaun frá Æsunum."

**freyrgigja@frettabladid.is**





**TEKUR SINN TÍMA**

Tölvuleikur byggður á teiknimyndinni Hetjur Valhallar – Þór fer væntanlega á netið á næsta ári. Tölvuleikurinn fékk nýverið styrk frá MEDIA-sjóðnum upp á 24 milljónir, sem þykir mikill heiður. **Haukur Sigurjónsson,** framkvæmdastjóri CAOZ Games, segir ekki hlaupið að því að fá styrki til að gera tölvuleiki og því komi þetta sér vel.






# Dóp og slagsmál í Quarashi-mynd

Ný heimildarmynd um rappsveitina Quarashi er í undirbúningi í leikstjórn Gauks Úlfarssonar, sem vann mikið með sveitinni á sínum tíma.

„Ég á ótrúlega mikið af myndefni. Ég gerði eina heimildarmynd um þá og ógrynni af tónlistarmyndböndum. Það eru líka til heilu tónleikarnir sem voru teknir upp í Japan og stórir tónleikar í Ameríku með mörgum myndavélum," segir Gaukur en efnið hefur aldrei áður litið dagsins ljós. Einnig er til myndefni af Quarashi í hljóðveri með bandaríska rappsveitinni Cypress Hill.

Gaukur gerði heimildarmyndina „Um landið á lyfjum" sem fjallaði um Quarashi og kom út árið 1999. Þá elti hann hljómsveitina út um allar trissur með myndatökuvélina.

Nýja heimildarmyndin er unnin í tilefni þess að Quarashi kemur saman á nýjan leik á Bestu útihátíðinni sem verður haldin í júlí. Popparinn Birgir Örn Steinarsson, kynningarfulltrúi Quarashi, er að skrifa handrit myndarinnar og vinna úr myndefninu ásamt liðsmanni sveitarinnar Sölva Blöndal. Æfingar Quarashi í sumar í tengslum við útihátíðina verða teknar upp fyrir myndina, sem og endurkomutónleikarnir sjálfir. „Allir liðsmenn Quarashi eru búnir að lofa að tala mjög opinskátt um tíma sinn í hljómsveitinni. Öll slagsmálin, öll rifrildin, allt dópið og allt saman fær að fljóta með," segir Birgir Örn. Stefnt er að útgáfu myndarinnar með haustinu. **-fb**



**NÝ HEIMILDARMYND** Heimildarmynd um rappsveitina Quarashi er í undirbúningi. Hún kemur út með haustinu. MYND/PÖK

HINN EINI SANNI

# RISA

## ÚTIVISTAR- SKÓ OG TÍSKU

# MARKAÐUR




**NÚ AÐ MIÐHRAUNI 2, GARÐABÆ**

*við hliðina á Dýraríkinu*

# LOKADAGAR

## AÐEINS 3 DAGAR EFTIR

**Opið alla daga milli kl. 12:00 og 18:00**

**Útsöluvörur frá**

STEINAR WAAGE
Kaupfélagið
skór.is
ecco
NIKE
PUMA
hummel
Reebok
BLEND
ORGINAL
SKECHERS

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VÍSIR

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Pósthúsið

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



GÖTUHREINSUN
BÍLASTÆÐAHREINSUN



551-6200 - park@park.is


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Ný plata á leiðinni

Söngvarinn **Helgi Björnsson** er á leiðinni í hljóðver um miðjan maí með hljómsveit sinni Reiðmönnum vindanna. Þar verður tekin upp þriðja plata þeirra og er hún væntanleg í búðir í júní. Síðustu tvær plötur Helga og félaga hafa selst eins og heitar lummur, samanlagt í yfir tuttugu þúsund eintökum. Síðasta plata þeirra, Þú komst í hlaðið, var sú langsöluhæsta í fyrra og hefur núna selst í hátt í tólf þúsund eintökum. Ljóst er að margir bíða spenntir eftir þriðju plötunni, sem hugsanlega verður sú síðasta úr herbúðum Helga og Reiðmannanna.



### Ómar samur við sig

Talsvert var rætt um það á fundi Stjórnlagaráðs í gær hvort orðin „Forseti Íslands" ættu að vera innan hornklofa í ákvæði um skipan dómara. Umræðan var nokkuð tafsöm og þurrleg, svo einhverjum þótti eflaust nóg um. Að minnsta kosti sá **Ómar Ragnarsson** ástæðu til að bregða aðeins á leik til að létta andrúmsloftið. Hann bað um orðið og fór með þetta vísukorn um ágreininginn:

*Þeir er sumir þrasa hér*
*þjóðhöfðingja vorn lofa,*
*hér inn og út á flakk samt fer*
*forsetinn í hornklofa.*

Ómari tókst ætlunarverkið, því stjórnlagaráðsmenn hlógu dátt að kveðskapnum.

**- fb, sh**



## Mest lesið VÍSIR

1. Eigandi leyfði húsleit - Við stálum ekki tíkinni!
2. Hvor þeirra var eiginlega skotinn?
3. Uppbygging í Garði: Nýtt íslenskt barnamauk
4. Dönsk herþyrla notuð til einkaleitar
5. RÚV óheimilt að sýna beint frá tónleikunum








Stillanlegt og þægilegt

Stillanlegir dagar í maí. 6 mánaða vaxtalausar* greiðslur í boði !



Með því einu að snerta takka getur þú stillt rúmið í hvaða stöðu sem er. Með öðrum takka færð þú nudd sem þú getur stillt eftir eigin þörfum og látið þreytuna eftir eril dagsins líða úr þér. Með stillanlegu rúmunum frá Tempur er allt gert til þess að hjálpa þér að ná hámarks slökun og þannig dýpri og betri svefni.

Vaknaðu upp endurnærð(ur) og tilbúin(n) í átök dagsins.



TEMPUR WARRANTY 15 YEARS LIMITED WARRANTY MATTRESSES

AÐEINS FRÁ TEMPUR® ÓSVIKIÐ TEMPUR® EFNI

CERTIFIED SPACE TECHNOLOGY
EINA DÝNAN OG KODDINN SEM VIÐURKENND ERU AF NASA OG VOTTUÐ AF GEIMFERÐASTOFNUNINNI

Eitt mesta úrval landsins af stillanlegum heilsurúmum!

* 3% lántökugjald er á vaxtalausum samningi.

Betra BAK
Leggur grunn að góðum degi

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavík • Sími 588 8477
Skeiði 1, Ísafirði • Sími 456 4566
Opið virka daga frá kl. 10-18
Laugardaga frá kl. 11-16